









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. janúar 2007 — 3. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## FIMMTUDAGUR

### Grænmetisæta í 25 ár



Ásta Björk Ríkharðsdóttir er ekki með hollustu á heilanum þótt hún hafi verið grænmetisæta í 25 ár.

MATUR 40

### Byssa Saddams og Bush

„Hin nýja ríkisstjórn Íraks hefði getað fylgt evrópskri fyrirmynd og bannað dauðarefsingar með lögum, en hún fór heldur að dæmi Bandaríkjanna," segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 26

### Framhaldsárið 2007

Framhaldsmyndir verða fyrirferðarmiklar í Hollywood í ár. Köngulóarmaðurinn hjúpast svörtu, Rocky Balboa stígur aftur í hringinn og Hannibal Lecter fær matarlystina.



BÍÓ 38

### Farnir til Danmerkur



Handboltalandsliðið hélt til Danmerkur á æfingamót. Úrslit leikja á mótinu skipta þjálfarann litlu máli.

ÍÞRÓTTIR 46

## VEÐRIÐ Í DAG




**VAXANDI VINDUR** Í dag verður vaxandi suðaustanátt, 13-18 m/s síðdegis sunnan og vestan til með rigningu. Hægari og lengst af bjart veður norðaustan til. Hiti 2-6 stig sunnan til og vestan, annars hiti um eða undir frostmarki.

VEÐUR 4




# Evruskráning hlutabréfa í undirbúningi

**Samráðsnefnd fjallar um skráningu hlutabréfa í evrum. Forstjóri Kauphallarinnar segir að valið um krónur eða evrur eigi að vera hjá fyrirtækjunum. Hann vonast til að hægt verði að bjóða upp á evruskráningu seinni hluta ársins.**

**VIÐSKIPTI** Kauphöllin vill að fyrirtæki landsins hafi val um hvort þau skrái hlutabréf sín í krónum eða evrum. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, vonast til þess að svo geti orðið strax á seinni hluta þessa árs.

Hluti fyrirtækja þrýstir mjög á um breytinguna og veltir jafnvel fyrir sér skráningu annars staðar gangi hún ekki eftir. „Við munum gera það sem við getum til að veita þessum fyrirtækjum þá þjónustu að þau geti einfaldlega valið um mynt hjá okkur," segir Þórður.

Enn hefur ekki komið fram formleg beiðni til Kauphallar um að fyrirtæki fái að breyta skráningu bréfa sinna, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stefna nokkur að því að gera það strax á fyrri hluta ársins. Þá hafa fyrirtæki átt í viðræðum við Kauphöllina um málið.

Þórður segir ljóst að áður en hægt verði að ráðast í þessar breytingar þurfi að taka ákveðnar ákvarðanir, auk þess sem fyrirtækin þurfi að huga að undirliggjandi forsendum ákvörðunar sinnar. „Með því að færa fyrirtæki yfir í erlenda mynt er auðveldað aðkoma erlendra fjárfesta að þeim og þeirra fjárfesta innanlands sem eru með mest af sínum viðskiptum í erlendum gjaldeyri. En auðvitað eru svo aðrir fyrst og fremst vinna út frá íslenskum krónum og þurfa þá að breyta þeim í erlenda mynt til að kaupa hlutabréf í þessum félögum. Fyrir þessa aðila felst í því náttúrulega ákveðinn viðbótarkostnaður," segir hann og telur fyrirtæki þurfa að skoða vel bæði kosti og galla málsins. „En við teljum í þágu markaðarins að fyrirtækin taki einfaldlega ákvörðun um þetta sjálf og þá að sjálfsögðu á grunni bestu upplýsinga og yfirsýnar."

Þórður segir að samráðsnefnd með fulltrúum Seðlabanka Íslands, Verðbréfaskráningar og Kauphallarinnar sé að fara yfir möguleikana í skráningu hlutabréfa, en sveiflur á gengi krónunnar geri það að augljósu hagsmunamáli fyrirtækja að velta fyrir sér tvíhliða skráningu erlendis, enda fæli sveiflurnar fjárfesta frá markaðnum.

sjá síðu 22 / - óká



**FRÁ BÍLDUDAL** Atvinnuleysi á Vestfjörðum er lítið nú um stundir.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Atvinnuleysi á Vestfjörðum:

## Tveir karlar án vinnu í gær

**ATVINNULEYSI Tveir karlmenn á Vestfjörðum voru skráðir án atvinnu í gær samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun. 22 konur eru atvinnulausar á svæðinu.**

**Á öllu landinu voru 2.154 án atvinnu í gær, 1.191 kona og 963 karlar.**

**Í sex af átta umdæmum Vinnumálastofnunar eru fleiri konur en karlar án atvinnu en á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra eru karlarnir fleiri.**

**Í nóvember síðastliðnum, sem er síðasti heili mánuður sem skýrslur ná til, mældist atvinnuleysi í landinu 1,1 prósent.** - bþs



**LOFTUR MÆTIR FÉLÖGUNUM Í GÆR** Samkomulag stjórnar FÍF við Flugstoðir var samþykkt á félagsfundi í gær. Það var síðan undirritað af stjórnum FÍF og Flugstoða um kvöldmatarleytið.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Deilu flugumferðarstjóra og Flugstoða lokið:

## Samkomulag undirritað í gær

**SAMGÖNGUR** Stjórnir Flugstoða ohf. og Félags íslenskra flugumferðarstjóra, FÍF, skrifuðu undir samkomulag um lífeyrisréttindi flugumferðarstjóra um kvöldmatarleytið í gær og er flugumferðardeilum þar með lokið. Flugumferðarstjórar skrifa væntanlega í dag undir endanlegan ráðningarsamning og halda síðan til vinnu hjá Flugstoðum. Flugumferð ætti að vera komin í eðlilegt horf í kvöld.

Einungis var samið um lífeyrisréttindi flugumferðarstjóra að þessu sinni, en kjarasamningar eru lausir árið 2008.

Samkomulagið nær einnig til þeirra flugumferðarstjóra sem höfðu áður ráðið sig til starfa hjá Flugstoðum, segir Loftur Jóhannsson, formaður FÍF. „Af því að við erum stéttarfélag var samkomulagið gert á félagslegum grundvelli." Loftur segist því líta á samninginn sem kjarasamning, þrátt fyrir að Þorgeir Pálsson, forstjóri Flugstoða, hafi þvertekið fyrir það. „Við lítum á þetta sem kjarasamning, en okkur er alveg sama hvað þetta er kallað," segir Loftur.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagðist ánægður með framgöngu Flugstoða í málinu og einnig þakklátur stjórn FÍF að hafa komist að samkomulagi. „Mér sýnist á norðurljósunum, sem eru falleg á þessu kvöldi, að þau taki vel á móti Flugstoðum. Þetta hefur allt saman gengið upp og mjög farsællega."

Ekki náðist í forsvarsmenn Flugstoða áður en blaðið fór í prentun í gærkvöldi. - kóþ

Engin meiriháttar meiðsl:

## Hálkuslys úti um allt land

**UMFERÐ** Talvert hefur verið um hálkuslys síðustu daga á landinu en hafa allir sloppið án meiriháttar meiðsla.

Bíll valt í hálku rétt norðan við Borgarnes í gær. Tveir voru í bílnum og kenndu þeir eymsla eftir veltuna.

Flutningabíll og jepplingur skullu saman neðan við Bakkaselsbrekku í Öxnadal vegna hálku að því er talið er. Þrír voru fluttir með minniháttar meiðsl á sjúkrahús. Þá valt bíll í hálku á Gemlufallsheiði milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar. Þrjú voru í bílnum og sluppu öll án meiðsla.

Bíll endaði ofan í skurði skammt frá Hvolsvelli eftir að hafa skautað út af veginum á þriðjudagskvöld. Ökumaður var einn í bílnum og sakaði ekki. - sdg



## SPURNING DAGSINS



*Páll, hvort fengu Kópavogsbúar rauð jól eða hvít?*

„Þeir fengu hvort tveggja.“

Starfsmenn Kópavogsbæjar fengu tvær léttvínsflöskur í jólagjöf frá bæjaryfirvöldum. Bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar sagði kurr í fólki vegna þess. Páll Magnússon er bæjarritari Kópavogsbæjar.

Útflutningsráð Íslands skipuleggur fræðsluferð til Kasakstans í júní:

# Leita tækifæra í Kasakstan

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn tæplega tíu íslenskra fyrirtækja hafa lýst áhuga á þátttöku í fyrirhugaðri fræðsluferð til Kasakstans. Útflutningsráð skipuleggur ferðina sem farin verður í júní.

Að sögn Guðjóns Svanssonar, forstöðumanns nýrra markaða hjá Útflutningsráði, er förin tilkomin vegna sýnds áhuga. Kannað var á síðasta ári hvaða ríki fulltrúar íslensks atvinnulífs vildu heimsækja í nafni ráðsins og varð Kasakstan ofarlega á blaði. Fyrirtækin sem um ræðir starfa á sviði ferðaþjónustu, orkuvinnslu, verkfræði og fjárfestinga.

Kasakstan hefur hlotið ómælda athygli á heimsvísu fyrir tilstuðlan æringjans Borat. Dró hann upp heldur vafasama mynd af landinu og íbúum þess í kvikmynd á síðasta ári og voru yfirvöld í fyrstu súr í bragði yfir meðferðinni. Hyggjast þau nú snúa við blaðinu og reyna að færa sér athyglina í nyt.



**BORAT HRESS OG JÁKVÆÐUR** Kasakstan komst í heimsfréttirnar fyrir tilstuðlan leikarans Sacha Baron Cohens sem bjó til persónuna Borat.

Guðjón Svansson efast ekki um að eftir alla athyglina felist tækifæri í stöðunni fyrir Kasaka. „Þarna er komið land á kortið sem enginn hafði heyrt um áður og nú hafa þeir öll spil á hendi og ætla að nýta sér þau.“

Kasakstan er stórt land, ríkt af náttúruauðlindum og eygja íslenskir athafnamenn möguleika á að ná fótfestu í ríkinu við upphaf fyrirsjáanlegs hagvaxtarskeiðs. **- bþs**

Heillaskeyti um áramótin:

## Fjölgun í SMS-skeytum í ár

**FJARSKIPTI Mikil aukning varð í SMS-heillaskeytasendingum viðskiptavina Vodafone í kringum áramótin nú miðað við sama tíma fyrir ári.**

**Skeytum þann 31. desember fjölgaði um tíu prósent núna miðað við sama tíma fyrir ári síðan. Þá nam aukningin 14 prósentum þann 1. janúar miðað við 1. janúar fyrir ári.**

**Veruleg aukning var einnig í SMS-skeytasendingum viðskiptavina á Þorláksmessu. Þá fóru 20 prósent fleiri skeyti um kerfi Vodafone miðað við á Þorláksmessu árið 2005.** **- sdg**

Aftökur í Írak:

## Búist við fleiri aftökum í dag

**BAGDAD, AP** Undirbúningur er hafinn að aftöku tveggja meðsakborninga Saddams Hussein í Írak. Þeir Barzan Ibrahim, sem er hálfbróðir Saddams og fyrrverandi yfirmaður leyniþjónustunnar, og Awad Hamed al-Bandar, fyrrverandi dómari, verða að öllum líkindum teknir af lífi í dag.

Þessu hélt íraskur embættismaður fram í gær, en vildi þó ekki láta nafns síns getið.

Upphaflega stóð til að taka Ibrahim og al-Bandar af lífi á laugardaginn var, sama dag og aftaka Saddams Hussein fór fram, en aftöku þeirra var frestað.

Þeir voru báðir, rétt eins og Saddam, dæmdir til dauða fyrir aðild þeirra að morðum á 148 sjíum í bænum Dujail árið 1982. **- gb / sjá síðu 16**

Framboð eldri borgara:

## Nýr flokkur fyrir lok janúar

**STJÓRNMÁL Framboð eldri borgara til alþingis verður stofnað fyrir mánaðarlok, að sögn Arndísar H. Björnsdóttur, talsmanns tólf manna undirbúningshóps, sem skipaður var af Félagi eldri borgara til að vinna að framboðinu.**

**Í gær barst fjölmiðlum tilkynning um að stofna skyldi til framboðs eldri borgara á fundi sama dag en Arndís bar það til baka fyrir utan fundinn og sagði að aðeins væri verið að ræða málin.**

**Arndís sagði eldri borgara hafa fullreynt að ná sínum sjónarmiðum fram innan þeirra flokka sem fyrir eru. „Og ég held að fólk líti ekki á það sem svik við sína flokka þó það kjósi framboð eldri borgara því að flokkarnir hafa svikið þetta fólk. Eitthvað verðum við að gera.“** **- sdg**

# Íslensk þorskafurð í snyrtivörur og lyf

**Samið hefur verið við erlend fyrirtæki sem vilja nota íslenskt pensím-ensím í snyrtivörur og hálstöflur. Stefnt er að því að stofna lyfjaþróunarfyrirtæki til að rannsaka eiginleika efnisins til lækninga, til dæmis áhrif þess á barnaexem.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Gerðir hafa verið samningar við fimm erlend fyrirtæki um dreifingu á vörum með pensím-ensími, sem unnið er úr þorski af íslenska fyrirtækinu Ensímtækni ehf. Reikna má með að vörur með pensími velti 3-4 milljörðum króna eftir fimm ár segir forsvarsmaður fyrirtækisins.

Samningarnir ganga út frá því að pensímið verði selt víða um heim undir vörumerkjum fyrirtækjanna sem samið hefur verið við. Þannig hefur sænskt fyrirtæki í hyggju að nýta efnið í hálstöflur, en hin fyrirtækin – tvö bandarísk, eitt japanskt og eitt grískt – ætla að framleiða snyrtivörur og náttúruvörur með pensími, segir Jón Bragi Bjarnason prófessor í lífefnafræði við Háskóla Íslands og stjórnarformaður Ensímtækni.

„Það er alltaf erfitt og jafnvel ómögulegt að festa hendur á verðmæti samninga, en við erum búnir að gera fimm samninga og við metum þá til um það bil 10 milljóna dollara ársveltu hvern eftir um það bil fimm ár, ef allt gengur vel,“ segir Jón Bragi.

Það jafngildir um 3,5 milljörðum króna á ári, en Jón Bragi segir að til að það megi vera verði markaðssetning samstarfsfyrirtækjanna fimm á þeirra vörum að ganga vel.

Vörur með pensími eru seldar hér á landi og í Suður-Kóreu undir nafninu PENZIM, og eru vörurnar notaðar sem nærandi og græðandi húðáburður og rakakrem.

Jón Bragi segir skýringuna á því hversu vel gengur að koma pensíminu á framfæri þá að efnið sé nytsamlegt til margra hluta sem lúti að heilsu og fegurð. Nú sé einnig á dagskrá að taka notkunina á pensími á næsta stig, og stofna lyfjaþróunarfyrirtæki til að rannsaka eiginleika efnisins til lækninga betur.



**UNNIÐ ÚR ÞORSKI** Jón Bragi Bjarnason vinnur að stofnun lyfjaþróunarfyrirtækis sem mun rannsaka virkni pensíms.

Stefnt er að því að stofna fyrirtæki um lyfjarannsóknirnar hér á landi á þessu ári, en Jón Bragi segir að rannsóknir á pensíminu muni fara fram í Bretlandi, þar sem vörur fyrir Evrópumarkað verði rannsakaðar, og Bandaríkjunum þar sem vörur fyrir Bandaríkjamarkað verði kannaðar.

„Þarna stefnum við á að þróa vörur fyrir annars vegar barnaexem og hins vegar vegna veirusýkinga,“ segir Jón Bragi. Hann segir að viðskiptaáætlunin sé til fimm ára. Fyrirtækið verði stofnað sem fyrst og fyrstu lyfin ætti því að geta litið dagsins ljós eftir fimm ár. **brjann@frettabladid.is**



**FORSETAFUNDUR** Abdullahi Yusuf, forseti Sómalíu, og Mwai Kibaki, forseti Kenía, í Mombasa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skæruliðar á flótta í Sómalíu:

## Keníaher lokar landamærunum

**SÓMALÍA, AP** Yfirvöld í Kenía sendu í gær liðsauka að landamærunum að Sómalíu til að hindra skæruliða herskárra múslima í að flýja yfir landamærin. Áður höfðu eþíópískir hermenn, sem hafa verið að reka flótta skæruliðanna í Sómalíu undanfarna daga, gert fyrir mistök árás með herþyrlum á keníska landamærastöð.

Eftir fund með sómölskum starfsbróður sínum í kenísku hafnarborginni Mombasa sagði Mwai Kibaki, forseti Kenía, að menn sem reyndu að steypa réttmætum stjórnvöldum grannríkja fengju ekki hæli í Kenía. **- aa**

Hlutafélagavæðing RÚV:

## Niðurstaða ESA ekki ljós enn

**STJÓRNMÁL** Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur málefni Ríkisútvarpsins enn til umfjöllunar en óvíst er hvort niðurstaða skoðunar ESA liggur fyrir áður en frumvarpið um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins verður lagt fram. Stefnt er að því leggja fram frumvarp á næstunni þar sem lagt er til að Ríkisútvarpinu verði breytt í opinbert hlutafélag.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**

Menntamálanefnd Alþingis fundar um málið í dag en formaður nefndarinnar, Sigurður Kári Kristjánsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir enn óljóst hvort niðurstaða ESA liggi fyrir áður en frumvarpið verður lagt fram á Alþingi. „Við höfum farið vandlega yfir málefni ESA, sem tengjast að stærstum hluta ríkisstyrkjareglum. Ég hef fengið þær upplýsingar frá starfsmönnum ráðuneytanna sem hafa átt í samskiptum við ESA að ákvæði frumvarpsins, eins og þau eru núna, girði fyrir allar hugsanlegar athugasemdir frá ESA vegna þessa frumvarps.“ **- mh**

Höfuðkúpubrotinn eftir fólskulega árás:

## Lögreglan leitar árásarmannanna

**LÍKAMSÁRÁS** Þriggja manna er leitað vegna mjög alvarlegrar líkamsárásar í miðbæ Reykjavíkur á nýársnótt. Eru þeir grunaðir um að hafa ráðist á tvo menn og liggur annar þeirra höfuðkúpubrotinn á sjúkrahúsi. Báðir misstu meðvitund við árásina en hinn hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi.

Árásin virðist hafa verið algjörlega tilefnislaus og segja vitni að árásarmennirnir hafi sparkað ítrekað í fórnarlömbin sem lágu hreyfingarlaus í götunni.

Myndir náðust af hinum grunuðu á vettvangi árásarinnar í eftirlitsmyndavélum við kínverska viðskiptasendiráðið í Garðastræti. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu biður þá sem bera kennsl á árásarmennina eða hafa einhverju vitneskju um þá á myndum að hafa samband í síma 444-1000. **- sdg**



**ÁRÁSARMENN Á FERÐ** Myndina er hægt að skoða á vef lögreglunnar, logregla.is.


BÍLL DAGSINS
NISSAN KING CAB
Nýskr. 11.05 - Beinskiptur - Ekinn 12 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Fiton/SÍA

# Útsala

## hefst í dag!



Nú eru verslanir Kringlunnar fullar af spennandi útsöluvörum. Komdu og gerðu frábær kaup á stærstu og fjölbreyttustu útsölu landsins.

**Opið til 21 í kvöld**

| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 - 18.30 | 10.00 - 21.00 | 10.00 - 19.00 | 10.00 - 18.00 | 13.00 - 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

## GENGIÐ 3.1.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,66 | 70,00 |
| Sterlingspund | 136,83 | 137,49 |
| Evra | 92,11 | 92,63 |
| Dönsk króna | 12,353 | 12,425 |
| Norsk króna | 11,201 | 11,267 |
| Sænsk króna | 10,226 | 10,286 |
| Japanskt jen | 0,5832 | 0,5866 |
| SDR | 104,84 | 105,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 125,9513

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landsþing Frjálslynda flokksins verður haldið síðustu helgina í janúar:

# Galið að velja nýja segir Magnús Þór

**STJÓRNMÁL** Landsþing Frjálslynda flokksins verður haldið á Hótel Loftleiðum í Reykjavík dagana 26. og 27. janúar. Allir flokksmenn hafa rétt til setu á þinginu en um eitt þúsund manns eru í flokknum.

Guðjón Arnar Kristjánsson formaður og Magnús Þór Hafsteinsson varaformaður sækjast báðir eftir endurkjöri í embætti sín en enn er óvíst hvort fleiri gefi kost á sér. Margrét Sverrisdóttir hefur ekki útilokað framboð og kveðst í samtali við Fréttablaðið enn vera að skoða málið. Hún segist í öllu falli ætla að berjast gegn þeim öflum sem hún óttast að geti leitt flokkinn af vegi sínum, líkt og hún hafi gert fram til þessa.

Magnús Þór Hafsteinsson vill vera áfram í forystunni „enda galið að velja nýja forystu núna", eins og hann orðar það sjálfur. „Okkur gengur mjög vel, það eru að koma kosningar og þá þurfa að vera vanir menn við stýrið."



**FARIÐ YFIR STÖÐUNA** Magnús Þór Hafsteinsson og Margrét Sverrisdóttir ræða málin á landsþinginu 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Drög að dagskrá gera ráð fyrir að á föstudeginum verði þingsetning, ræða formanns, skýrsla stjórnar og hugsanlegar lagabreytingar en á laugardeginum verður fjallað um áherslur í kosningabaráttunni, stjórnmálaályktanir og kosið í helstu embætti. **- bþs**

Elsta dagblað heims:

## Verður aðeins birt á netinu

**SVÍÞJÓÐ** Sænska lögbirtingarblaðið, sem heitir Post- og inrikes tidningar, stærir sig af því að vera elsta dagblað heims. Útgáfa blaðsins hófst árið 1645 og hefur það því komið út óslitið í 363 ár.

Núna um áramótin urðu þau tíðindi að blaðið verður framvegis eingöngu birt á netinu. Sænska þingið tók ákvörðun um það nú fyrir áramót.

Upphaflegt markmið blaðsins, sem fyrst kom út þegar þjóðhöfðingi Svía var Kristín drottning, var að birta sýn sænskra ráðamanna á utanríkismál og koma í veg fyrir útbreiðslu gróusagna. **- gb**




**XABI LARRALDI** Einn leiðtoga Batasuna talar við fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðskilnaðarsamtök Baska:

## Segja vopnahlé ekki vera rofið

**MADRÍD, AP** Stjórnmálavængur aðskilnaðarsamtaka Baska á Spáni segjast hvergi hafa komið nálægt sprengjuárás í Madríd á laugardaginn.

„Það eru engin greinileg merki þess að vopnahléð hafi verið rofið," sagði Pernando Barrena, leiðtogi Batasuna, sem er stjórnmálaflokkur aðskilnaðarsinna og í nánum tengslum við aðskilnaðarsamtökin ETA, sem höfðu árum saman barist fyrir aðskilnaði með hryðjuverkum áður en samið var um vopnahlé fyrir þremur árum.

Stjórnvöld á Spáni telja ETA hafa staðið að sprengingunni, sem varð tveimur mönnum að bana, og sögðu friðarviðræðum við ETA sjálfhætt í kjölfarið. **- gb**

BANDARÍKIN

### Skotárás í framhaldsskóla

Framhaldsskólanemi í Tacoma í Washingtonríki skaut skólabróður sinn í gærmorgun í Foss High School, rétt í þann mund sem skóli var að hefjast á ný eftir jólafrí. Pilturinn lést en enginn annar varð fyrir skoti. Árásarmaðurinn flúði af vettvangi en var handtekinn í nágrenninu tveimur stundum síðar.

# Borginni dæmd yfir 5.000 Kjarvalsverk

**Engin skrifleg sönnun er fyrir eign borgarinnar. Lögmaður Reykjavíkurborgar segir dóminn fullnaðarsigur. Afkomandi Kjarvals segir að dómnum verði áfrýjað, listamaðurinn hafi ekki verið andlega heill þegar verkin voru afhent.**

**DÓMSMÁL** Reykjavíkurborg er lögmætur eigandi rúmlega 5.000 listaverka, og annarra muna, frá Jóhannesi S. Kjarval listmálara, sem eru í vörslu borgarinnar. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóm þess efnis í gær. Dómnum þótti sýnt að listmálarinn hafi gefið Geir Hallgrímssyni, þáverandi borgarstjóra, verkin og munina í nóvember árið 1968.

Guðrún Kjarval, eftirlifandi eiginkona málarans, og Mette Stiil, dótturdóttir fyrri eiginkonu hans, stefndu Reykjavíkurborg fyrir hönd dánarbús Kjarvals í apríl árið 2005. Þær kröfðust þess að héraðsdómur viðurkenndi eignarrétt dánarbúsins á verkunum. Meginrök þeirra voru að ekki lægi fyrir skrifleg staðfesting á því að Kjarval hefði gefið borginni verkin.

Ágreiningurinn í málinu snerist um hvort orð þeirra manna, Guðmundar Alfreðssonar, Þorvaldar Þorsteinssonar, Alfreðs Guðmundssonar og Geirs Hallgrímssonar, sem sögðu að Kjarval hefði gefið Reykjavíkurborg verkin, væru nægilega góð sönnun fyrir því. Erfingjar Kjarvals telja að ekkert bendi til að málarinn hafi gefið borginni verkin, heldur hafi hann einungis látið hana fá þau til varðveislu. Héraðsdómur Reykjavíkur taldi hins vegar að vitnisburður mannanna nægði til að rökstyðja að málarinn hafi gefið Reykjavíkurborg þau og sýknaði borgina því af kröfum erfingjanna.




**INGIMUNDUR SVEINSSON KJARVAL OG KRISTINN BJARNASON LÖGMAÐUR** Héraðsdómi Reykjavíkur þótti sýnt að Jóhannes S. Kjarval listmálari hafi gefið Reykjavíkurborg rúmlega 5.000 listaverk árið 1968. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kristbjörg Stephensen, lögmaður Reykjavíkurborgar, segir að niðurstaðan hafi ekki komið sér á óvart. Lögmaðurinn telur hana fullnaðarsigur fyrir borgina því dómurinn hafi staðfest að Kjarval hafi gefið Reykjavíkurborg verkin.

Kristinn Bjarnason, lögmaður stefnenda, sagði að hann væri ósammála niðurstöðu dómsins. Hann segir að hann muni ráðleggja umbjóðendum sínum að áfrýja niðurstöðunni til Hæstaréttar því vafinn í henni sé mikill.

„Afi gaf verkin þegar hann var á níræðisaldri; hann var á tveimur geðlyfjum og var lagður inn á geðdeild Borgarspítalans þremur mánuðum síðar. Hver heldur því fram að maður í slíku ásigkomulagi geti gefið allar eigur sínar?" segir Ingimundur Kjarval Sveinsson, sonarsonur listmálarans. Ingimundur segir að málinu sé ekki lokið því erfingjarnir ætli að áfrýja niðurstöðunni til Hæstaréttar, og jafnvel til dómstóla í öðrum löndum ef þörf krefur.

**ingifreyr@frettabladid.is**

Forstjóri Baugs:

## Skaði vegna hvalveiða

**VIÐSKIPTI** Hvalveiðar skaða ekki aðeins íslenska ferðaþjónustu heldur líka íslensk fyrirtæki og hugsanlegan vöxt þeirra í framtíðinni.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

Þetta er meðal þess sem kemur fram í fréttatilkynningu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs Group. Hann segir að fyrirtæki erlendis sem eru í eigu Íslendinga hafi mörg hver átt í erfiðleikum vegna málsins því fjölmargir hópar hafa hótað því að hætta að versla við þessi fyrirtæki nema hvalveiðum Íslendinga verði hætt hið snarasta. Því hafi Baugur tekið ákvörðun um að lýsa andstöðu við hvalveiðarnar.

Einar Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, segist þegar hafa tjáð sig um hvalveiðarnar og hafi ekkert við það að bæta. **- kdk**

Innbrot á Suðurlandi:

## Verkfærum og útvarpi stolið

**LÖGREGLUMÁL** Tvö innbrot voru tilkynnt til lögreglunnar á Selfossi í gær. Í því fyrra hafði verið farið inn í sumarbústað í Grímsnesi og þaðan hafður á brott fjölda verkfæra en samkvæmt lögreglunni er bústaðurinn enn í byggingu og því töluvert magn tækja þar inni.

Einnig var brotist inn í geymsluskúr Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði en að sögn lögreglu voru engin verðmæti geymd þar inni heldur aðeins gamalt útvarpstæki sem tekið var traustataki af innbrotsþjófunum. **- kdk**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**RIGNING OG ROK Á LEIÐINNI** Þegar horfur dagsins eru skoðaðar er úrkomusvæði að ganga inn á suðvestanvert landið síðar í dag. Samfara þessu hvessir smám saman og verður víða strekkingur eða allhvasst þegar líður á daginn. Í nótt lægir svo og má búast við hæglætisveðri víða um land á morgun en síðan á laugardag snýr hann sér í norðanátt, fyrst á Vestfjörðum en svo víðar á Norðurlandi með snjókomu.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**
Vaxandi suðaustan átt, 8-13 m/s síðdegis með vætu. Hiti 2-5 stig.

um hádegi »



» á morgun



Hæg suðlæg átt. Vaxandi vindur allra syðst þegar líður á daginn.

» laugardagur

Allhvöss eða hvöss NA-átt á Vestfjörðum, annars hæg suðlæg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 11°C rigning | Alicante | 20°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 6°C alskýjað | París | 9°C skúrir | Mallorca | 16°C skýjað |
| Osló | 5°C skúrir | Frankfurt | 10°C rigning | Algarve | 18°C skýjað |
| Stokkhólmur | 7°C rigning | Friedrichshafen | 5°C skúrir | Krít | 12°C skúrir |
| Gautaborg | 8°C rigning | Berlín | 7°C skúrir | Las Palmas | 21°C skýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# ÚTSALAN ER HAFIN
# 15–70% AFSLÁTTUR
# OPIÐ TIL KL. 21




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

## KJÖRKASSINN



*Strengdir þú áramótaheit?*

| | |
|---|---|
| Já | 19,2% |
| Nei | 80,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Myndir þú gangast undir lyfjapróf hjá þínu fyrirtæki?*

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Ákvörðun um staðsetningu álvers við Helguvík tekin á allra næstu dögum:

# Ríkar kröfur um mengunarvarnir

**STÓRIÐJA** Ákvörðun um staðsetningu álvers við Helguvík verður tekin á allra næstu dögum, að sögn Árna Sigfússonar, bæjarstjóra Reykjanesbæjar.

Þrjár staðsetningar í grennd Helguvíkur koma til greina og segir Árni að þeirrar bestu sé leitað. Horft sé til umhverfisþátta, fjarlægðar frá byggð og að sjónmengun verði sem minnst. Þá hefur málið verið rætt við nágrannana í Garði.

Norðurál hefur í hyggju að reisa 150 þúsund tonna álver við Helguvík og var viljayfirlýsing þess efnis undirrituð síðasta sumar. Í framhaldsviðræðum hafa yfirvöld í Reykjanesbæ lagt ríka áherslu á að í verinu verði besti fáanlegi mengunarvarnarbúnaður og segir Árni Norðurálsmenn hafa tekið því vel. „Við vitum að það er til tækni sem gengur lengra heldur en sú sem nýtt hefur verið í álverum hingað til og við viljum að hún verði notuð,“ segir Árni.



**ÁRNI SIGFÚSSON BÆJARSTJÓRI REYKJANESBÆJAR** „Við vitum að það er til tækni sem gengur lengra heldur en sú sem nýtt hefur verið í álverum hingað til og við viljum að hún verði notuð.“

Þegar staðsetning liggur fyrir verður ráðist í kynningu framkvæmdanna, formlegt umhverfismat og tillögu að lagningu raflína. Bjartsýnustu menn vona að framkvæmdir geti hafist á haustdögum og að álbræðsla geti hafist 2010.

Rafmagn til álversins verður framleitt úr jarðvarma og segir Árni Suðurnesjamenn stolta yfir að sú leið sé farin enda kosti hún minni náttúruspjöll en vatnsaflsvirkjanir. **- bþs**

Menning á Akureyri:

# Samningur endurnýjaður

**MENNING** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, undirrituðu í gær samstarfssamning til þriggja ára, til að efla hlutverk Akureyrar í lista- og menningarlífinu. Ríkið leggur fram 360 milljónir króna á tímabilinu. Viðlíka samningar hafa verið milli Akureyrarbæjar og ríkisvalds síðan árið 1996.

Helstu verkefni verða að efla starf Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Listasafnsins á Akureyri, einnig að treysta starf atvinnuleikhúss og Amtsbókasafns og að kynna fornleifaverkefnið að Gásum. **- kóþ**



**SUU KYI ENN Í HALDI** Hún er ekki meðal pólitísku fanganna sem nú fá frelsi. NORDICPHOTOS/AFP

Í tilefni þjóðhátíðar Búrma:

# Nærri því 3.000 fangar náðaðir

**BÚRMA, AP** Herforingjastjórnin í Búrma (Myanmar) lét í gær nærri 3.000 fanga lausa í tilefni af þjóðhátíðardegi landsins, sem er í dag. Meðal fanganna voru að minnsta kosti 20 pólitískir fangar, að sögn talsmanna andófshreyfingar lýðræðissinna.

Dagblað stjórnarinnar, The New Light of Myanmar, greindi frá því að fangarnir yrðu látnir lausir fyrir þjóðhátíðardaginn, en í dag eru rétt 59 ár frá því landið hlaut sjálfstæði frá Bretaveldi eftir að hafa tilheyrt því í 120 ár. Herforingjarnir hafa setið óslitið að völdum síðan árið 1988. **- aa**

Bíræfinn þjófur:

# Gekk úr dómsal og stal peningaveski

**ÞJÓFNAÐUR Batnandi mönnum er best að lifa en ágætis líf virðist einnig í hinum eins og lögreglan á Selfossi komst að þegar hún sótti mann til Reykjavíkur þar sem hann þurfti að mæta fyrir Héraðsdóm Suðurlands vegna þjófnaðarmáls. Þegar búið var að taka málið fyrir gekk maðurinn rakleitt yfir götuna, inn í verslun beint á móti héraðsdómi og stal peningaveski frá starfsmanni. Maðurinn gerði síðan víðreist um bæinn og notaði kort úr veskinu fyrir dágóða upphæð.**

**Lögreglan hafði stuttu síðar hendur í hári mannsins sem færður var í fangageymslur.** **- sdg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Vantaði far

Par var handtekið í Keflavík í gær eftir að hafa tekið bíl á Stokkseyri traustataki. Lögreglan á Selfossi sagði manninn góðkunningja lögreglunnar sem líklega hefði vantað far til Keflavíkur.

## BANDARÍKIN

### Ford jarðsunginn

Gerald Ford, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, var í gær jarðaður á lóð Ford-bókasafnsins í Grand Rapids í Michigan þar sem hann ólst upp. Minningarathöfn var haldin í Washington fyrr í vikunni.


120 1886 2006

Frá og með 1. ágúst er Landsbankinn opinn alla virka daga en ekki einungis tvisvar í viku.

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár




**LÓÐIN UMDEILDA** Linda Bentsdóttir fékk úthlutað endalóð á Rjúpnahæð en nú hefur verið skipulögð ný lóð við hlið hennar að frumkvæði Þorsteins Vilhelmssonar. Upphaflega þótti ekki hentugt að hafa þar byggingarlóð þar sem svæðið er bratt og á því er erfið klöpp. Dýrt verður að gera lóðina byggingarhæfa. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Gefur milljónir og vill einbýlishúsalóð

**Eignarhaldsfélag Þorsteins Vilhelmssonar samþykkti að veita tæpar tvær milljónir króna í styrk til Lindaskóla nokkrum dögum áður en Þorsteinn óskaði eftir því við Gunnar I. Birgisson bæjarstjóra að fá sérúthlutun á lóð á Rjúpnahæð.**

**STJÓRNSÝSLA** Auðmaðurinn Þorsteinn Vilhelmsson styrkir þróunarverkefni í Lindaskóla í Kópavogi um tæpar tvær milljónir króna.

Samkomulag um verkefnið í Lindaskóla var undirritað nokkrum dögum áður en Þorsteinn óskaði eftir því á fundi með Gunnari Birgissyni bæjarstjóra að útbúin yrði fyrir hann sérstök lóð í Rjúpnahæð.

Samkvæmt samkomulaginu styrkir fyrirtæki Þorsteins, Ránarborg ehf., skólann um tæpar tvær milljónir króna á þremur árum. Sömu upphæð greiðir Norvik, eignarhaldsfélag Byko. Að sögn Gunnsteins Sigurðssonar, skólastjóra Lindaskóla, er gert ráð fyrir því að eitt fyrirtæki til viðbótar styrki verkefnið með samskonar fjárframlagi. Afganginn af tæplega átján milljóna króna áætluðum kostnaði skipti síðan bæjarsjóður og Lindaskóli sjálfur á milli sín. Ætlunin er að efla enskukennslu í yngstu bekkjunum og íþróttaiðkun.

Þorsteinn býr í Lindahverfinu og á son sem gengur í Lindaskóla.

Eins og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær óskaði Þorsteinn Vilhelmsson eftir því á fundi með Gunnari bæjarstjóra nokkrum dögum fyrir jól að sett yrði inn á skipulag í Rjúpnahæð ný lóð þar sem nú er gert ráð fyrir opnu svæði og að honum yrði úthlutuð lóðin. Nýja lóðin á að vera við hlið endalóðar við Austurkór sem Þorsteinn hafði sótt um en ekki fengið þegar dregið var á milli umsækjenda í nóvember.



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR** Bæjarráðsmaður Samfylkingar segir því „ekki verða tekið þegjandi“ ef Þorsteini Vilhelmssyni verði úthlutuð lóð án auglýsingar.



**GUNNSTEINN SIGURÐSSON** Tekur við styrkjum sem skólastjóri frá Þorsteini Vilhelmssyni og afgreiðir svo lóðaumsóknir frá honum sem bæjarráðsfulltrúi.

Bæjarráð hefur samþykkt að lóð verði stofnuð á þeim stað sem Þorsteinn benti á. Gunnsteinn skólastjóri, sem jafnframt er bæjarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir aðspurður enga ákvörðun hafa verið tekna um að Þorsteinn fái forgang að lóðinni eða um það hvernig henni verði úthlutað.

„Ætli það verði ekki með svipuðum hætti og venjulega er gert með því að auglýsa og úthluta svo. Hins vegar kom erindi frá honum þar sem hann bendir á þetta. En þegar það var samþykkt að skoða þetta þá var alveg skýrt að það er ekkert verið að gera það til að úthluta honum lóðinni sérstaklega,“ segir Gunnsteinn.

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar og fulltrúi í bæjarráði, segir eðlilegt að lóðin fari í hefðbundið kynningarferli eins og hver önnur skipulagsbreyting:

„En við komum aldrei til með að taka því þegjandi ef á að úthluta Þorsteini lóðinni án þess öllum sem hafa áhuga verði gefinn kostur á að sækja um. Verði þeir fleiri en einn sem teljast hæfir á að sjálfsögðu að draga úr þeim umsóknum.“

gar@frettabladid.is

# Verðhrun!

## á raftækjum og húsgögnum

### Fyrstur kemur fyrstur fær

## Allt að 33% afsláttur af raftækjum

### yfir 100 tegundir í boði

| | | | |
|---|---|---|---|
| Exido blandari króm+gler | 2,990 kr. | ~~3,990~~ kr. | 25% |
| United heimabíó | 9,990 kr. | ~~14,990~~ kr. | 33% |
| United 21" sjónvarp með DVD | 19,990 kr. | ~~24,990~~ kr. | 20% |
| DeLonghi expressó vél | 49,990 kr. | ~~59,990~~ kr. | 17% |
| JVC 42" plasmasjónvarp | 229,990 kr. | ~~299,990~~ kr. | 23% |

## Allt að 80% afsláttur af húsgögnum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Svefnsófi | 14.995 kr. | ~~29.990~~ kr. | 50% |
| Svefnsófi með púðum | 17.495 kr. | ~~34.990~~ kr. | 50% |
| Stóll með snúningi | 6.495 kr. | ~~12.990~~ kr. | 50% |
| Relax sófasett 3+1+1 | 144.950 kr. | ~~289.900~~ kr. | 50% |
| Relax sófi 3ja sæta | 84.950 kr. | ~~169.900~~ kr. | 50% |
| Relax sófi 2ja sæta | 82.450 kr. | ~~164.900~~ kr. | 50% |
| Relax stóll | 42.450 kr. | ~~84.900~~ kr. | 50% |
| Rúm 90x200 | 25.740 kr. | ~~42.900~~ kr. | 40% |
| Rúm 120x200 | 32.940 kr. | ~~54.900~~ kr. | 40% |
| Rúm 150x200 | 40.140 kr. | ~~66.900~~ kr. | 40% |
| Hornsófasett | 86.400 kr. | ~~144.000~~ kr. | 40% |
| kommóða | 13.600 kr. | ~~40.000~~ kr. | 66% |
| Meubar borðstofuborð | 19.996 kr. | ~~49.990~~ kr. | 60% |
| Sea borðstofuborð | 27.960 kr. | ~~69.990~~ kr. | 60% |
| Skinnklæddur skenkur | 21.998 kr. | ~~109.990~~ kr. | 80% |

**Raftæki fást í Kringlu, Smáralind og á Akureyri.**
**Húsgögn eru einungis fáanleg í Smáralind og á Akureyri.**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



ÚTSALAN
hefst í dag

allt að
50%
afsláttur

Malene Birger
Marithé Francois Girbaud
Bruuns Bazaar
Andy Warhol by Cultura
Tentazione
French Connection
Great Plains
Imperial
Now
Mavi Jeans
Arrogant Cat
Vent Couvert
Pink Soda

opið til kl. 21 í kvöld

Kultur
Kringlunni s. 512 1765


Þrjár af fimm lyftum í Hlíðarfjalli eru opnar:

# Góður snjór í Hlíðarfjalli

**SKÍÐAFÆRI** „Fjarkinn, Auður og Stromplyftan eru opnar svo þetta eru þrjár af fimm lyftum,“ segir Guðmundur Karl Jónsson forstöðumaður Hlíðarfjalls fyrir norðan.

Guðmundur segir góðan snjó í þeim leiðum sem séu opnar. „Það snjóar núna og á að vera frost um helgina svo við sjáum fram á góða aðstöðu strax eftir helgina. Þær skíðaleiðir sem eru opnar eru mjög góðar en við höfum framleitt snjó í þessar leiðir. Ef við hefðum ekki snjóframleiðsluvélarnar væri allt lokað,“ segir Guðmundur Karl.

Skíðaárið byrjaði mjög vel fyrir jólin að sögn Guðmundar. „Færið var mjög gott í nóvember og desember þangað til hlákan kom um miðjan jólamánuðinn. Reynsla síðustu ára hefur samt verið sú að það hefur ekki komið neinn snjór að ráði fyrr en í lok janúar og byrjun febrúar svo við vorum langt á undan þeim áætlunum. Það er opið hjá okkur og það sem gildir er að halda sér inni á skíðaleiðunum, þær eru troðnar og bjóða upp á gott skíða- og brettafæri.“ - iáh



**Í HLÍÐARFJALLI** Snjóframleiðsluvélar tryggja Akureyringum möguleika til skíðaiðkunar segir forstöðumaður Hlíðarfjalls.



**BJARGAÐ** Herlögreglumaður hjálpar einum skipbrotsmannanna á land í Surabaya á Jövu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Skipbrotsmönnum bjargað af borpalli

**Tólf skipbrotsmönnum var bjargað af borpalli undan strönd Jövu í Indónesíu í gær, fimm dögum eftir að ferja sem þeir voru farþegar á sökk. Indónesíustjórn óskaði í gær eftir erlendri aðstoð við leitina að farþegaþotu sem fórst á mánudag.**

**INDÓNESÍA, AP** Tólf skipbrotsmönnum – ellefu fullorðnum karlmönnum og einum sex ára dreng – var í gær bjargað af olíuborpalli undan strönd Jövu í Indónesíu. Þangað hafði mennina rekið um 200 km leið frá þeim stað þar sem ferja sökk með um 600 manns innanborðs síðastliðinn föstudag.

Óljóst var hvernig og hvenær skipbrotsmönnunum tókst að komast upp á borpallinn, sem er ómannaður. Eftir að liðsmenn indónesíska flotans skiluðu tólfmenningunum á land í Surabaya á Jövu í gær kom í ljós að meðal þeirra voru feðgar. Faðirinn, Suyatno að nafni, sagði son sinn sex ára hafa haldið sér fast í hann meðan þá rak á braki úr sokkinni ferjunni í fjóra sólarhringa uns þeir, með aðstoð annarra skipbrotsmanna sem hafði rekið sömu leið, komust upp á borpallinn.

Alls hafa 212 af farþegum ferjunnar verið bjargað á þeirri tæpu viku sem liðin er frá því að skipið fórst, flestum úr björgunarbátum og fljótandi braki. Um 400 manns er enn saknað, en þar sem sjórinn er hlýr á þessum slóðum þykir ekki útilokað að fleiri kunni að finnast á lífi, þótt líkurnar fari ótt þverrandi.

Enn fremur stóð áfram yfir leit að farþegaþotu sem týndist á mánudag á leið frá Jövu til Manado á Sulawesi, einnar af stærstu eyjum Indónesíu. Þar sem flakið hefur ekki fundist í skóglendu fjallahéraði þar sem fyrst var talið sennilegast að vélin hefði hrapað, hefur leitarsvæðið verið víkkað út yfir allstórt hafsvæði á Makkasarsundi. 96 farþegar og sex manna áhöfn voru um borð í þotunni en illviðri geisaði á flugleið hennar. Indónesíustjórn óskaði í gær eftir erlendri aðstoð við leitina.




audunn@frettabladid.is


ÚTSALA
allt að 50% afsláttur




Kultur menn
-Kringlunni s.512 1799

# Hvers vegna nýtt lögregluembætti?

**Um áramótin sameinuðust öll lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu í eitt embætti. Miklar breytingar verða á lögreglunni og þjónusta við borgarbúa eykst til muna.**

## Liðsauki í hverfið þitt

Endurskipulagningin miðar að því að nýta betur krafta lögreglunnar. Með breyttu skipulagi eykst fjöldi lögreglumanna sem sinna löggæslu á þínu svæði þannig að aðgengi að lögreglunni batnar og þjónusta við hverfið þitt eykst.

## Sýnilegri lögregla

Lögreglan á að vera sýnileg og þátttakandi í daglegu lífi borgara. Við sameininguna eflist hverfa- og grenndarlöggæsla, forvarnastarf verður áberandi og umferðareftirlit verður aukið á þeim stöðum þar sem slys eru tíð eða háskaakstur þekkist svo fátt eitt sé nefnt.

## Skilvirkari rannsóknir á sakamálum

Sérhæfing við rannsóknir stærri og flóknari sakamála verður aukin og verður m.a. stofnuð sérstök deild til að rannsaka kynferðisafbrot. Þannig komast forgangsmál fyrr í réttan farveg og málsmeðferðartími styttist í kjölfarið.

## Mun betri þjónusta við þig

Þjónustuver svarar fyrirspurnum bæði símleiðis og í gegnum tölvupóst. Áhersla er lögð á að þú getir fengið þær upplýsingar sem þú þarft fljótt og örugglega.

## Betri nýting á fjármunum

Með sameiningu lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu í eitt embætti nýtist það fjármagn sem varið er til löggæslu mun betur. Þeim fjármunum sem þannig sparast verður varið til að efla enn frekar og styrkja löggæslu á höfuðborgarsvæðinu.

## Meiri samskipti á vefnum

Á næstunni verður opnaður nýr og endurbættur vefur lögreglunnar þar sem meðal annars verður hægt að fræðast um hverfastarf, koma með uppástungur og skrá sig á póstlista.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu**



**TÍNIR GRJÓT** Þessi aldraði pílagrímur náði sér á mánudag í nokkra steina til þess að grýta í djöfulinn, sem er táknræn athöfn múslima í Mina í Sádi-Arabíu síðasta dag pílagrímsferðarinnar ár hvert. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Foreldrar greiða um átján þúsund krónum meira á ári fyrir átta stunda leikskólavist:

# Framlög til dagforeldra hækkuðu um þriðjung

**REYKJAVÍK** Leikskólagjöld í Reykjavík hækkuðu um 8,8 prósent um áramótin. Þetta þýðir að hjón með eitt barn greiða nú 20.450 krónur fyrir átta tíma vistun með fullu fæði en greiddu áður 18.810 krónur. Það er um 1.640 krónur á mánuði eða rúmar átján þúsund krónur á ári. Einstætt foreldri greiðir 12.210 krónur en greiddi áður 11.250 krónur. Leikskólinn er ókeypis fyrir systkini.

Framlag Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar með börnum hjá dagforeldrum hækkaði um 32 prósent um áramótin. Markmiðið með auknu framlagi er að lækka kostnað foreldra sem nýta sér þessa þjónustu og tryggja grundvöll hennar þannig að hún verði áfram til staðar í borginni.

Breytingarnar fela í sér að barn sem er í átta tíma vistun fær niðurgreiðslu um 31.880 krónur á mánuði. Niðurgreiðslan hækkar því hjá hjónum og foreldrum í sambúð um 10.280 krónur eða um ríflega 110.000 krónur á ári.

Barn einstæðs foreldris og foreldrum sem báðir stunda nám og eru í átta tíma vistun hjá dagforeldri fær niðurgreiðslu um 49.440 krónur á mánuði en fékk áður 33.520 krónur. Niðurgreiðslan hækkar því um 15.920 krónur eða um 175.000 krónur á ári. - ghs



**LEIKSKÓLAVISTUN - 8,8 PRÓSENTA HÆKKUN Á GJALDSKRÁNNI**

| | Var | Er | Systkini í fullu fæði |
|---|---|---|---|
| Gift foreldri með eitt barn | 18.810 | 20.450 | 6.370 krónur |
| Einstætt foreldri með eitt barn | 11.250 | 12.210 | 6.370 krónur |

Dæmi um barn eða börn í átta klukkustundir á leikskóla með fullu fæði. Systkinaafsláttur er 100 prósent en foreldrarnir greiða fæðið.



**WILSON MUUGA** Eigendur hafa frest fram í miðjan janúar til að skila inn áætlun um að fjarlægja skipið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja:

## Beðið eftir aðgerðaáætlun

**HVALSNESFJARA Umhverfisstofnun hefur gefið eigendum flutningaskipsins Wilson Muuga frest til 16. janúar til að leggja fram áætlun um aðgerðir vegna skipsins og má búast við að skipið verði rifið niður og fjarlægt. Vilji eigendur rífa það niður þurfa þeir að fá starfsleyfi fyrir því hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.**

**Ásmundur E. Þorkelsson, staðgengill framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, býst við að aðgerðir vegna Wilson Muuga verði heilmikil framkvæmd. „Við bíðum eftir áformum eiganda skipsins. Í framhaldinu þarf hann að sækja um leyfi til okkar og síðan fellur það væntanlega í okkar hlut að hafa eftirlit með því að skilyrðum verði fylgt.“** - ghs

# Tveir karlmenn eftirlýstir eftir að hafa flúið land

**Davíð Garðarsson og óþekktur erlendur karlmaður, sem báðir hafa verið dæmdir til fangelsisvistar hér á landi, eru eftirlýstir fyrir glæpi á alþjóðavettvangi. Þeir flúðu land eftir að dómar voru kveðnir upp.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn, Davíð Garðarsson og óþekktur erlendur karlmaður, eru eftirlýstir af lögreglu bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi. Þeir hafa verið eftirlýstir um nokkurt skeið en þeir flúðu land eftir að dómur var kveðinn upp í máli þeirra.

Davíð var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í Hæstarétti 1. desember 2005 fyrir að hafa nauðgað stúlku í heimahúsi í nóvember 2004. Hann flúði land skömmu síðar.



DAVÍÐ GARÐARSSON

Samkvæmt dómsorði ógnaði Davíð stúlkunni með dúkahníf áður en hann kom fram vilja sínum. Samkvæmt sérfræðingi á sviði kvensjúkdóma, sem skoðaði stúlkuna kvöldið sem nauðgunin átti sér stað, var hún illa á sig komin andlega en stókst þó að vera yfirveguð í frásögn og greinargóð. Sagði sérfræðingurinn stúlkuna augljóslega hafa verið óttaslegna og illa á sig komin.

Samkvæmt upplýsingum frá Smára Sigurðssyni, hjá embætti ríkislögreglustjóra, eru þessir tveir einstaklingar þeir einu sem eru eftirlýstir fyrir að hafa flúið land eftir að dómur var kveðinn upp yfir þeim.

Davíð á að baki langan sakaferil en samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nemur sjö árum. Hann hefur frá árinu 1985 hlotið 13 refsidóma og þar á meðal tveggja ára og tíu mánaða fangelsisdóm í Þýskalandi fyrir fíkniefnabrot. Þá hefur Davíð hlotið dóma fyrir umferðarlagabrot, nytjastuld, þjófnað, fjársvik og skjalafals.

Hinn maðurinn, sem lögregla vildi ekki gefa upp hvað heitir eða á hvaða aldri hann væri, var dæmdur fyrir fíkniefnabrot hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu liggja ekki fyrir upplýsingar eða vísbendingar um hvar hann gæti verið niður kominn.

Þeir sem telja sig geta gefið vísbendingar um hvar Davíð er niður kominn eru beðnir um hafa samband við lögreglu í síma 444-1000. magnush@frettabladid.is



**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN** Tveir menn eru eftirlýstir fyrir að hafa flúið land eftir að hafa hlotið dóma hér á landi. Embætti ríkislögreglustjóra sér um alþjóðasamskipti lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**SMURÐUR MATAROLÍU** Tveir litháískir fangar smurðu sig með matarolíu og ætluðu svo að smeygja sér út gegnum rimlana á klefaglugganum. Öðrum þeirra tókst það.

Litháí flúði úr norsku fangelsi um jólin:

## Smurði sig mataroliu og flúði

**NOREGUR** Fanga tókst að flýja gegnum klefagluggann á fangelsinu í Vadsø í Noregi, nakinn og smurður matarolíu, á aðfangadagskvöld. „Hljómar eins og í bíómynd eða hugsanlega úr teiknimyndablaði,“ segir í frétt á vefsíðu sænska blaðsins Aftonbladet.

Tveir Litháar á fimmtugsaldri sem sátu inni í norsku fangelsi höfðu ákveðið að sitja ekki innan múranna á jólunum. Þeim tókst að beygja rimlana í klefaglugganum, klæddu sig svo úr fötunum og smurðu á sig matarolíu til að auðvelda sér flóttann. Öðrum þeirra tókst ætlunarverkið og smeygði sér út um gluggann sem var á annarri hæð.

Þegar fangaverðirnir opnuðu dyrnar á klefanum snemma á jóladagsmorgun var bara annar Litháinn þar ásamt hálfri flösku af matarolíu. Litháinn hafði verið of feitur til að komast í gegnum rimlana.

Talið er að Litháinn sem slapp úr fangelsinu hafi fengið aðstoð að utan við flóttann. Einhver hafi beðið eftir honum fyrir neðan gluggann og hjálpað honum niður á jörðina.

Mönnunum hafði verið vísað frá Svíþjóð til Noregs í haust. Þeir eru grunaðir um að hafa verið á ránsferðalagi um Norður-Noreg. Flóttamaðurinn gengur enn laus. - ghs

Ítölsk stjórnvöld:

## Vilja bann við dauðarefsingu

**RÓM, AP Ítalir ætla að reyna enn eina ferðina, nú í kjölfar aftöku Saddams Hussein í Írak, að fá Sameinuðu þjóðirnar til þess að samþykkja alþjóðlegt bann við dauðarefsingum.**

**Ríkisstjórn Romanos Prodi ætlar að afla sér stuðnings frá Evrópuríkjum, sem hafa fordæmt aftöku Saddams.**

**Ítalir hafa áður reynt að fá Sameinuðu þjóðirnar til að samþykkja slíkt bann, en nánast allir stjórnmálaflokkar á Ítalíu fordæmdu aftöku Saddams nú um helgina.** - gb

Samgöngur á Akureyri:

## Frítt í strætó

**AKUREYRI** Frá og með áramótum er frítt að ferðast með strætó á Akureyri. Helgi Már Pálsson, deildarstjóri framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar, segir að þessi ákvörðun hafi verið tekin í von um að nýta strætisvagnana betur og minnka umferð einkabílanna. Hann segir að vögnunum verði fjölgað um einn en að það sé aðallega vegna þess að nýtt hverfi, Naustahverfið, hafi verið að byggjast upp og því sé þörf á nýrri akstursleið. Einnig sé nú frítt fyrir Hríseyinga að taka ferjuna til og frá Akureyri. Áætlaður kostnaður vegna þessa sé um 16-17 milljónir. - iáh

www.toyota.is

# Óskabyrjun Toyota

Við störtum nýju ári með sjaldgæfum sértilboðum




## Avensis
á sértilboði

## RAV4
á sértilboði

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 35398 01/07

### RAV4 og Avensis – gefa þér fljúgandi start

Við hjá Toyota erum í skýjunum yfir frábæru gengi á síðasta ári. Þess vegna störtum við nýju ári með sjaldgæfum sértilboðum á Avensis og RAV4. Gríptu tækifærið og fáðu sannkallaða óskabyrjun á árinu.

Komdu og reynsluaktu Avensis og RAV4 – þeir eru á tilboði sem þú sérð kannski aldrei aftur.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |



**NAMM, JÓLATRÉ!** Þessi ellefu mánaða fíll komst heldur betur í feitt þegar hann fékk að gæða sér á jólatrjám í dýragarðinum í Dresden í Þýskalandi. Þar er hefð fyrir því að gefa dýrunum jólatré eftir hátíðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÞAU STJÓRNA** Framkvæmdastjórarnir Eyjólfur Árni Rafnsson og Runólfur Maack. Á milli þeirra stendur Svava Bjarnadóttir, fjármála- og starfsmannastjóri.

Sameining verkfræðistofa:

## VGK-Hönnun tekin til starfa

**VIÐSKIPTI Verkfræðistofurnar VGK og Hönnun gengu í eina sæng um áramót og starfa eftirleiðis undir nafninu VGK-Hönnun.**

**Er fyrirtækið stærsta verkfræðistofa landsins með 240 starfsmenn. Samanlögð velta fyrirtækjanna á síðasta ári var 2,7 milljarðar króna.**

**Eyjólfur Árni Rafnsson er framkvæmdastjóri innlendra verkefna og Runólfur Maack verður framkvæmdastjóri erlendra verkefna.**

**Fyrirtækið er með starfsstöðvar á átta stöðum á landinu og eru höfuðstöðvarnar að Grensásvegi 1 í Reykjavík.** - bþs

Síbrotamaður dæmdur:

## Með hass á Litla-Hrauni

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður var á þriðjudag dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir fíkniefnabrot í Héraðsdómi Suðurlands. Maðurinn var að afplána dóm á Litla-Hrauni í ágúst síðastliðnum þegar fangaverðir fundu 3,44 grömm af hassi og 1,52 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni við leit í klefa mannsins. Hann játaði brot sitt skýlaust.

Maðurinn á víðtækan sakaferil að baki. Hann lauk síðast afplánun í september 2006 þegar hann sat af sér eftirstöðvar fyrri refsingar eftir að hafa rofið skilyrði reynslulausnar. - þsj

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

Landspítali - háskólasjúkrahús varð reyklaus vinnustaður um áramót:

# Reykingar starfsfólks bannaðar

**HEILBRIGÐISMÁL** Blátt bann er við reykingum starfsfólks Landspítala - háskólasjúkrahúss frá og með áramótum.

Um 5.000 manns vinna á Landspítalanum sem er fjölmennasti vinnustaður landsins.

Í takt við landslög sem kveða á um reykleysi í opinberum byggingum hefur spítalinn verið reyklaus undangengin ár en engu að síður var vitað til þess að einstaka starfsmenn reyktu í vinnutíma.

Að sögn Hólmfríðar Erlingsdóttur á skrifstofu starfsmannamála hófst átak í upphafi síðasta árs sem gekk undir nafninu „Göngum alla leið“ og miðaði að því að gera spítalann að algjörlega reyklausum vinnustað. Hefur starfsfólk fengið aðstoð við að láta af reykingum, bæði í formi ráðgjafar og eins með niðurgreiðslu nikótínlyfja.

Er það á ábyrgð yfirmanna að framfylgja reykleysi á vinnutíma auk þess sem minnt er á samábyrgð starfsmanna við að stuðla að reyklausum vinnustað.

Ætlast er til að reykbannið nái einnig til gesta sjúklinga en sjúklingum sjálfum er enn gert mögulegt að reykja. Starfshópur er að störfum sem fjallar um hvort og þá hvernig reykleysi geti jafnframt náð til sjúklinga. Er von á niðurstöðum á næstunni.



**LANDSPÍTALI** Starfsfólki er meinað að reykja í vinnunni frá og með áramótum.

Nú þegar er sjúklingum veitt aðstoð við að hætta reykja, hafi þeir á því áhuga. - bþs





**ÚR KRÖFUGÖNGU KENNARA** Gylfi segir að margt megi læra af kennaraverkfallinu 2004 um nauðsyn þess að traust ríki á milli samningsaðila. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skortir þjóðarsátt á opinberum markaði

**Opinberir starfsmenn eru tuttugu prósent vinnumarkaðar. Verkföll þeirra telja um 47 prósent af öllum verkfallsdögum síðan 1977. Ríkið og starfsmenn þess búa ekki yfir sömu reynslu í samningatækni og er á almennum markaði.**

**VINNUMARKAÐUR** Verkföllum á almennum vinnumarkaði hefur fækkað talsvert og þau varað í skemmri tíma síðan samningur tókst um þjóðarsátt árið 1990. Verkföll meðal opinberra starfsmanna hafa á móti orðið mun tíðari. Þetta kemur fram í grein eftir Gylfa Dalmann Aðalsteinsson, lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, sem birtist í tímaritinu Stjórnmál og stjórnsýsla.

Gylfi telur þörf á einhvers konar þjóðarsátt á opinberum vinnumarkaði, en í greininni er reifuð kjarabarátta á íslenskum vinnumarkaði og staldrað sérstaklega við hin skörpu skil sem urðu árið 1990: „Þá náðist ákveðin sátt milli aðila og hefur ríkt friður á almennum vinnumarkaði síðan, kjarasamningar hafa verið gerðir til lengri tíma í senn.“

Sama á ekki við hjá opinberum starfsmönnum, segir Gylfi, en þeir eru fimmtungur af íslensku vinnuafli og fara í nærri helming verkfalla, miðað við tapaða vinnudaga. „Mikil verkfallshneigð opinberra starfsmanna er ekki einsdæmi á Íslandi, heldur hluti af almennri þróun þar sem meðal annars má sjá breytt rekstrarform ríkisstofnanna,“ skýrir Gylfi. Einnig eru stéttir hjá ríkinu þar sem kvenfólk er í meirihluta og verkfall þeirra geti því verið liður í jafnréttisbaráttu kvenna. Síðast en ekki síst telur Gylfi að meiri sveigjanleika vanti á hinum opinbera vinnumarkaði, ríkisrekstur sé bundinn og þunglur í vöfum. Almenni markaðurinn hafi að auki meiri reynslu af samningagerð, en opinberir starfsmenn fengu verkfallsréttinn ekki fyrr en 1977. „Það mætti endurskoða vinnulag í tengslum við undirbúning og gerð kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði. Við gætum til dæmis lært mikið af kennaraverkfallinu 2004. Þar sást nauðsyn þess að traust ríki milli samningsaðila og að menn beiti ákveðinni samningatækni og forðist að koma deilunni í hnút,“ segir Gylfi.

klemens@frettabladid.is

> Mikil verkfallshneigð opinberra starfsmanna er ekki einsdæmi á Íslandi, heldur hluti af almennri þróun.



**GYLFI DALMANN AÐALSTEINSSON**
LEKTOR VIÐ VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD HÍ

Íbúafjölgun á Íslandi fyrstu ellefu mánuði ársins:

# Karlarnir fleiri en konurnar

**MANNFJÖLGUN** Íbúum á landinu fjölgaði um tæplega 7.400, eða 2,5 prósent, fyrstu ellefu mánuði síðasta árs, samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands. Körlunum fjölgaði mun meira en konunum, eða um rúmlega 5.100, en konunum fjölgaði um ríflega 2.200.

Íslendingum fjölgaði um rúmlega 2.700 eða um tæplega eitt prósent af íbúafjölda og skiptist fjölgunin jafnt milli kynja. Íbúum með erlent ríkisfang fjölgaði umtalsvert meira en Íslendingunum, eða um rúm 4.600. Það gerir um 1,54 prósent af íbúafjöldanum. Körlunum fjölgaði um 3.800 en konunum um tæplega 900.

Íbúar með erlent ríkisfang voru rúmlega 18.400 talsins og var rúmlega helmingurinn búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Tæplega fjögur þúsund þeirra sem eru með erlent ríkisfang bjuggu á Austfjörðum.

Af fólki með erlent ríkisfang fjölgaði Pólverjum mest eða um tæplega 2.700, Litháum fjölgaði næstmest og Portúgölum þarnæst. Tékkum, Slóvökum, Þjóðverjum, Lettum og Kínverjum fjölgaði einnig mikið. Fyrir utan höfuðborgarsvæðið fjölgaði útlendingum mest á Austurlandi.

Á vef Samtaka iðnaðarins segir að mikil fjölgun karla með erlent ríkisfang endurspegli þá miklu þenslu sem hafi verið í byggingaframkvæmdum á árinu. - ghs

Fólksfjöldaþróun í Japan:

## Fæðingum fjölgar á ný

**JAPAN, AP Fæðingum í Japan fjölgaði í fyrsta sinn í sex ár á árinu 2006, samkvæmt tölfræði frá stjórnvöldum sem var birt nú um áramótin. Fregnirnar eru taldar vonarglæta fyrir þjóð sem er sífellt að eldast.**

**Fólksfjöldi Japans dróst saman í fyrsta sinn árið 2005 síðan mælingar hófust, aðallega vegna lægri fæðingartíðni. Þetta hefur valdið skorti á vinnuafli og ónógu skattfé til að borga fyrir velferðarþjónustu eldri borgara. Til að sporna við þessu var í júní staðið fyrir bættum leikskólum, jafnrétti kynjanna eflt og fyrirtæki hvött til að styðja við fjölskyldufólk.** - sgj

Milljónir frá Sparisjóðnum:

## Styrkir til geðheilbrigðismála

**GEÐHEILBRIGÐISMÁL** Styrktarátak Sparisjóðsins skilaði tæplega 21,5 milljónum til átta félaga á geðheilbrigðissviði. Styrkirnir voru veittir á fimmtudag og fékk hvert félag að meðaltali rúmlega 2,5 milljónir króna.

Styrkirnir renna til verkefna á sviði uppbyggingar, fræðslu og þróunar í geðheilbrigðismálum.

Geðhjálp hlaut hæstan styrk, 4,8 milljónir króna, sem verður varið til eflingar og uppbyggingar félagsins á landsbyggðinni með stofnun sjö nýrra deilda.

Önnur félög sem hlutu styrki eru ADHD samtökin, Forma, Hugarafl, Klúbburinn Geysir, Ný leið, Rauði krossinn og Spegillinn. - ifv



**EINN FRAM** Franski innanríkisráðherrann Nicolas Sarkozy. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íhaldsmenn velja forsetaefni:

## Sarkozy mótframboðslaus

**FRAKKLAND, AP Meðlimir í flokki íhaldsmanna í Frakklandi, UMP, sem heldur nú um stjórnartaumana í landinu og Jacques Chirac forseti tilheyrir, hófu á þriðjudag að greiða atkvæði á netinu í prófkjöri fyrir forsetakosningarnar í vor.**

**Hinir 330.000 skráðu meðlimir flokksins hafa frest fram til loka næstu viku til að taka þátt í kjörinu, en þar sem Nicolas Sarkozy innanríkisráðherra er einn í framboði er niðurstaðan fyrirfram gefin. Ákveðið var að efna til prófkjörsins áður en ljóst varð að Sarkozy yrði mótframboðslaus.**

**Fastlega er búist við því að forsetakosningarnar 22. apríl og 6. maí verði einvígi milli þeirra Sarkozys og Segolene Royal, forsetaefnis sósíalista.** - aa

NORÐUR-KÓREA

### Utanríkisráðherra deyr

Paek Nam Sun, sem verið hafði utanríkisráðherra Norður-Kóreu frá því árið 1998, er fallinn frá, 78 ára að aldri. Fréttastofa kommúnistastjórnarinnar í Pyongyang tilkynnti þetta í gær. Ekki var nefnt hver tæki við.


SÉRFRÆÐINGAR
KAUPÞINGS VINNA
FYRIR ÞIG
„Það er ekki eins og ég sjái um
að stjórna þessu."
KAUPÞING
kaupthing.is




# Heitt með Heim

## Pönnuréttir dagsins!

Fljótlegir og hollir réttir í hádeginu eða á kvöldin, heitt með heim.

Ýmsir heilsu- kjöt- fiski- núðlu- eða pastaréttir ásamt meðlæti í pönnunum á hverjum degi.







LAXASNEIÐAR
ÚR FISKBORÐI
798 kr. kg




LAXAFLÖK
BEINHREINSUÐ
998 kr. kg




LAXAFIÐRILDI
ÚR FISKBORÐI
1.298 kr. kg









KELLOGS
SPECIAL K
349 kr. pk.

NÓATÚN

NÓATÚN
í 40 ár

# Ódýrt og gott!



29% afsláttur
MÓA KJÚKLINGA-BRINGUR
1.898 kr. kg.



Þú sparar 500 kr. kg
LAMBA-LÆRISNEIÐAR
1.498 kr. kg



Þú sparar 347 kr. kg
FISKIBOLLUR
598 kr. kg

# Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN

5 á dag

## Rautt reynist vel

Með því að auka hlutfall rauðra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Heilbrigðu hjarta*
- *Góðu minni*
- *Minni líkum á þvagrása- og þvagfærasýkingum*
- *Minni líkum á krabbameini*

5 á dag

## Gult gleður

Með því að auka hlutfall gulra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Heilbrigðu hjarta*
- *Sterku ónæmiskerfi*
- *Sjónheilsu*
- *Minni líkum á krabbameini*

5 á dag

## Hvítt heillar

Með því að auka hlutfall hvítra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Heilbrigðu hjarta*
- *Lágu kólesterólmagni*
- *Sterkum beinum og tönnum*
- *Minni líkum á krabbameini*

5 á dag

## Grænt er gaman

Með því að auka hlutfall grænna ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Minni líkum á krabbameini*
- *Sjónheilsu*
- *Sterkum beinum og tönnum*

5 á dag

## Blátt bætir

Með því að auka hlutfall blárra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Minni líkum á krabbameini*
- *Minni líkum á þvagrása- og þvagfærasýkingum*
- *Góðu minni*
- *Heilsusamlegri öldrun*

5 á dag

## Borðaðu 5 á dag

**Með því að borða 5 eða fleiri skammta af litríkum ávöxtum og grænmeti á dag stuðlar þú að heilsusamlegra lífi. Litríkir ávextir og grænmeti sjá þér fyrir fjölbreyttri flóru vítamína og bætiefna sem líkami þinn þarfnast til að viðhalda góðri heilsu og orku. Auk þess minnka þeir líkur á krabbameini og hjartasjúkdómum.**

## Veldu heilsulitina

**Rauður, gulur/ appelsínugulur, hvítur, grænn, blár/fjólublár. Láttu litina ráða ferðinni þegar þú gerir matarinnkaupin, skipuleggur máltíðirnir eða ferð út að borða og lifðu lífinu í lit.**

## Auðveldara en þú heldur

**Það er auðveldara en þú heldur að borða fimm ávexti eða grænmeti á dag í öllum litum. Einn skammtur er til dæmis meðalstór ávöxtur, 100 g af grænmeti eða 1 glas af hreinum ávaxtasafa.**



RAUÐ PAPRIKA
269 kr. kg.

BABY GULRÆTUR
269 kr. pk.

BLÓMKÁL
299 kr. kg.

NÁTTÚRU SPÍNAT
269 kr. pk.

NÓATÚNS GULLAUGA
129 kr. kg.

= 5 á dag

*Verði ykkur að góðu!*

## Svona erum við

> Útlán almenningsbókasafna að meðaltali á íbúa




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SKATTABREYTINGAR

# *Skattleysismörk hækka um 14 prósent*

**Hvaða breytingar urðu á hlutfalli tekjuskatts nú um áramótin?**
Tekjuskattur lækkaði um eitt prósentustig frá og með 1. janúar síðastliðnum, úr 36,72 prósent í 35,72 prósent. Tekjuskatturinn skiptist í skatt til ríkisins, 22,75 prósent, og útsvar til sveitarfélaga, sem er reiknað sem 12,97 prósent. Flest sveitarfélög landsins munu innheimta hámarksútsvar á árinu, 13,03 prósent, og því er skatthlutfall hjá flestum landsmönnum 35,78 prósent.

**Hvaða aðrar breytingar urðu á skattakerfinu?**
Um áramótin hækkaði líka persónuafsláttur landsmanna, sem var 29.029 krónur á mánuði, 348.348 krónur á ári, en varð um áramót 32.150 krónur á mánuði, eða 385.800 krónur á ári. Að auki verða barnabætur hér eftir greiddar með börnum að 18 ára aldri í stað 16 ára áður, fjárhæð sjómannaafsláttar hækkar um 6 prósent, og viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta hækka um 6 prósent.



**Hverju breytir þetta fyrir almenning og ríkið og hvers vegna var ákveðið að gera þetta?**
Með lækkun á tekjuskatti og hærri persónuafslætti hækka skattleysismörk einstaklinga úr 79 þúsund krónum í 90 þúsund krónur á mánuði, eða um 14 prósent. Áætlað hefur verið að ákvörðun um þessar breytingar á skattakerfinu leiði til þess að tekjur ríkissjóðs verði 800 milljónum króna lægri en þær hefðu annars orðið, auk þess sem greiðslur barnabóta munu aukast um 500 til 600 milljónir króna. Þessar breytingar eru í samræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá því í júní á síðasta ári, þó tekjuskattur lækki minna en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Breytingarnar eru þar með hluti af aðgerðum sem ætlað er að stuðla að stöðugleika á vinnumarkaði.

## SPURT & SVARAÐ

**LÖGREGLUEMBÆTTI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, hóf störf í nýju embætti um áramótin. Hann vill efla sýnilega löggæslu og eiga yfirmenn lögreglunnar nú að taka þátt í reglubundnu göngueftirliti.

**Hvað liggur á?**
Ég held að það sé engin ástæða til að tafsa við eitt né neitt heldur að vinna af öryggi að því að gera lögregluna sýnilegri, efla grenndargæslu og gera rannsóknir betri og skilvirkari. Það eru mjög miklar breytingar að verða á skipulaginu og með þessu skapast fullt af möguleikum til að gera betur og þau ætlum við svo sannarlega að nýta okkur.



**STEFÁN EIRÍKSSON** Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

**Hvernig líður þér í lögreglubúningnum?**
Mjög vel, þetta er virðulegur og góður búningur, ég kann þó betur við hvítu húfuna en svörtu derhúfuna. Maður verður stærri og virðulegri með þá hvítu og sumum veitir ekki af því. Nú er verið að vinna að breytingum á búningnum en ég get ekki alveg sagt til um hvenær við fáum að sjá afraksturinn af því starfi.

120 1886 2006

Loftvarnaræfing í kvöld.
Minnum á loftvarnarbyrgið í kjallara okkar í Landsbankahúsinu Austurstræti.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

# Sárin ýfð á báða bóga

**Aftaka Saddams Hussein og myndirnar af henni hafa ýtt undir ólguna í Írak, sem þó var nógu mikil fyrir. Einn þeirra sem höfðu umsjón með aftöku Saddams Hussein á laugardaginn hefur nú verið handtekinn.**



**MÓTMÆLI Í TIKRIT** Íbúar í heimabæ Saddams Hussein veifa bæði þjóðfána landsins og myndum af Saddam. Myndin var tekin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Myndir af aftöku Saddams Hussein hafa valdið miklum usla meðal Íraka og víðar um heim. Írösk stjórnvöld, sem létu taka Saddam af lífi, viðurkenna að birting myndskeiðs, sem tekið var með leynd, hafi komið þeim illa.

Munkith al-Farron, saksóknari í málinu gegn Saddam, upplýsti á þriðjudaginn að hann hefði séð tvo embættismenn munda farsímamyndavélar meðan aftakan fór fram, en neitaði því í gær að hinn seki væri Mowaffak al-Rubaie, þjóðaröryggisráðgjafi Nouris al-Malikis forsætisráðherra.

Fjórtán íraskir embættismenn voru viðstaddir aftökuna, auk þriggja böðla. Einnig var hópur Bandaríkjamanna viðstaddur. Einn af Írökunum sem höfðu umsjón með aftökunni var handtekinn í gær og er hann talinn hafa tekið upp myndskeiðið umdeilda.

**Dylgjur um al-Sadr**
Á opinbera myndbandinu af hengingunni, sem sent var fjölmiðlum, er ekki að sjá annað en að Saddam sé sýnd full virðing en á myndskeiðinu úr farsímanum kom í ljós allt önnur atburðarás þar sem móðganir ganga á víxl og gerð eru hróp að Saddam.

Meðal annars sést að á dauðastundinni kunni Saddam greinilega enn að við kaunin á andstæðingum sínum. Þegar snaran hafði verið hert að hálsi hans og einhver viðstaddra hrópaði „Muqtada! Muqtada! Muqtada!“ þá brosti Saddam og sagði eitthvað hæðnislegt um klerkinn Muqtada al-Sadra, sem er einn af áhrifamestu leiðtogum herskárra sjía í Írak.

Þá reiddust sumir viðstaddra einhver ósköp og einn þeirra sagði: „Þú ferð til helvítis!“ En Saddam spurði á móti: „Er þetta nú karlmennskan ykkar?“ Ekki minnkaði reiðin við það og annar maður hrópaði: „Þú ferð til helvítis!“

Sagnfræðingurinn Juan Cole, sem hefur mikið fjallað um Írak og Mið-Austurlönd, telur Saddam vera þarna að vísa í sögusagnir um að Muqtada al Sadr sé samkynhneigður. Þetta skýri hina heiftarlegu reiði böðlanna rétt áður en Saddam var hengdur.

**Sjíar og súnníar**
Muqtada al-Sadr ræður yfir öflugu einkaherliði og er einn af veigamestu stuðningsmönnum ríkisstjórnar Íraks, sem eftir innrás Bandaríkjanna komst að mestu í hendur sjía-múslima. Meðan Saddam, sem var súnní-múslimi, hafði völdin máttu sjíar sitja utangarðs og þola hremmingar meðan súnníar voru í náðinni.

Muqtada al-Sadr er talinn beinn afkomandi Múhameðs spámanns, sem tryggir honum sérstakan virðingarsess í hugum sjía. Faðir hans var sjíaklerkur að nafni Mohammad Mohammad Sadec al-Sadr og var drepinn af liðsmönnum Saddams árið 1999.

Þeir Írakar, sem sáust fagna aftöku Saddams í fyrstu sjónvarpsfréttunum af henni, eru undantekningarlítið sjíar. Öðru máli gegnir um súnní-múslima, enda hefur staða þeirra hríðversnað frá því að Saddam var steypt af stóli.

Sjíar og súnníar hafa barist innbyrðis allt frá því að innrás Bandaríkjamanna hófst, en átök þeirra versnuðu um allan helming í febrúar síðastliðnum eftir að ein helgasta bygging sjía, gullna moskan í Samarra, var lögð í rúst. Almennt er óttast að aftaka Saddams verði olía á þann eld.

Jafnvel þeir súnníar, sem syrgja ekki Saddam, eru ævareiðir vegna aftökunnar. Þeim svíður ekki síst tímasetningin, sem var við upphaf fórnarhátíðar múslima, auk þess sem myndskeiðið úr farsímanum bætir gráu ofan á svart.



**ÚR SÍMAUPPTÖKUNNI** Myndskeiðið úr farsímanum af aftökunni hefur valdið miklum usla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Leyndarmál í gröfina**
Bandaríski blaðamaðurinn Salomon Moore bendir síðan á það, í grein sem birtist í Los Angeles Times á þriðjudag, að margir Írakar, jafnvel þeir sem fagna því að Saddam hafi verið tekinn af lífi, harmi það engu að síður að með aftökunni hafi glatast mikilvægar upplýsingar um glæpi Saddamsstjórnarinnar.

Moore bendir á að Saddam látnum verði erfitt að fá svör við ýmsum spurningum, sem lengi munu brenna á mönnum, svo sem hvað varð um milljarða af dollurum sem Saddam millifærði yfir á erlenda bankareikninga áður en honum var steypt af stóli árið 2003. Enn hafa ekki heldur fundist fjöldagrafir þúsunda manna sem urðu stjórn Saddams að bráð og ljóst er að erfiðara verður að grafast fyrir um afdrif fjölmargra fórnarlamba Saddams, nú þegar hann er látinn.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

GILDI
lífeyrissjóður

*Vel mótuð fjárfestingarstefna*
*Framúrskarandi ávöxtun*

# Gildi valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi tvö ár í röð

Gildi-lífeyrissjóður var valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi árið 2006 af tímaritinu Investment & Pensions Europe (IPE). Sjóðurinn hlaut einnig þessi verðlaun fyrir árið 2005.

Verðlaun þessi hafa verið veitt undanfarin 6 ár í Evrópu, en Ísland hefur verið með sl. 2 ár. Blaðið verðlaunar lífeyrissjóði sem þykja skara framúr í sínu heimalandi og í Evrópu.

Í umsögn IPE kemur m.a. fram að verðlaunin séu veitt fyrir framúrskarandi ávöxtun sem byggir á vel mótaðri fjárfestingarstefnu og réttu vali á eignaflokkum þar sem áhætta er vel skilgreind.

*Gildi-lífeyrissjóður* er með 22.000 virka sjóðfélaga og samtals eiga rúmlega 160.000 einstaklingar réttindi í sjóðnum.

*Gildi-lífeyrissjóður* er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins. Eignir sjóðsins nema rúmlega 200 milljörðum króna.

*Gildi-lífeyrissjóður* hækkaði áunnin réttindi sjóðfélaga um 10,5 milljarða króna á síðasta ári.



COUNTRY AWARD
ICELAND

## Right asset mix ensures continued outperformance

GILDI

*Úrklippa úr tímaritinu*
*Investment & Pensions Europe (IPE)*



GILDI

Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

# STÆRSTA ÚTSALAN TIL ÞESSA HEFST Í DAG KL.10!

# RISA ÚTSA



40% afsláttur

**KENT** fataskápur, fæst í beyki og kirsuber
B225 x H223 x D55/60 cm.

32.980
verð áður: ~~54.980~~

AMERÍSKAR HÁGÆÐA LÚXUSDÝNUR



40% afsláttur

77.988
verð áður: ~~129.980~~

**NEPTUNE ET QEEN** vönduð dýna frá Serta.
Stærð: 152 x 203 cm.



60% afsláttur

**REGATA** svefnsófi. Stærð: 90 x 190 cm,
útdreginn120 x 190 cm.

15.992
verð áður: ~~39.980~~

**OPIÐ ALLA DAGA** Fimmtudag og föstudag 10-19 • Laugardag 10-18 • Sunnudag 12-18

# HÚSGAGNAHÖLLIN



# ALA

allt að **80%** afsláttur

**SAXTON**
**LEÐUR SÓFAR**



**50%** afsláttur

**SAXTON** 3 sæta sófi B 235 cm. 2 sæta sófi B 174 cm.
Leður , litur: Sand

**2 SÆTA** **59.990** verð áður: ~~119.980~~

**3 SÆTA** **79.990** verð áður: ~~159.980~~

## Útgjöldin

> Árskostnaður vegna afnotagjalda sjónvarps




# neytendur
*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: MARGRÉT SVERRISDÓTTIR VARABORGARFULLTRÚI

## *Skelfingu lostin að kafa*

„Ég er sannfærð um að bestu kaup ævi minnar voru þegar fjölskylda mín og ég ákváðum í snatri að kaupa hoppferð til Tyrklands. Ég held að fyrirvarinn hafi í mesta lagi verið tveir dagar. Við ákváðum samt að láta slag standa og því sé ég svo sannarlega ekki eftir,“ segir Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins, þegar bestu kaup ævi hennar ber á góma.



Vestu kaup ævi minnar gerði ég samt sem áður í þessari sömu ferð. Ég hafði alltaf látið mig dreyma um að fara í köfun. Sá mig í hugskotssjónum þar sem ég synti meðal fiska í bláum sæ með hárið flaksandi. Raunin varð aftur á móti allt önnur,“ segir Margrét.

„Okkur var nánast ekkert sýnt hvernig við áttum að bera okkur að við köfunina. Skyndilega var börnunum mínum rykkt ofan í vatnið og ég á aldrei eftir að gleyma hryllingnum sem gagntók mig þegar ég sá þau um það bil fimm metrum fyrir neðan vatnsyfirborðið. Mér leið strax afar illa og fékk mikla innilokunarkennd þegar ég kom í vatnið og það má segja að það hafi bara verið móðurástin sem hélt mér þarna ofan í allan tímann. Börnin mín skemmtu sér konunglega en ég var samt skelfingu lostin og vona að ég eigi aldrei eftir að upplifa annað eins aftur. Þetta varð líka til þess að ég ákvað að láta draum minn um að vera dregin á eftir bát í svona hálfgerðum loftbelg ekki rætast.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### KARTÖFLUMJÖL Í RÚMIÐ

■ *Ellý Ármannsdóttir, þula og ritstjóri spamadur.is, lumar á húsráðum sem ættu að henta öllum.*



„Ég þekki ekki ýkja mörg húsráð en þau sem ég kann virka vel fyrir konu eins og mig. Lúx spænir virkar vel á parket sem lætur á sjá. Það þarf bara að nota það tvisvar til þrisvar til að fá fallegan glans. Svo kann ég ágætis ráð fyrir foreldra sem fjárfestu í nýju rúmi fyrir barnið núna um jólin og barnið vætir það. Þá er gott að strá kartöflumjöli á blettinn og láta þorna. Kartöflumjölið drekkur svo þvagið í sig. Þegar bletturinn er alveg orðinn þurr þá er mjölið ryksugað upp og enginn blettur verður eftir í dýnunni.

■ **Antíkbúðin í Hafnarfirði**

## Fyllir allt upp í rjáfur

Antikbúðin í Hafnarfirði hefur flutt sig um set í bænum. Ný húsakynni verslunarinnar eru nú að Strandgötu 24. Eigendurnir segja að allt húsnæðið verði nýtt undir verslunina og því fá antíkmunirnir rúmlega 300 fermetra svæði. Því segja eigendurnir þó ekki veita af þar sem þeir séu þekktir fyrir að fylla allt upp í rjáfur af munum sem þeim þykja fýsilegir.



■ **Neytendasamtökin**

## Hvetja fólk til að halda heimilisbókhald

Neytendasamtökin hvetja neytendur til færa heimilisbókhald til að tryggja að verðlækkanir gangi eftir. Virðisaukaskattur á matvælum lækkar um 7 prósent í byrjun mars auk þess sem vörugjald verður fellt niður á öllum vörum öðrum en þeim sem innihalda sykur. Neytendasamtökin telja brýnt að fólk fylgist grannt með verðlagi til að verðlækkanirnar skili sér. Til þess að auðvelda neytendum aðhald með seljendum hafa samtökin útbúið sérstakt eyðublað sem hægt er að nálgast á heimasíðu samtakanna, ns.is. Verði fólk vart við hækkanir er það hvatt til að hafa samband við Neytendasamtökin.



■ **Flugeldaframleiðsla**

## Gæludýr mikilvægari en Kínverjar

Öryggi gæludýra þykir neytendum mikilvægari þáttur þegar kemur að notkun flugelda heldur en öryggi kínversks verksmiðjufólks sem sér um framleiðslu þeirra. Þetta kemur fram í danskri könnun sem gerð var í fyrra og getið er á vefsíðu Neytendasamtakanna. Í könnuninni var fólk spurt hvaða neikvæðu þætti það tengdi helst flugeldum og notkun þeirra. Þeir þættir sem oftast voru nefndir voru öryggi þeirra sem sprengja flugeldana og þeirra sem horfa á, í öðru sæti af því sem var nefnt var svo eldhættan sem stafar af flugeldum, því næst öryggi gæludýra en slæm vinnuskilyrði verkafólks í skoteldaverksmiðjum og sú mengun sem verður af völdum flugeldanna bar sjaldnast á góma fólks.






# Talhólfsskilaboð í síma erlendis fokdýr

**Farsímanotandi í útlöndum sem fær símtal í talhólf borgar sjálfur fyrir símtalið. „Við þurfum að eiga við erlend símafyrirtæki,“ segir upplýsingafulltrúi Vodafone. Viðskiptavinur Símans var rukkaður þótt slökkt hafi verið á símanum í flugvél.**

Þegar farsímanotandi er erlendis og fær símtal sem lendir í talhólfi hans þarf hann að borga fyrir símtalið, á millilandataxta. Talsmenn símafyrirtækjanna segja kostnaðinn vera vegna rukkunar erlendra símafyrirtækja.

Fréttablaðinu hefur borist ábending frá viðskiptavini Símans sem beið reikningur upp á tæpar tíu þúsund krónur eftir flugferð þar sem slökkt var á símanum allan tímann. Einhver eða einhverjir höfðu þá hringt um fimmtán sinnum í síma hans meðan hann var í loftinu.



**SKILMÁLARNIR** Í smáu letri neðst á blaðsíðu sjö í upplýsingabæklingi Símans um GSM í útlöndum segir frá þessari reglu varðandi símtöl í talhólf. Á heimasíðu Vodafone er hana hvergi að finna.



**Í SÍMANUM** Talhólfsþjónustan fylgir sjálfkrafa með GSM-þjónustu beggja símafyrirtækjanna. Viðskiptavinir þurfa sjálfir að slökkva sérstaklega á henni vilji þeir ekki borga þegar einhver hringir í talhólfið og síminn er erlendis.

Engar undantekningar voru gerðar þegar maðurinn hafði samband við þjónustuver Símans vegna reikningsins og honum sagt að ekki skipti máli þótt slökkt væri á símanum.

„Í þessu tiltekna dæmi hafa sennilega einhver mistök verið gerð því almennt er ekki rukkað fyrir símtöl í talhólf þegar slökkt er á símanum,“ segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans.

„Hins vegar ef það er kveikt á honum og símtalið endar í talhólfi þá borgar sá sem fær símtalið. Það er vegna þess að símtalið fer fyrst til útlanda og svo aftur til Íslands þegar talhólfið tekur við, því talhólfið er á Íslandi. Við það rukkar erlenda símafyrirtækið okkur, og við rukkum viðskiptavininn.“

En telur hún viðskiptavini vita nógu vel af þessum reglum? „Fólk velur það að hafa talhólf og fólk les þessa skilmála þegar það fær sér símreikning hjá okkur. Svo eru líka upplýsingar um þetta á vefnum. Ég tel að fólk kynni sér þá þjónustu sem það fær sér.“

Hjá Vodafone eru svipaðar reglur af sömu ástæðum. „Hluti af skýringunni er að við eigum við erlend símafyrirtæki, sem flækir málið. Þess vegna bendum við fólki á að slökkva á talhólfsþjónustunni ef það vill ekki notfæra sér hana meðan það er í útlöndum,“ segir Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Vodafone.

Talhólfsþjónustan fylgir sjálfkrafa með GSM-þjónustu beggja símfyrirtækjanna. Viðskiptavinir þurfa sjálfir að slökkva sérstaklega á henni vilji þeir ekki borga þegar einhver hringir í talhólfið, og síminn er erlendis.

salvar@frettabladid.is

**MATUR&NÆRING** SESSELJA MARÍA SVEINSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Umbúðir og ílát fyrir matvæli



Mikilvægt er að nota umbúðir og ílát fyrir matvæli á réttan hátt og kynna sér leiðbeiningar fyrir notkun. Ef umbúðir eða ílát eru aðeins hönnuð fyrir tiltekna tegund matvæla kemur það fram í merkingu þeirra. Röng notkun umbúða og íláta getur leitt til þess að óæskileg efni berist úr þeim yfir í matvæli. Hér koma nokkur góð ráð til að koma í veg fyrir slíkt.

Leita að eftirfarandi merkingum þegar umbúðir, ílát eða áhöld fyrir matvæli eru keypt: Merki sem sýnir glas og gaffal, leiðbeiningum um rétta notkun og/eða textanum: „Fyrir matvæli“ eða öðrum vísbendingum um að varan sé framleidd fyrir matvæli.

Aldrei ætti að nota ílát eða umbúðir utan um matvæli, sem ekki eru ætluð til þess, til dæmis svarta ruslapoka eða innkaupapoka, sem eru ekki framleiddir með matvæli í huga, því í þeim geta verið efni sem ekki er æskilegt að berist yfir í matvæli.

Óæskilegt er að plastfilmur með mýkingarefni (teygjuplast) komist í beina snertingu við fiturík og/eða heit matvæli og ekki ætti að nota slíkar filmur í örbylgjuofn nema þær séu sérstaklega ætlaðar til þess samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum þeirra. Sama má segja um plastílát. Leiðbeiningar eiga að segja til um hvort nota megi ílátið í örbylgjuofn. Fiturík og/eða heit matvæli er best að setja í skál og breiða plastfilmu yfir þannig að filman snerti ekki matvælin sjálf. Plastfilmur henta ágætlega fyrir ávexti, grænm brauðvörur.



Ekki nota ílát úr áli eða á fyrir súr matvæli, svo sem sí og ávaxtagrauta, þar sem sý leyst álið upp. Súr matvæli best í gler- eða plastílátum. hentar vel undir margvísleg svo sem kjöt, ost og smjör.

Óráðlegt er að geyma matvæli í leirílátum nema fullvíst sé að þau megi nota sem slík. Leirvörur eru stundum framleiddar sem skrautmunir og því er ráðlagt að horfa eftir merki með glasi og gaffli áður en leirhlutir eru notaðir undir matvæli. Í skrautmunum geta verið efni sem alls ekki ættu að komast í snertingu við matvæli.

Margvísleg ílát, einkum úr plasti og gleri, má endurnýta fyrir matvæli en þó þarf að huga að samsetningu matvælanna og að sýrustig sé ekki mjög frábrugðið því sem áður var í umbúðunum og að hitastig sé svipað. Ílát undan ís eða mjólkurvörum eru t.d. mjög hentug til að frysta í eða geyma í kæli. Glerílát fyrir öll matvæli en athuga hvaða hitastig glerið þolir.

**mni.is**

# AFSLÁTTARMIÐAR

## VELDU ÞÉR BÍL, KLIPPTU ÚT MIÐA OG FÁÐU AFSLÁTT

CR-V

AFSLÁTTUR

**259.000** kr.



Honda CR-V ES, sjálfskiptur

**ATH:** Bíll á mynd gæti verið betri í akstri en þú reiknaðir með!

ACCORD

AFSLÁTTUR

**150.000** kr.



Honda Accord Sport, 5 gíra

**ATH:** Bíll á mynd gæti verið kraftmeiri en þú reiknaðir með!

jazz

AFSLÁTTUR

**105.000** kr.



Honda Jazz, sjálfskiptur

**ATH:** Bíll á mynd gæti verið rúmbetri en þú reiknaðir með!

honda.is

Nú bjóðum við Honda-ótrúleg tilboð. Honda er gæðastimpill á betra verði en þig grunar. Byrjaðu árið með því að spara þér tugi þúsunda. Honda bílar eru umtalaðir hvar sem þeir eru enda vel búnir, traustir, kraftmiklir og rúmgóðir. Komdu og fáðu afslátt sem þú hefur ekki séð áður; hagstæð bílalán eða rekstrarleigu. Takmarkað magn bíla í skamman tíma. Veldu þér bíl, klipptu út miða og komdu strax í Bernhard og gerðu Honda-ótrúleg kaup sem allir eru að tala um.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.528 **+1,84%** **Fjöldi viðskipta:** 489 **Velta:** 103.736 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FL Group** | +3,92% | **Tryggingamiðst.** | -1,59% |
| **Landsbankinn** | +3,77% | **Mosaic** | -1,31% |
| **Teymi** | +3,51% | **Icelandair** | -0,73% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,80 +0,21% ... Actavis 64,80 +1,25% ... Alfesca 5,05 +0,20% ... Atlantic Petroleum 551,00 +0,00% ... Atorka 6,82 +0,89% ... Bakkavör 62,80 +0,48% ... Eimskipafélagið 32,30 -0,62% ... FL Group 26,50 +3,92% ... Glitnir 23,60 +1,29% ... Kaupþing 859,00 +2,14% ... Landsbankinn 27,50 +3,77% ... Marel 77,50 +0,65% ... Mosaic Fashions 15,10 -1,31% ... Straumur-Burðarás 17,30 -0,58% ... Össur 113,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Flugeldasýning og bjartsýni**
Bjartsýni landans virðist vera mikil í upphafi nýs árs því árið hófst með mikilli flugeldasýningu á hlutabréfamarkaði og lofar byrjunin góðu. Úrvalsvísitalan hækkaði um 1,84 prósent á fyrsta viðskiptadegi og stóð í 6.528 stigum í dagslok. Hún hefur því ekki verið hærri í tíu mánuði eða síðan markaðurinn var á fallanda



fæti í febrúar þegar neikvæðar skýrslur um íslenskt efnahagslíf, bankana og framtíðina tóku að berast í stríðum straumum. Þá hækkaði krónan skarpt samfara mikilli krónubréfaútgáfu. Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hefur nú hækkað samfleytt fimm ár í röð eða um 460 prósent frá ársbyrjun 2002.

**Ekki ein um bjartsýni**
Íslendingar eru ekki einir um að líta björtum augum á framtíðina á fyrstu markaðsdögum ársins. Þannig hækkuðu flest allar vísitölur talsvert í gær. Skandinavísku vísitölurnar hækkuðu um 1,5 prósent og markaðir í Bandaríkjunum fóru af stað með krafti. Markaðir í Bandaríkjunum voru lokaðir 2. janúar, en þeir eru jafnan opnir þann dag. Ástæðan var sú að Gerald Ford fyrrverandi forseti Bandaríkjanna var borinn til grafar og lokun dagsins var honum til heiðurs.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Dr. Gunnar Ólafur Haraldsson hefur verið ráðinn forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Hann tekur við starfinu af dr. Tryggva Þór Herbertssyni.

Sú breyting hefur orðið á útreikningum hlutabréfavísitalna Kauphallarinnar að tilboð og viðskipti félaga sem skráð eru í erlendri mynt reiknast ekki lengur í íslenskar krónur miðað við stundargengi. Miðað verður við gengi sem reiknast klukkan 15.00 á evrópskum tíma og gildir til 15.00 næsta dag.

Farþegum Flugfélags Íslands fjölgaði um átta prósent á árinu 2006 miðað við 2005. Heildarfjöldi farþega í áætlunarflugi var um 380 þúsund. Þar af voru um átján þúsund í millilandaflugi til Færeyja og Grænlands.

# Fyrsta krónubréf ársins

Einn stærsti banki Hollands, ABN Amro, gaf í gær út fyrsta krónubréf ársins fyrir þrjá milljarða króna. Bréfið er með gjalddaga 11. janúar 2008 og ber fjórtán prósenta vexti. Krónubréf, eða jöklabréf, eru skuldabréf gefin út af erlendum aðila í íslenskum krónum.

Í Vegvísi Landsbankans segir að nú séu tveir mánuðir liðnir frá því að jöklabréf var síðast á gjalddaga. Alls verði hins vegar 35 milljarðar króna á gjalddaga á fyrsta ársfjórðungi 2007, þar af fimm milljarðar á morgun. Útistandandi upphæð útgefinna bréfa, án áfallinna vaxta, er í dag rúmlega 275 milljarðar króna og nam mest 290 milljörðum króna í september síðastliðnum.

Krónan styrktist um 1,95 prósent í gær sem að öllum líkindum má rekja til útgáfu krónubréfsins.

- hhs




# Kauphöllin vill bjóða val um krónu eða evru

**Búist er við að nokkur fyrirtæki sem skráð eru í kauphöllina hér fari á fyrri hluta ársins fram á að skrá bréf sín í evrum. Kauphöllin vill bjóða fyrirtækjum val. Samráðsnefnd vinnur í málinu. Fái félög ekki að skrá sig í evrum velta sum hver fyrir sér flutningi annað.**



**EVRUSEÐLAR** Íslensk fyrirtæki sem hafa megnið af starfsemi sinni, tekjum og skuldum í útlöndum og vilja laða til sín erlent fjármagn þrýsta á að þau fái skráð hlutabréf sín í evrum í kauphöllinni hér. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kauphöllin vill að fyrirtæki landsins hafi val um hvort þau skrái hlutabréf sín í krónum eða evrum. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, vonast til þess að svo geti orðið strax á seinni hluta þessa árs.

„Við munum gera það sem við getum til að veita þessum fyrirtækjum þá þjónustu að þau geti einfaldlega valið um mynt hjá okkur, hvort þau eru í evrum eða krónum. Og við gerum okkur vonir um að það verði mögulegt að haga málum þannig að fyrirtækin geti haft þetta val á síðari hluta þessa árs,“ segir hann og telur rétt að fyrirtækin taki sjálf ákvarðanir í þessum efnum út frá því hvað þjóni þeirra hagsmunum best. Sjálfsákvörðun fyrirtækjanna um gjaldmiðil í hlutabréfaskráningu telur hann um leið þjóna best hagsmunum markaðarins og hagkerfisins hér.

Þórður segir að möguleg skráning hlutabréfa sé í skoðun og þar hafi nokkra yfirumsjón samráðsnefnd Seðlabanka Íslands, Verðbréfastofu og kauphallar. „Það er að minnsta kosti einn vettvangur þar sem málið er rætt, en það er líka rætt á fleiri stöðum og um að gera að öll rök komi fram á næstu vikum eða mánuðum og menn komist einfaldlega að skynsamlegri niðurstöðu með hagsmuni bæði markaðarins og hagkerfisins að leiðarljósi.“ Hann segist þó ekki verða var við að neins staðar sé mótstaða við evruskráningu hlutabréfa. „Það eina sem menn hafa velt fyrir sér eru fjármálastofnanirnar og vangaveltur um það sem að þeim snúa, en ég tel að það sé einfaldlega atriði sem skoða þurfi gaumgæfilega,“ segir Þórður og telur að tilfærsla fyrirtækja í erlenda mynt sé bara hluti af þeirri alþjóðavæðingu sem sé að eiga sér stað.

Enn hefur ekkert fyrirtækið farið formlega fram á að breyta skráningu bréfa sinna, þótt viðræður hafi verið í gangi um málið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru helst fjögur fyrirtæki sem eru áhugasöm um að skrá hlutabréf sín í evrum, Actavis, Bakkavör, Marel og Össur, en öll gera þau upp reikninga sína í erlendum gjaldmiðlum og mun hluti þeirra þegar á fyrir hluta ársins stefna á að leggja inn formlega beiðni þar að lútandi. Þá sé evruskráningin þeim slíkt hagsmunamál að hluti þeirra að minnsta kosti hugleiðir að skrá sig annars staðar fáist hún ekki í gegn. „Augljóst mál er fyrir fyrirtækin að velta fyrir sér tvíhliða skráningu erlendis telji þau að fælingarmáttur krónunnar sé slíkur að hann skaði þau. Þá hljóta þau auðvitað að velta slíku fyrir sér.“ Þórður segir eðlilegast að bregðast við þessum vangaveltum með því að bjóða fyrirtækjunum upp á val á gjaldmiðli í skráningu bréfa sinna.

olikr@frettabladid.is

# Hlutabréf Hannesar flutt til Hollands

Eignarhaldsfélagið Oddaflug hefur fært allan hlut sinn í FL Group til Oddaflugs BV í Hollandi. Síðarnefnda félagið er að öllu leyti í eigu fyrrnefnda félagsins sem er að fullu í eigu Fjárfestingafélagsins Primusar ehf. Hannes Smárason, forstjóri FL Group og stærsti hluthafinn, á Primus að öllu leyti.

Flutningur bréfanna er að öllum líkindum tilkominn vegna hagstæðari skattaumhverfis í Hollandi og má reikna með lágu tekjuskattshlutfalli Oddaflugs og Primusar til framtíðar ef gengishagnaður verður af bréfunum. Exista og FL Group hafa farið sömu leiðir varðandi kjölfestuhluti sína í íslenskum félögum.

Um er að ræða 19,77 prósent af hlutabréfum í FL Group. Hlutabréf í FL Group hækkuðu um 3,5 prósent í gær á fyrsta viðskiptadegi nýs árs. Hækkunina má að hluta til rekja til hækkana á hlutabréfum í AMR Corporation, móðurfélagi American Airlines. Bréfin höfðu hækkað yfir átta prósent um hádegisbil, en FL er þriðji stærsti hluthafinn í félaginu.

- eþa

**EIGNARHALD HANNESAR SMÁRASONAR Í FL GROUP**

HANNES SMÁRASON
↓
FJÁRFESTINGAFÉLAGIÐ PRIMUS EHF.
↓
EIGNARHALDSFÉLAGIÐ ODDAFLUG EHF.
↓
ODDAFLUG BV.



**SAMNINGUR UNDIRRITAÐUR** Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone, Jón B. Stefánsson hjá Fjöltækniskólanum og Jóhann Másson, fyrirtækjasölu Vodafone.

## MetroNet tryggi bættan flutning

Fjöltækniskóli Íslands hefur samnið við Vodafone um fjarskiptaþjónustu tengda bæði GSM- og fastlínuþjónustu, auk MetroNets, sem sagt er tryggja flutning á fjölbreyttari þjónustu um ljósleiðara og kopar en áður hafi þekkst.

Fjöltækniskólinn tók til starfa síðsumars 2003 þegar Vélskóli Íslands og Stýrimannaskólinn í Reykjavík voru sameinaðir. Þá keypti Fjöltækniskólinn einnig nýverið rekstur Flugskóla Íslands þannig að nú er nám til einkaflugmanns og atvinnuflugmanns einnig innan veggja skólans.

Um 300 nemendur stunda nám í Fjöltækniskólanum og í Flugskóla Íslands eru að jafnaði 50 til 100 nemendur. **- óká**

# Minnisstætt ár hjá Sir Tom Hunter

Árið sem nú var að enda rennur Sir Tom Hunter sennilega seint úr minnumt. Ríkasti maður Skotlands, sem hefur starfað náið með Baugi og tengdum fjárfestum, fékk 260 milljónir punda, jafnvirði 36 milljarða króna, í hagnað af sölu á íþróttavöruverslanakeðjunni Sports Division til JJB árið 1998. Þessi upphæð er nú þrefalt hærri á pappírunum, eða 110 milljarða virði, að sögn The Herald.

Auðurinn hefur byggst upp á fjárfestingum í verslunargeiranum og fasteignaviðskiptum. Á síðasta ári tók Weast Coast Capital, fjárfestingafélag Sir Tom, þátt í kaupunum á House of Fraser ásamt Baugi, FL Group og fleiri fjárfestum. Félagið og Baugur voru einnig meðal kaupenda að Wyevale Garden Centres en sú yfirtaka nam 310 milljörðum punda.

Þá myndaði hann félag með HBOS og fasteignaspekúlöntunum David og Simon Reuben sem keypti byggingafélagið McCarthy & Stone fyrir 1,1 milljarð punda.

Hunter hefur ekki síður látið til sín taka á sviði mannúðarmála en á vettvangi fjármálalífsins. Hunter-stofnunin hefur lagt mikið fjármagn til þróunarmála í Afríku í félagi við Bill Clinton, fyrrum Bandaríkjaforseta. Hunter var jafnframt aðlaður á árinu 2006 eins og Sir Phillip Green, eigandi Arcadia og fyrrum viðskiptafélagi Baugs. **- eþa**



**SIR TOM HUNTER** Lét mikið til sín taka á vettvangi fjárfestinga og mannúðarmála á síðasta ári.

# Yfirtaka hindruð

Eignarhaldsfélagið Essar, sem er í eigu indversku Ruia-fjölskyldunnar, og minnihlutaeigandi í indverska farsímafélaginu Hutchison Essar, fjórða stærsta farsímafyrirtæki Indlands, hefur boðið jafnvirði 792 milljarða íslenskra króna í hlut Hutchisons með það fyrir augum að yfirtaka félagið. Með tilboðinu er komið í veg fyrir að breski farsímarisinn Vodafone geti keypt félagið og komist inn á indverska farsímamarkaðinn.

Ruia-fjölskyldan, sem er í oddastöðu og getur fellt önnur tilboð í farsímafélagið, hefur sömuleiðis tryggt sér jafnvirði allt að 1.440 milljarða króna fjármögnunar vegna hugsanlegrar samkeppni um félagið. Meirihluti farsímafélagsins er í eigu Hutchison Whampoa, samstæðu í eigu hins kínverska Li Ka-Shing, eins ríkasta manns Asíu. Breska dagblaðið Guardian segir stjórn farsímafélagsins hafa stefnt að almennu hlutafjárútboði í nóvember í fyrra en átök í hluthafahópnum hafi komið í veg fyrir það og geti verið tímaspursmál hvenær leiðir skilji á milli stærstu hluthafa.

Ýmis farsímafélög víða um heim, þar á meðal Vodafone, höfu að horfa til Hutchison Essar undir lok síðasta árs með það fyrir augum að ná forskoti á einum af stærstu farsímamörkuðum framtíðarinnar. **- jab**



FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**AUGLÝSING FRÁ HUTCHISON ESSAR** Essar, minnihlutaeigandi í indverska farsímafélaginu Hutchison Essar, ætlar að bjóða í hinn hluta félagsins.






KRÓNAN KRÓNAN KRÓNAN




KRÓNAN KRÓNAN KRÓNAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Strand Wilson Muuga við Hvalsnes:

## Hættuleg siglingaleið

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Fyrsta þætti björgunaraðgerða vegna strands flutningaskipsins Wilson Muuga er lokið farsællega. Það er þó langt í frá að mál þetta sé úr sögunni, því nú er eftir að fjarlægja sjálft skipsflakið úr fjörunni við Hvalsnes á Reykjanesi og það getur orðið þrautin þyngri.

Yfirvöld og björgunarsveitir lögðu sitt af mörkum til að fyrsti þáttur björgunaraðgerðanna tækist vel, sem raun varð á, og síðan komu sérhæfð fyrirtæki að því að dæla olíunni úr skipinu. Starfsmenn Umhverfisstofnunar og aðrir lærðu sína lexíu við strand Víkartinds fyrir tæpum tíu árum, og kom sú reynsla sér vel núna.

Sigling fyrir Reykjanesskaga í slæmu veðri hefur alltaf ákveðna hættu í för með sér, enda urðu þar þó nokkur umtöluð skipsströnd fyrr á tímum, og er strand olíuskipsins Clan líklega mörgum minnisstæðast. Skipið strandaði rétt við Reykjanesvita og liðaðist þar í sundur.

Íslenskir skipstjórnarmenn þekkja þessa siglingaleið mjög vel margir hverjir og hafa allan varann á þegar siglt er fyrir Reykjanes og um Reykjanesröstina margumtöluðu. Strand Wilson Muuga er rakið til bilunar í áttavita, að því er fram kom við sjópróf, sem haldin voru í kjölfar strandsins. Reyndir sjómenn hljóta hins vegar að spyrja sig hvort ekki hafi verið maður á útkikki þegar siglt var fyrir nesið, að ekki sé talað um hvort skipstjórnarmenn hafi fylgst með ratsjá og dýptarmælum á þessum hættulegu slóðum.

Með allri virðingu fyrir erlendum skipstjórnarmönnum, þá hljóta menn sem alast upp við sjómennsku hér við land að hafa meiri tilfinningu og þekkingu á siglingum við strendur landsins en þeir sem þekkja siglingaleiðirnar mest af kortum. Það er þess vegna umhugsunarefni þegar verið er að flagga íslenskum skipum út og manna þau með erlendum áhöfnum. Íslenskum sjómönnum í farmannastétt hefur fækkað mjög á undanförnum árum og er það miður.

Um nokkurt skeið hefur verið rætt um að breyta siglingaleiðinni fyrir Reykjanes, þannig að stór skip yrðu að að fara dýpra fyrir nesið til að minnka hættuna á mengunarslysi. Þetta myndi lengja siglingaleiðina til Bretlands og meginlandsins nokkuð og því hafa meiri kostnað í för með sér. Áður en ákvörðun verður tekin um þetta ætti hins vegar að brýna fyrir skipstjórnarmönnum sem fara um þetta svæði að huga vel að veðri og vindum áður en siglt er fyrir Reykjanes og fylgja öllum siglingareglum til hins ýtrasta, svo sem að hafa menn á útkikki. Grundvallaratriðið er að öll siglingatæki séu í lagi og að fylgst sé vel með þeim á siglingu sem þessari. Ef slíkt væri gert, mætti áreiðanlega koma í veg fyrir mörg óhöpp.

Innan tíðar tekur væntanlega við annar þáttur björgunaraðgerða vegna strands Wilson Muuga. Samkvæmt reglum á að vera búið að fjarlægja flakið úr fjörunni innan sex mánaða frá strandinu, en það verður varla gert eins og hendi sé veifað. Fyrir höndum er mikið verk og erfitt, og æskilegt væri að hefja undirbúning að því sem allra fyrst, því með vorinu kemur hingað mikill fjöldi sjófugla. Fyrsti viðkomustaður margra þeirra er einmitt strendur Reykjanesskagans, þar sem víða er mikið útfiri og kjöraðstæður fyrir fugla.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tortryggnin nærð

Hrannar Pétursson og aðrir forsvarsmenn Alcan á Íslandi berjast í miklum mótvindi þessa dagana. Allt sem fyrirtækið gerir er gert tortryggilegt í aðdraganda kosninga meðal Hafnfirðinga um stækkun álverksmiðjunnar. Útvarpið gerði mikið úr kostun Alcan á Kryddsíldinni á Stöð 2 á gamlársdag. Hins vegar fylgdi ekki sögunni að Alcan kostaði líka Kryddsíldina á gamlársdag 2005 þegar engar ákvarðanir um kosningar voru í sjónmáli. Eins hefur Alcan auglýst mikið um áramót. En nú er það túlkað sem herkænskubragð í baráttu fyrir framtíð verksmiðjunnar í Hafnarfirði. Það er vandlifað fyrir álverksmiðjur á Íslandi í dag.



### Fleiri á móti

Samkvæmt óopinberum skoðanakönnunum er á brattann að sækja fyrir Alcan í komandi íbúakosningum. Um þrír fjórðu hlutar Hafnfirðinga eru ekkert sérstaklega hlynntir því að verksmiðjan stækki. Fjórðungur er því fylgjandi. Rannveig Rist hefur gefið það í skyn að tækjabúnaður úreldist og ekki verði farið í endurbætur hafni Hafnfirðingar stækkun. Hún hefur ekki talað um árafjölda en kunnugir segja að þetta muni gerast á tíu til fimmtán árum. Það taki því ekki að endurnýja tækjabúnað í verksmiðjueiningu sem sé óhagstæð. Hins vegar er Alcan-fólk bjartsýnt fái það að kynna hugmyndir sínar.



### Líkamsrækt og bjór

Svokallaðar opinberar persónur geta ekki hegðað sér eins og aðrir á almannafæri. Þær eru sífellt undir smásjá náungans. Davíð Oddsson sagði í viðtali fyrir nokkrum árum að hann hefði aldrei komið á þessa hefðbundnu krá í miðborg Reykjavíkur eftir að sala bjórs var heimiluð árið 1989. Á Íslandi geta samt flestir sinnt sínum erindum eins og almúginn. Margur alþingismaðurinn sést á knæpum. Þeir eru líka duglegir að halda sér í formi. Halldór Ásgrímsson stundaði reglulega líkamsrækt á Seltjarnarnesi eins og Ólafur Ragnar Grímsson gerði í upphafi forsetaferilsins. Geir H. Haarde velur hins vegar að lyfta lóðum í World Class í Laugum þessa dagana.

bjorgvin@frettabladid.is

## Byssa Saddams og Bush



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Íraksstríðið

*Hin nýja ríkisstjórn Íraks hefði getað fylgt evrópskri fyrirmynd og bannað dauðarefsingar með lögum, en hún fór heldur að dæmi Bandaríkjanna.*

Blóðbaðið heldur áfram í Írak, auga fyrir auga, tönn fyrir tönn. Menn halda þar áfram að murka lífið hver úr öðrum ár fram af ári, ættbálkur gegn bálki. Að baki ofbeldinu búa ævafornar hugsjónir um heiður, hefnd og sóma. Þessar hugmyndir þekkja Íslendingar vel, því að líf okkar í heiðnum sið og lengur líktist að ýmsu leyti lífinu í Írak og víðar um Austurlönd nær á okkar dögum. Við þekkjum þetta líf af eigin raun. Við höfum lesið fornsögurnar í sjö hundruð ár. Hallgerður langbrók lætur fremja tvö heiðursmorð strax á fyrstu síðum Njálu, og sagan dansar í blóði og eldi allt til enda. Þessi lífsstíll lagðist ekki af með kristnitökunni árið 1000, heldur með falli þjóðveldisins 1262. Heiftúðug átök um skiptingu auðs og gæða og gagnkvæm grimmdarverk urðu þjóðveldinu að falli. Ekkert lýðræðisskipulag þolir til lengdar þá skipan, að gæðum lífs og lands sé skipt milli fárra, það er gömul saga og ný, og mættu ýmsir nútímamenn hyggja að henni: Íslendingar, Rússar og aðrir. Nema þjóðveldið hrundi 1262, Norðmenn bundu enda á ófriðinn, en það kostaði þá samt enga umtalsverða fyrirhöfn, því að átökin milli forfeðra okkar höfðu dregið svo úr þeim þróttinn, að þeir lyppuðust niður. Ekki verður að svo stöddu séð, að sambærilegt máttleysi hafi enn gert vart við sig í Írak, enda er mikið af olíu þar í húfi. Hvernig ætli væri umhorfs á Íslandi núna eða í nálægum löndum, hefðu forfeður okkar haft yfir gereyðingarvopnum að ráða? Sinnepsgasi? Langdrægum kjarnaflaugum? Egill Skallagrímsson með atómsprengju?

Norður-Kórea (2006) og Pakistan (1998) hafa nú náð að búa til kjarnavopn, og Íran er komið á fremsta hlunn. Næst á undan voru Indland (1974) og Ísrael (1979). Gömlu kjarnorkuveldin fimm eru Bandaríkin, Sovétríkin (nú Rússland), Bretland, Frakkland og Kína. Bandaríkin bera höfuðábyrgð á örri útbreiðslu kjarnavopna í einræðisríkjum þriðja heimsins, enda er herforingjastjórnin í Pakistan einn helzti bandamaður Bandaríkjanna í Vestur-Asíu. Pakistanar gerðu Norður-Kóreu kleift að búa til kjarnorkusprengjur í fyrra. Framganga Bandaríkjamanna í Írak veldur því, að héðan af virðist enginn mannlegur máttur geta aftrað því, að Íranar komi sér upp atómsprengjum, því að almenningur þar eins og í Pakistan heimtar sprengjur og engar refjar. Yfirvofandi ósigur Bandaríkjanna í Írak og brottför erlendra herja þaðan munu trúlega gefa ríkisstjórn Írans byr undir báða vængi innan lands og um allt svæðið. Forseti Írans segist stefna að því að eyða Ísraelsríki af yfirborði jarðar. Margir Ísraelsmenn taka hótunina alvarlega og eiga von á nýjum stríðsátökum fyrir botni Miðjarðarhafs. Forsætisráðherra Ísraels hefur nýlega viðurkennt, óvart að því er virðist, að Ísraelsmenn eigi kjarnavopn. Friðarhorfurnar eru ekki góðar.

Aftaka Saddams Hussein á gamlársdag virðist ekki heldur vel til þess fallin að stilla til friðar í Írak eða auka hróður Bandaríkjanna um heiminn. Aftakan er pínleg áminning um það, að Bandaríkin beita ennþá dauðarefsingum í stórum stíl eins og Kína og mörg önnur þriðjaheimsríki. Hin nýja ríkisstjórn Íraks hefði getað fylgt evrópskri fyrirmynd og bannað dauðarefsingar með lögum, en hún fór heldur að dæmi Bandaríkjanna. Pyndingar stríðsfanga, sýndarréttarhöld og símhleranir á vegum Bandaríkjastjórnar undangengin ár eru ekki heldur góð fyrirmynd handa nýfrjálsum ríkjum í þriðja heiminum. Bandaríkin virðast ekki lengur valda því forustuhlutverki, sem þau tóku sér eftir stríðslokin 1945.

Á einkaskrifstofu Bush forseta í Hvíta húsinu er lítill skápur, þar sem forsetinn geymir grip, sem hann hefur yndi af að leika sér að og sýna gestum sínum. Ég sé fyrir mér sérsmíðaðan harðviðarskáp með silkiplussi að innan og glerhurð. Nema leikfangið í skápnum er skammbyssan, sem Saddam Hussein hafði hjá sér í holunni, sem bandaríski herinn svældi hann upp úr um árið. New York Times hefur oftar en einu sinni greint frá þessari byssu, og eigendaskiptunum. Það fylgir ekki sögunni, hvort forsetinn heimtaði að fá byssuna eða hvort herinn ákvað að gleðja forsetann að fyrra bragði með þessari litlu gjöf. Bandarísk lög kveða á um skráningu allra slíkra gjafa, skráin er opin blaðamönnum og öðrum, og þess vegna er vitað um byssuna í fórum forsetans. Þessi litla byssusaga um Bush forseta segir í rauninni allt, sem segja þarf um hann og feril hans í forsetaembætti.

## Misskilningur um fátækt

**UMRÆÐAN**

Tekjurannsóknir



STEFÁN ÓLAFSSON

Í umræðu um fátækt fyrir jólin og í grein Hannesar H. Gissurarsonar í Fréttablaðinu hinn 29. desember hefur gætt grundvallarmisskilnings um eðli mælinga á fátækt og tekjuójöfnuði. Þannig segir t.d. HHG í grein sinni eftirfarandi: „Fátækt … hafði aukist, af því að Björgólfur Guðmundsson og Jóhannes í Bónus voru orðnir miklu ríkari …“

HHG og nokkrir stjórnmálamenn, sem hafa tjáð sig um málið, virðast telja að ef einstaka auðmenn flytji til eða frá landinu, eða ef tekjur þeirra hækki mikið, þá gjörbreytist allar niðurstöður um tekjuskiptingu og fátækt. Tekjur auðmannanna vegi svo þungt í meðaltalinu sem fátækt er reiknuð út frá. Þetta er hins vegar alrangt.

Í þeirri alþjóðlegu aðferðafræði sem byggt er á við mælingar á tekjudreifingu og fátækt á Vesturlöndum eru slík áhrif fárra auðmanna á heildarniðurstöðurnar yfirleitt útilokuð. Meðal annars er í stað venjulegs meðaltals (e: mean) notað miðgildi tekna (e: median). Miðgildi tekna eru þær tekjur sem eru í miðju tekjustigans, þ.e. þar sem jafn margir hafa tekjur fyrir ofan og fyrir neðan viðkomandi tekjur. Út frá slíku miðgildi er reiknað hlutfall fátækra en ekki út frá venjulegu meðaltali. Upphæðir hæstu teknanna skipta því venjulega ekki máli fyrir slíkar mælingar, né heldur hvort einstaka auðmenn flytja sig til eða frá landinu.

Í skýrslu forsætisráðuneytisins um barnafátækt á Íslandi, sem kynnt var fyrir jólin, kom skýrt fram að þar var einmitt byggt á miðgildi tekna. Það er því rangt að segja að sú barnafátækt sem sérfræðingar forsætisráðuneytisins mældu sé tilkomin vegna þess að einstaka auðmenn séu svo ríkir eða að ríkidæmi þeirra hafi aukist. Að sama skapi eru ýmsar fullyrðingar HHG um tekjuójöfnuð rangar vegna sambærilegs misskilnings á aðferðafræði tekjurannsókna. Þetta leiðréttist hér með.

*Höfundur er prófessor.*



**TÚLÍPANAR GEGN VETRARDRUNGANUM**
Það er einhver svalandi og frísklegur þokki yfir túlípanablómum
HEIMILI 8



**FLOTTUSTU KJÓLARNIR 2006**
Margir fallegir kjólar svifu á herðum stjarnanna yfir rauða dregilinn á síðasta ári
TÍSKA 7

# allt



## ALLT HITT

[ TÍSKA HEILSA HEIMILI ]



**Kate Moss**, gift eða ekki gift, það er spurningin. Síðustu daga hafa borist af því fregnir að fyrirsætan hafi gengið að eiga Pete Doherty í Taílandi. Talsmaður Moss neitar þessu alfarið og segir hana hafa verið í venjulegu fríi þegar myndir náðust af henni og Doherty að skála í kampavíni. Annað mun tíminn leiða í ljós.



**Flugelda** og tertur má ekki setja í sorptunnur þar sem þær fyllast fljótt auk þess sem hætta skapast ef þar leynast ósprungin púðurskot. Umbúðunum skal skila í endurvinnslustöðvar Sorpu. Þá má einnig benda á að jólapappír má ekki setja í pappírsgáma þar sem sterkir litir og gylling gerir það erfitt að endurvinna pappírinn.

## GÓÐAN DAG

**Í dag er fimmtudagurinn 4. janúar, 4. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.17 | 13.33 | 15.50 |
| Akureyri | 11.30 | 13.17 | 15.05 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



# Kjólar, kápur og glingur

„Mér finnst alger synd að vera bara í buxum og bol þegar mér er boðið í teiti.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

***Lára Björg Björnsdóttir, blaðamaður á Nýju lífi, á vænt safn kjóla og þótt hún fylgi hefðbundnum klæðaburði dagsdaglega segir hún andann vera klæddan í Jackie O-dragt, með túberað hár í anda 6. áratugarins og skreyttan veglegum perlufestum.***

Þannig koma fínni boð sterk inn og Lára segist þá glöð henda gallabuxunum á hliðarlínuna og tjalda öllu til. „Mér finnst algjör synd að vera bara í buxum og bol þegar mér er boðið í teiti, maður verður að flagga þessu fyrst maður er að kaupa þetta,“ segir hún og dregur fram kjólana hvern á fætur öðrum. „Uppáhaldskjóllinn er yfirleitt bara nýjasti kjóllinn og sá ferskasti í safninu er kjóll sem Birna Anna systir mín keypti handa mér í New York en hún er mjög góð í að versla á litlu systur og veit alveg hvað ég vil. Þetta er svartur, stuttur, Diane Von Furstenberg kjóll, mjög góður í kokkteilinn. Ég er kjólakelling og á um 30 stykki og hef lagt ýmislegt á mig til að ganga í þeim, til dæmis hélt ég niðri í mér andanum heilt gamlárskvöld til að vera í flippaðasta kjól safnsins.“

Lára er yfirleitt klædd svörtu og gylltu hversdags en þegar kemur að kjólunum er allt leyfilegt. „Ég á það til að fríka út og klæðast eldrauðu en hvað sniðin varðar eru það einföld og klassísk snið sem klæða mig best enda er ég frekar hávaxin. Tískubólurnar klæða ekki alla en ég reyni samt að vera svöl þó ég sé ekki í nýjustu pokabuxunum eða það vanti á mig aðra ermina.“

Kápur eiga líka sinn stað í hjarta Láru og á hún þær ófáar. Hún er mjög hrifin af tímabilinu í kringum 1950 og 1960 og segir að hún hefði átt að fæðast þá. „Ég læt auðvitað undan pressunni og er með úfið hár í gallabuxum og er þá ekki nærri eins fín og ég vildi vera. Ég veit ekkert skemmtilegra en að setja rúllur í hárið og hlaða á mig skartgripum.“

Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.













www.design.is @ 2006

HÚSGAGNA HEIMILIÐ
Sérverslun með barnahúsgögn og fylgihluti

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



**Málmæðið** er ekki búið og því engin ástæða að hengja gull- og silfurkjólinn inn í skáp í bráð.



NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja
Flexitol
**Útsölustaðir:** Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur

ÚTSALA
-40% afsláttur
af öllum útsöluvörum

galleri sautján
Kringlunni s.512 1750 | Laugavegi 91 s.512 1717





Björk Guðmundsdóttir treður hér upp á tónleikum á Hróarskeldu með eyrnaskraut í anda augnskrautsins síðan 1951.

**Árið 1951 sýndi ítalski hönnuðurinn Elsa Schiaparelli þessi bráðskemmtilegu „gleraugu" í fyrsta sinn. Fjaðrirnar voru bláar og í miðjunni var lítil linsa. Schiaparelli, sem var vinsæll hönnuður í Evrópu á síðustu öld, hafði dálæti á súrrealisma og fékk meðal annars Salvador Dalí til að hanna fyrir sig efni með humarmynstri.**

# Aftur til fortíðar og til baka

***„Ekkert er nýtt undir sólinni" sagði predikarinn í Biblíunni og það er hverju orði sannara.***

Tískan fer í hringi líkt og svo margt annað. Sumt endurtekur sig á nokkurra ára fresti á meðan annað bíður lengur, og svo er sitthvað sem er alltaf sígilt, en af því má til dæmis nefna köflótt pils og háa hæla. Á þessum skemmtilegu myndum má sjá að það er erfitt að vera með mikil frumlegheit þegar kemur að tískunni og jafnvel þau allra frumlegustu eru oft að endurtaka eitthvað sem gert hefur verið áður í einni eða annarri mynd.

*mhg@frettabladid.is*



Þegar karlmenn klæðast mjög támjóum skóm eiga þeir það á hættu að vera kallaðir spjátrungar.



**Það hefur oft þótt töff að vera í támjóum skóm þó að fæstir myndu leggja í jafn langar og mjóar tær og þessi ónefndi skóeigandi sem spókaði sig um í London árið 1960.**



Flúraður fótur í ferlega támjóum skóm. Svolítið heillandi en eflaust ekki mjög þægilegt.



Næsti einkennisbúningur starfsmanna Rauða Krossins? Nei, varla.



Sænsku fánalitirnir í bland við blómaskó og gylltar skreytingar.



Þessi minnir svolítið á illa vafða múmíu. Sjáið hvernig sokkabuxurnar hafa verið rifnar til. Það er augljóslega hugsun á bak við þetta verk.



Eins og laufléttur lampaskermur, en hvernig borðar hún í þessum kjól?

# Mergjað flipp í fyrirrúmi

***Ungir og upprennandi hönnuðir í alþjóðlegri keppni á vegum Lancome.***

Síðan árið 2001 hefur snyrtivöruframleiðandinn Lancóme staðið fyrir alþjóðlegri keppni sem gerir ungum og upprennandi fatahönnuðum kleift að koma verkum sínum á framfæri. Hugmyndin á bak við keppnina er að ungir hönnunarnemar noti snyrtivörulínur frá Lancome sem útgangspunkt í sköpun sinni og óhætt er að fullyrða að margir hika ekki við að fara ótroðnar slóðir í túlkun sinni. Á þessum myndum má sjá fyrirsætur þramma niður tískupalla Lindley Hall í London, hver annarri frumlegri. *- mhg*



Gráblár og svartur er falleg litasamsetning sem minnir á skýjaðan himin. Fötin sjálf minna örlítið á Duran Duran tímann svokallaða þegar fólki fannst smart að vera í síðum skyrtum með breiðum öxlum.

Þreytuleg fyrirsæta í einstaklega fallegri kápu úr kasmírull og kóngabláum kjól innanundir.



Dömuleg og flott með svolítlu „goth" ívafi. Takið eftir því hvernig slitið fóður lafir undan ermunum.



Fyrirsæta spígsporar hér niður pallana í háum hælum og leggings á tískusýningu í Kuala Lumpur fyrr á árinu.



Rachel Weisz á ELLE Style Awards 2006 í háum hælum og leggings.



**Köflótt pils eru án efa ódrepandi tískufyrirbæri og það sama má segja um efnið sjálft. Bæði pönkarar, yfirstéttardömur og skosk karlmenni hafa dálæti á þessu mynstri sem til er í margs konar útgáfum.**

Jean-Paul Gaultier hannaði þetta pils fyrir vorlínuna 2007.

Haust-tískan 2006 frá Marc Jacobs.



**Háir hælar og þröngar leggings-buxur er eitthvað sem á eflaust eftir að koma aftur og aftur og …aftur?**


# ÚTSALAN
hefst í dag kl.11

allt að
50%
afsláttur

| Dömu: | Herra: |
|---|---|
| ACNE JEANS | PAUL SMITH |
| IMPERIAL | FRED PERRY |
| PLEASE | TIGER OF SWEDEN |
| LEE | BZR |
| REMIX COLLECTION | MATINIQUE |

CENTRUM
Galleri Laugavegi 91 s.512 1718


## Húðslípun í heimahúsi

RESURFACE PEEL FRÁ LANCOME GERIR KONUM KLEIFT AÐ ANNAST HÚÐINA HEIMA HJÁ SÉR, LÍKT OG ÞÆR VÆRU Á SNYRTISTOFU.

„Chemical peeling" er með vinsælustu meðferðum sem húðlæknar eða snyrtistofur víða um heim bjóða upp á. Meðferðin felur í sér það sem felst í orðunum; húðin er slípuð til þannig að svitaholur minnka, áferðin verður jafnari og minna fer fyrir hvers kyns lýtum.

Með „Resurface peel" boxinu frá Lancome geta notendur nýtt sér sambærileg efni og bestu húðlæknar gera við þessa meðferð. Boxið inniheldur sérstakar vörur sem gera það að verkum, séu þær notaðar saman og í réttri röð, að húðin endurnýjast og fær betra og bjartara útlit.

Meðferðin á að fara fram tvisvar í viku, í fjórar vikur í senn og ráðlagt er að bíða í mánuð áður en næsta meðferð hefst. Boxið fæst á öllum helstu útsölustöðum Lancóme snyrtivara.



Nýjung frá Lancome; Resurface peel pakki sem gerir notendum kleift að annast húðina að hætti fagmanna.


Drangey Drangey
Útsala - Útsala - Útsala
30-50% afsláttur af völdum vörum
20% afsláttur af öllu skarti og samkvæmistöskum.
Drangey
Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is



ÚTSALA
ÚTSALAN
HEFST Í DAG KL.10
40%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM
opið til kl.21 í kvöld





InWear Matinique DESIGNERS REMIX COLLECTION Part Two Saint Tropez SOAKED
COMPANYS
Kringlunni s.512 1766

gs skór
ÚTSALA
40%
AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM



AGAIN&AGAIN ~~6.990~~ 3.990



STY GOSTH ~~12.990~~ 5.990



BRONX ~~6.990~~ 2.990



HEGOS ~~17.990~~ 9.990



POELMAN ~~13.990~~ 7.990



SENDRA ~~22.990~~ 8.990

gs skór
kringlunni s.512 1760
laugavegi s.512 1714

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics



NÝTT!!
Plokkari með ljósi



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

ÚTSALAN ER HAFIN
40% AFSLÁTTUR
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

Ef þú ert ekki enn búin að uppgötva Dizu, þá er rétti tíminn núna! Til dæmis eru peysur á 30-50% afslætti, bútasaumsefni, mikið úrval á 600 kr/m, ofl. ofl.
Sjón er sögu ríkari.
Diza
Laugavegi 44 • s. 561-4000 • www.diza.is

allt matur
Alla föstudaga

# Flottustu karlfyrirsæturnar

Á VEFSÍÐUNNI WWW.MODELS.COM ER AÐ FINNA LISTA YFIR ÞÆR KARLFYRIRSÆTUR SEM ÞYKJA HAFA VAKIÐ MESTA ATHYGLI AÐ UNDANFÖRNU. HÉR AÐ NEÐAN ER LISTI YFIR ÞÆR TÍU EFSTU.

**1. Karl Lindman**
Karl Lindman þykir hafa skotið keppinautunum ref fyrir rass með samningum við tískurisana Valentino, Ferre Jeans og Calvin Klein og ætti ekki að hafa teljandi áhyggjur af fjárskorti næstu árin. Er Lindman talinn hafa allt sem prýða þarf sigurvegara: útlitið, viðskiptasamböndin og bankainnistæðuna.






**2. Bev**
Suðurríkjamaðurinn Bev er ekki langt á eftir Lindman en hann hefur skipað sér í hóp með fremstu karlfyrirsætum heims meðal annars eftir þátttöku í tveimur tískusýningum á vegum Calvin Klein.

**3. Eddie Klint**
Kaupmannahafnarbúinn Eddie Klint stefndi á að verða kokkur en söðlaði um og gerðist karlfyrirsæta eftir að hann var valinn andlit Prada FW 06 safnsins. Sérfræðingarnir telja að Klint þurfi ekki að iðrast ákvörðunarinnar, þar sem þessi 19 ára gamli drengur hefur meðal annars prýtt forsíðu L'Uomo Vogue og birst í Pop, GQ Style, Another Man, Arena Homme+.






**4. Mathias**
Óhætt er að segja að Mathias þurfi ekki að kvíða verkefnaleysi því engilfríð ásjóna hans prýðir meðal annars auglýsingar frá Lacoste, Hugo Boss, CK, Hermes og Gucci. Fátt bendir til þess að lát verði á vinsældum Mathiasar.

**5. Danny Beaucham**
Danny Beaucham er konungur sýningarpallsins hjá fyrirtækinu Select. Var jafnframt andlit Burberry herferðar í vor. Sterkur persónuleiki er talinn honum til tekna, sem er óvenjulegt í bransa sem dásamar svipleysi karlfyrirsætna.





**6. Lars**
Guðdómlegt útlit, einkum og sér í lagi há kinnbein, tryggðu Lars sæti við hlið hinnar fögru Julia Stegner í síðustu vetrarherferð Hugo Boss. Þriðja árið í röð. Háu kinnbeinin tryggja Lars jafnframt sjötta sætið á lista www.models.com yfir mest áberandi karlfyrirsæturnar.

**7. Evandro**
Brasilíumanninum og nýgræðingnum Evandro er líkt við náttúruafl. Þykir hann fara mikinn á forsíðu L'Uomo Vogue og í myndaþáttum hjá V Man, ID og Loius Vuitton.






**8. Eugen Bauder**
Hinn ungi Þjóðverji Eugen Bauder þykir hafa sett sinn svip á tískuheiminn að undanförnu enda hefur hann birst í sjö auglýsingaherferðum, þar á meðal Armani Excgange.

**9. Nicolas Bemberg**
Franski nýliðinn Nicolas Bemberg er talinn gera það gott um þessar mundir meðal annars vegna þátttöku í herferðum á vegum Lanvin og Gucci. Hann þykir sýna að töffaraskapur komi manni áfram í hörðum heimi tískunnar.






**10. Andrews Richardsson**
Aðstandendur www.models.com telja ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um veru Andrews Richardsson á listanum, en samdóma álit virðist vera að þar sé fagur maður á ferð. Hann leikur lykilhlutverk í Armani-auglýsingum.

- rve

Útsalan hefst í dag
Mikið úrval af herrafatnaði
karlmenn
Laugavegi 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 3033.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Gamlar lummur dregnar fram

Nú árið er liðið eins og þar stendur og fínu áramótakjólarnir óðum að hópast inn í skáp, hvort sem það voru þeir gömlu frá því í fyrra eða glænýir hátískukjólar á eina til tvær milljónir króna. Árið hefur verið brennt út eða kannski ætti heldur að segja sprengt upp á íslenska vísu. Áveðin vatnaskil sem meðal annars tákna endanlegt gjaldþrot vetrartískunnar sem ratar nú óðum á útsölur. Heima á Fróni eru þær þegar byrjaðar síðan milli jóla og nýárs en hér í París er lagaumhverfi í kringum útsölur miklu strangara og ekki leyfilegt að halda útsölur nema á ákveðnu tímabili sem viðskiptaráðherra ákveður að fengnu áliti verslunaraðila. Þetta árið þarf að bíða til 12. janúar til að gera góð kaup.

Reyndar er fyrir vikið nægur tími til að skila og skipta jólagjöfunum og svo fyrir verslunarfólkið til að fara yfir útsölulista og verðmerkja. Viðskiptavinum er oft skipt í tvo hópa, fyrst eru það þeir góðu og svo „hinir“. Góðir viðskiptavinir eru flestir búnir að gera sín útsölukaup þar sem þeim hefur verið boðið að koma og velja í rólegheitum úr því sem verður seinna í boði fyrir allan almenning.

Einkaútsölur eru reyndar bannaðar samkvæmt lögum að viðlögðum háum fjársektum enda fyrir utan tímaramma útsalanna og svo er ekki leyfilegt að mismuna fólki, hvort sem um góða eða vonda viðskiptavini er að ræða.

Oft er stór munur á hvað fer á útsölu og hvað ekki, eftir því um hvaða tískuhús er að ræða. Sjaldgæft er að allt sé látið gossa. Þó að auðvitað vilji ekkert tískuhús kannast við að viðskiptavinum séu boðin gömul föt og fylgihlutir frá því í fyrra er það nú samt staðreynd. Nánast ekkert tískuhús setur á útsölu nýja svarta handtösku, svo dæmi sé tekið. Svarta tösku er alltaf hægt að geyma og segja að hún sé „timeless collection“ og taka hana fram næsta vetur þó að allir sem fylgjast vel með viti að hún er ekki glæný.

Hjá Yves Saint Laurent er til dæmis yfirleitt sá hluti sem sýndur hefur verið á tískusýningu fyrir yfirstandandi árstíð seldur með afslætti sem og fylgihlutir. Hjá Prada fara aldrei vinsælustu skórnir úr sportlínunni á útsölu.

Hjá Chanel er öll fatalínan á útsölu og nokkuð af skóm en nánast ekki ein einasta taska, nema hún sé í það minnsta tveggja til þriggja ára gömul og öll von úti um að hún seljist á fullu verði. Ekki nóg með það heldur eru föt frá síðasta vetri send í búðir ásamt skóm til að selja á útsölu. Það er því vissulega hægt að gera góð kaup en vissara að þekkja vel til svo að ekki sé verið að kaupa gamlar, verðlausar lummur eða köttinn í sekknum.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

# Ögrandi ilmur

***Heimsþekktir undirfataframleiðendur senda frá sér sitt fyrsta ilmvatn.***




Falleg flaska, kröftugur ilmur og krassandi áhrif.

Agent Provocateur er þekkt tískuhús í London sem undanfarin ár hefur farið sigurför um heiminn. Þar ráða ríkjum hjónin Joseph Corre og Serena Ross, en Joseph þessi er sonur pönkdrottningarinnar Vivienne Westwood. Nýja ilmvatnið frá þeim er í senn ríkulegt, munúðarfullt og kynæsandi eins og flest sem frá þeim kemur, en það er meðal annars samsett úr saffranolíu, kóríander, ylang ylang og hvítri gardeníu. Hönnuður ilmsins fyrir Agent Provocateur er Azzi Pickthal en þar sem sala ilmsins hefur farið upp úr öllu valdi er búist við að fleiri slík verði sett á markaðinn á komandi árum. Ilmvatnið fékk nýlega hin svonefndu Fifi verðlaun, en þau eru veitt til dömuilmvatna af dýrustu gerð sem þykja framúrskarandi á sínu sviði.



Það eru ekki þægar stelpur sem klæðast undirfötum frá Agent Provocateur.





Stærðir 36 - 48

ÚTSALA

bianca

gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533

Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16




Leikkonan Salma Hayek er á meðal þeirra sem standa að framleiðslu á Ugly Betty.

# Fríða víkur fyrir dýrinu

***Þættir um ófrýnilega ungmey slá í gegn.***

Ugly Betty eru nýir sjónvarpsþættir sem hafa slegið í gegn vestanhafs og eru meðal annars tilnefndir til Golden Globe-verðlaunanna eftirsóttu.

Talið er að allt að 1,6 milljónir áhorfenda sitji límdar við skjáinn til að fylgjast með ævintýrum hinnar ófríðu Betty, sem starfar hjá stóru tískufyrirtæki, og fer þeim stöðugt fjölgandi.

Gagnrýnendur velta vinsældum sjónvarpsþáttanna nú fyrir sér og er ein tilgátan sú að almenningur sé búinn að fá yfir sig nóg af þeirri útlitsdýrkun sem hefur tröllriðið öllu og er höfð að skotspóni í Ugly Betty.

Sumir telja þættina gott mótsvar við sjónvarpsefni á borð við America´s Next Top Model og The Swan, þar sem líkamleg fegurð og fegrunaraðgerðir eru hafðar upp til skýjanna.

Leikkonan Salma Hayek er á meðal þeirra sem standa á bak við framleiðslu Ugly Betty, sem byggir á kólumbískum sjónvarpsþáttum sem hafa þegar verið endurgerðir í Þýskalandi, Indlandi og Ísarel.

Hayek má þó fara að vara sig þar sem sögur eru uppi um að Steven Spielberg og hjónin Ed Burns og Christy Turlington séu með í bígerð sjónvarpsþáttaröð um ungt fólk sem starfar í tískubransanum.

*-rve*

# Mýkri ásýnd og færri línur

***Perfectionist correcting concentrate for deeper facial lines frá Estée Lauder, er hressandi fyrir eldri húð sem er byrjuð að fá línur. Þessi handhægi penni býður upp á kröftugan kokteil sem rennur ofan í línur og hjálpar húðinni að rétta úr sér.***

Broslínur í kringum augun og hrukkur á enninu plaga marga konuna og einnig manninn. Þetta er þróun sem ekki verður aftur snúið nema með róttækum aðgerðum en er þó hægt að fela með góðum árangri.

Þessi handhægi penni frá Estée Lauder er góður í snyrtibudduna til að hressa upp á útlitið og stoppar línur í kringum augu og munn.

*-rh*




Perfectionist penninn frá Estée Lauder.


Útsalan er hafin

EURO SKO

Firði Hafnarfirði S: 555-4420

Sendum í póstkröfu



útsalan

hefst í dag kl.11

allt að 50% afsláttur









eva

galleri laugavegi 91

s. 512 1715

# Gull- og silfuræði geisar í Hollywood

***Verið getur að demantar séu bestu vinir hverrar konu, en fleiri kusu þó gull og silfur á liðnu ári. Að minnsta kosti á meðal fræga fólksins.***

Gull- og silfurlitaðir kjólar voru áberandi í fatavali stjarnanna á liðnu ári, ýmist við frumsýningar, uppákomur eða önnur hátíðleg tækifæri.

Carmen Electra mætti þannig í fallegum gulllitum kjól á Fashion Rocks-tónleikana sem voru haldnir í september síðastliðnum í New York.

Thandie Newton var ekki síður flott þegar hún mætti til frumsýningar á The Pursuit of Happiness í Beverly Hills íklædd gamaldags gullkjól frá tískuhönnuðinum Calvin Klein.

Cate Blanchett skipti úr gulli yfir í silfur, þegar hún birtist á frumsýningu kvikmyndar sinnar Notes On A Scandal, klædd silfurlitaðri dragt. Menn eru reyndar ekki á einu máli um hvort skiptin hafi verið leikkonunni til góða og setti People dragtina meðal annars á lista yfir verstu tískuslys ársins 2006.

Cameron Diaz, Jennifer Connelly og Gayle King voru líka á meðal þeirra stjarna sem liðu eftir rauða dreglinum íklæddar annað hvort gull- eða silfurlituðum fatnaði frá hönnuðum á borð við Zac Posen, Veru Wang, Badgley Mischka og Diane von Furstenberg.

Þrátt fyrir miklar vinsældir er ekki útlit fyrir að málmarnir séu á undanhaldi á nýju ári. Þvert á móti eru ýmis teikn á lofti að gull- og silfuræðið eigi eftir að ná nýjum hæðum hjá fræga fólkinu og þá væntanlega okkur hinum núna í ár. *-rve*


Thandie Newton.


Cameron Diaz.


Carmen Electra.


Cate Blanchett.







Hér og á næstu myndum sést LG KE850-síminn, en Prada gsm-síminn byggir á honum.

# Gsm-sími frá Prada

***LG hannar nýjan gsm-síma í samvinnu við tískurisann Prada.***

Forsvarsmenn LG munu feta í fótspor Motorola sem átti á sínum tíma í samstarfi við tískuhönnuði D&G um hönnun sérstaks gsm-síma.

Munurinn er hins vegar sá að á meðan sími Motorola var einungis dæmigerður Razr-sími í dýrari umbúðum, mun nýi LG og Prada-síminn verða hannaður alveg frá grunni.



Þannig mun gsm-síminn verða í sérstökum Prada, en ekki LG, umbúðum og símahulstri, sem þykja mínimalísk. Handfrjálsi búnaðurinn hefur síðan LG KE850-símann að fyrirmynd, sem hefur enn ekki verið markaðssettur. Þá verður ekki takka- eða lyklaborð á símanum, heldur sérstök gerð snertiskjás.

Reiknað er með að Prada-síminn verði fáanlegur í Bandaríkjunum og fimm Evrópuríkjum á þessu ári.

Meðfylgjandi eru myndir af LG KE850, sem Prada-síminn verður byggður á, og ættu að gefa lesendum einhverja hugmynd um hvernig nýi síminn kemur til með að líta út. *-rve*





Tískuheimurinn fylgdist grannt með Siennu Miller sem virtist slá í gegn í hvert sinn sem hún mætti á rauða dregilinn. Hún var í mörgum fallegum kjólum á árinu en okkur fannst þessi sætastur.



Keira Knightley mætti til frumsýningar í þessum gyllta kjól frá Gucci. Það getur ekki hver sem er látið þetta útlit ganga upp, en Keira gerir það eins og ekkert sé og útkoman ótrúlega flott.



Natalie Portman í sætum svörtum kjól frá Jill Stuart.

# Flottustu kjólarnir árið 2006

***Gull og glamúr einkenndi árið 2006 í tískunni. Við fundum kjólana sem okkur þóttu skara fram úr á rauða dreglinum í Hollywood á þessu ári og völdum flottasta kjólinn.***

Fallegustu kjólarnir af sýningarpöllum tískuhúsanna rata oftast á kroppa Hollywoodstjarnanna. Enda eru það fáir sem hafa efni á þessum kjólum, en við venjulega fólkið getum þó látið okkur dreyma um leið og við flettum í gegnum myndir af stjörnunum. Sumar þeirra bera kjólana með stæl á meðan aðrar virðast aldrei geta valið rétta kjólinn. Hér eru kjólarnir sem okkur þóttu standa upp úr á árinu.



Cate Blanchett mætti á frumsýningu í þessum stutta svarta og gyllta kjól. Æðislegur kjóll.



Flottasti kjóll ársins er án efa sinnepsguli síðkjóllinn frá Veru Wang sem Michelle Williams mætti í á síðustu Óskarsverðlaunaafhendingu. Michelle var með rauðan varalit í stíl við dregilinn og verður þetta útlit seint toppað.

Chloe Sevigny fer sínar eigin leiðir í fatavali. Hér er hún í einstaklega flottum kjól frá Balenciaga og er án efa einn af flottustu kjólum ársins.













**Ljósin kæta** og þótt jólaskrautið fari nú brátt ofan í kassa er ekkert sem segir að seríurnar megi ekki hanga örlítið lengur.

Komdu og gerðu rosa kaup á flísum
60-70% afsláttur!
HÚSHEIMAR
Lækjargötu 34c, 220 Hfj, s. 553 4488

F·PROT antivirus
Íslensk veiruvörn
F-PROT Antivirus (Lykla-Pétur) fyrir allar tölvur heimilisins kr 4.900,-
á www.frisk.is.
FRIÐRIK Skúlason ehf
Þverholti 18 • 105 Reykjavík • Sími: 540 7400 • Bréfsími: 540 7401 • www.frisk.is

Vatnsrúm
Yfir 20 ára reynsla á Íslandi
Vatnsrúmin eru komin aftur flottari og betri, þetta er það besta á markaðinum í dag þú átt það skilið að láta þér líða vel í rúminu. Vaknar út hvíld/ur og tekur brosandi á við daginn .
15 ára ábyrgð það gerist ekki betra
Vatnsrúm ehf. www.4you.is
Kársnesbraut 114 • sími 564 2030 - 690 2020

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Túlipanar gegn vetrardrunganum

Senn líður að því að við sviptum burt öllu jólaskrautinu og seríunum. Þrettándinn er á laugardaginn. Janúarmánuður, sem mörgum finnst vera lengsti, leiðinlegasti og dimmasti mánuður ársins, er byrjaður. Og þrátt fyrir að sól hækki ört aftur á lofti er samt dálítið tómlegt inni hjá okkur eftir að jólaskrautið er komið í öskjurnar sínar í geymslunni. Nú er þörf á að dempa dálítið skrautsjokkið og söknuðinn sem grípur um sig hjá okkur þegar við sitjum aftur í „gráum“ raunveruleika hversdagsins eftir hátíðarnar. Að vísu er auðvitað allt í toppstandi hjá okkur innandyra, vel til tekið og hreint í hólf og gólf. En eitthvað vantar, einhvern lit og líf sem hressir upp á. Þarna getur snotur túlipanavöndur unnið kraftaverk! Fátt er nefnilega jafn uppörvandi í skammdeginu en litglaðir túlipanar í fallegum vasa.

**Svalir og heillandi!**

Það er einhver svalandi og frísklegur þokki yfir túlipanablómum. Þau eru glaðlegt tákn um að vor sé í vændum. Þeir eru fáir sem ekki fyllast vorhug og bjartsýni við að vera nálægt blómstrandi túlípönum. Túlipanarnir eru sléttir, mjúkir og fremur svalir viðkomu, ekkert ryk, loð og ló þar! Og enda þótt túlipanar búi yfir kvenlegri mýkt, hafa þeir engu að síður um langar aldir verið tákn hins sigursæla hermanns og hinna mildu stríðsherra. Túlipanar eru tignarblóm. Litaúrvalið vantar heldur ekki, hægt er að fá blómin hvít, bleik, rauð, gul eða fjólublá og ótal tilbrigði þar á milli. Afskornir túlipanar geta staðið í vatni og verið fallegur vöndur í um vikutíma við venjulegar aðstæður. Og fyrir þá sem vinna strembna skrifborðs-vinnu passar alveg að setja túlipana á borðið á mánudagsmorgni, þá skarta þeir sínu fegursta út vinnuvikuna. Gerið smá tilraun: Prófið þetta – og mælið hvort afköstin hjá ykkur aukist ekki! Ekki er heldur erfitt að nálgast túlipanana á þessum árstíma, túlipanabúnt fást á flestum bensínstöðvum, matvöruverslunum og svo auðvitað í blómabúðunum.

**Svona er farið að:**

Túlipanar njóta sín best margir saman í dálítið víðum blómavösum. Það er í fínu lagi að blanda saman blómlitum og formum. Flestir kjósa þó að halda hverjum lit fyrir sig. Það gefst ekkert sérlega vel að hafa aðrar tegundir blóma með þeim í vendi, þótt í lagi sé að stinga grænum greinum með. Túlipanar hafa dálítið öðruvísi „vasaþarfir“ en flest önnur blóm. Stilkarnir lengjast alltaf dálítið eftir að þeir eru komnir í blómavasana. Það þarf oft að skipta um vatn á þeim og skera ögn neðan af stilkunum í hvert sinn og láta þá bara ná um það bil fimm til sjö sentimetra niður í ferskt og svalt kranavatn. Þótt yfirleitt sé mælt með að hafa svokallaða „blómanæringu“ í vatn fyrir afskorin blóm, á það ekki við um túlipana. Yfirleitt eru túlipanar seldir í búntum og geta staðið vatnslausir í umbúðunum inni í kæli nokkra daga án þess að það komi nokkuð niður á gæðum þeirra eða endingu. En þegar við höfum fengið búntin í hendur og erum komin með þau heim þarf að gera eftirfarandi:



1. Skera tvo til þrjá sentimetra neðan af stilkunum og láta búntin standa og „draga sig“ í svosem hálftíma í íláti með um tíu sentimetra djúpu vatni. Notum hreint, kalt kranavatn. Höldum umbúðunum utan um á meðan.

2. Taka túlipanana upp og fjarlægja umbúðirnar. Koma síðan túlipönunum fallega fyrir í vasa með vatni og láta stilkana ná 5 cm niður í vatnið.

3. Setja vönd og vasa svo á þann stað sem við njótum hans best.

4. Höfum túlipanavöndinn gjarnan á köldum stað á næturnar. Það er ekki nauðsynlegt en lengir endinguna um einn til tvo daga.

5. Skera ögn neðan af stilkunum á hverjum degi og skipta um vatn.

White-Westinghouse
ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

## Húsráð

### Heilræði við hreingerningar

- Stundum hellist matur eða deig niður í ofninn. Þá er gott að strá strax dálítlu salti á óhreinindin. Þegar ofninn hefur kólnað er síðan hægt að bursta þau af með rökum svampi.
- Þegar þrífa þarf matarleifar sem fest hafa innan á örbylgjuofninum má auðvelda verkið með því að sjóða bolla af vatni í ofninum. Bollinn er látinn standa í ofninum í nokkrar mínútur. Gufan af honum mýkir upp matarblettina og auðvelt er að þrífa þá burt.
- Óþarfi er að kaupa sér rándýr hreinsiefni því tannkrem svínvirkar á flesta bletti.
- Matarsódi er þarfaþing til að ná kaffi- og teskán úr bollum. Best er að fylla bollana af sjóðandi vatni og setja teskeið af sóda út í. Matarsódann má líka nota til að ná leiðindablettum úr gólfdúk. Setjið sódann bara beint á blettina og bleytið aðeins upp í honum.



## TÓNLIST FYRIR ALLA

*Tónsalir kenna ungum tónlistarmönnum sem öldnum rokk, blús og partígítarspil.*

SJÁ BLS. 6



## HEIMURINN EINN STÓR SKÓLI

*Aldey og Þórveig Traustadætur nutu sín sem skiptinemar.* SJÁ BLS. 2

[ SÉRBLAÐ UM NÁM OG FRÆÐSLU – FIMMTUDAGUR 3. JANÚAR 2007 ]

# Skólar og námskeið



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS GETTY IMAGES

## EFNISYFIRLIT


**NÁMSFLOKKAR REYKJAVÍKUR**
*Finna réttu námsleiðina* BLS. 4

**PHOTOREADING**
*Náms- og lestrartækni* BLS. 6

**PRÓFKVÍÐI OG SJÁLFSMAT**
*Tímaáætlun er lykillinn* BLS. 8

**Á EIGIN SPÝTUR**
*Uppsetning þráðlauss nets* BLS. 10

**MENNINGARLEGUR MÍMIR**
*Námskeið um fjölmenningu* BLS. 10

**ÍÞRÓTTAAKADEMÍAN**
*Fræðsla fyrir fagfólk og almenning* BLS. 12





**ÁHUGI Á SKRYKKDANSI**
*Jón Pétur og Kara í syngjandi sveiflu* BLS. 14

**LEIKUR OG STARF**
*Starfsemi frístundaheimila* BLS. 16





# Heimurinn er einn stór skóli fyrir lífið

Þúsundir ungmenna víðs vegar um heiminn dvelja fjarri heimahögunum sem skiptinemar ár hvert. Reynslan er bæði eftirminnileg og lærdómsrík. Sagt er að sumt sé ekki hægt að læra með bókalestri og fyrir skiptinema er heimurinn einn stór skóli sem kennir þeim margt um lífið sjálft.



Gott er að grípa tækifærið meðan það gefst og fá að upplifa dvöl í framandi landi enda er heill heimur þarna úti sem bíður með allar sínar dásemdir.

## Vegir liggja til allra átta

- Fjölmargir möguleikar eru í boði fyrir ungt fólk til þess að fá tækifæri til þess að búa og læra erlendis í gegnum viðurkenndar stofnanir.
- Umsækjendur hjá AFS þurfa að vera á aldrinum 15 til 18 ára. Umsækjendur geta valið um að dvelja í ár, hálft ár og þrjá mánuði. Umsóknarferli AFS getur tekið allt upp í tvo mánuði. www.afs.is
- Háskóli Íslands er aðili að nokkrum skiptinemasamningum. Á slóðinni www.hi.is/page/samningarhi eru ítarlegar upplýsingar um samningana og þau lönd sem eru í boði fyrir stúdenta í HÍ.
- Erasmus gerir stúdentum kleift að stunda nám við háskóla eða æðri menntastofnun í öðru landi í 3 til 12 mánuði. Stúdentar geta flust á milli háskóla, án þess það tefji þá í námi.
- Nordplus er norræn hliðstæða Erasmus-áætlunarinnar. sem miðar að því að Norðurlöndin verði einn menntunarmarkaður.
- HÍ er aðili að bandarísku stúdentaskipta-samtökunum ISEP sem gefur stúdentum HÍ kostur á að stunda nám í eitt eða tvö misseri í Bandaríkjunum, metið sem hluti af námi Háskóla Íslands.
- Utrecht - samstarfsnet evrópskra háskóla sem HÍ er aðili að, hefur tengst 14 háskólum í miðríkjum Bandaríkjanna.
- CREPUQ. Samstarfssamningur HÍ og 19 háskóla í Québec í Kanada. Samningurinn hljóðar upp á gagnkvæm stúdentaskipti með niðurfellingu skólagjalda.
- AEN er samstarfsnet á milli Utrechts samstarfsnets evrópskra háskóla og sjö háskóla í Ástralíu. Í samningnum felst niðurfelling skólagjalda.

## Erum að búa til heimsborgara

AFS skiptinemasamtökin hér á landi fagna fimmtíu ára afmæli sínu á Íslandi í ár. Árið 2006 var metár í fjölda skiptinema sem fóru frá Íslandi út í heim.

„Samtökin hér á landi byrjuðu árið 1957 og því fögnum við fimmtíu ára starfsafmæli okkar hér á landi nú í ár," segir Rósa Björg Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri AFS á Íslandi. Hún segir góðan hug hafa staðið að baki stofnun samtakanna. „AFS byrjaði sem félag bandarískra sjúkraflutningamanna í seinni heimsstyrjöldinni sem ekki vildu taka þátt í stríði en ákváðu að fara til stríðshrjáðra landa til að aðstoða og hlúa að særðum. Í framhaldinu fóru þeir að beita sér fyrir stofnun samtaka til að auka skilning milli manna til að koma í veg fyrir stríð." Mikill fjöldi nemenda er sendur til erlendra landa á vegum samtakanna ár hvert. „Árið 2006 sendum við 162 skiptinema til 30 landa. Það er mesti fjöldi sem við höfum sent á einu ári síðan samtökin hófu starfsemi hér á landi."

Rósa segir skiptinemadvöl erlendis vera mjög þroskandi og margir kostir í boði fyrir þá sem hafa áhuga á að gerast skiptinemar. Aðallega er valið um tvær lengdir á dvalartíma, hálfs árs og eins árs dvöl. „Skiptinemarnir sem fara út eru á aldrinum fimmtán til átján ára. Við erum í miklu samstarfi við íslenska framhaldsskóla og erum núna að skoða betur hvernig þetta skiptinemaár er metið inn í námsferil þeirra sem fara út. Skiptinemar læra mjög mikið um menningu og siði þess lands sem þeir heimsækja. Þetta er stórkostlegt tækifæri fyrir þessa ungt fólk. Það er mikill munur á því að fara sem skiptinemi, og búa með fjölskyldu í landinu, og að heimsækja landið sem ferðamaður. Það má segja að þau kynnist menningu landsins innan frá."

AFS starfar í 55 löndum um allan heim. „Þetta eru alþjóðleg samtök. Við tókum á móti 43 skiptinemum árið 2006 frá fimmtán löndum. Við höfum verið ánægð með hve margir eru til í að opna heimili sitt og kynna fyrir ungu fólki frá öðrum löndum. Þetta er líka kjörið tækifæri fyrir fólk til að kynnast annarri menningu inni á heimili sínu. Það sem einkennir AFS er að maður er stöðugt að kynnast hinu góða í fólki," segir Rósa. „Við segjum oft að við séum að búa til heimsborgara. Við höfum trú á því að AFS eigi mikinn þátt í þeirri útrás á alþjóðavettfangi sem á sér stað á Íslandi í dag. Við höfum sent um fjögur þúsund manns út í heim til að kynnast framandi menningu." *- öhö*



Rósa Björg Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri AFS samtakanna á Íslandi segir skiptinemadvöl þroskandi og skemmtilega.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Framandi Mexíkó

Sindri Baldur Sævarsson var skiptinemi í Mexíkó á vegum AFS. Hann segir dvölina hafa verið fróðlega.

„Ég hafði lítið ímyndað mér hvernig þetta yrði þegar ég fór og ákvað að sjá þetta bara þegar að því kæmi. Ég þekkti landið lítið sem ekkert," segir Sindri Baldur Sævarsson sem fór sem skiptinemi til Mexíkó. „Ég var hjá stórri fjölskyldu þar sem þrjú systkini voru á heimilinu og svo voru afinn og amman mjög oft á heimilinu líka."

Sindri stundaði nám í skóla sem er jafngildi menntaskóla hér á Íslandi. „Það var gaman að prófa skóla í öðru landi. Það er töluvert mikill munur á skólanum sem ég var í þarna og þeim skólum sem ég hef verið í á Íslandi. Þeta var einkaskóli og þar voru krakkar alls staðar að. Ég held sambandi við suma krakkanna í gegnum netið og svo heimsótti ég þau aftur í apríl síðastliðinn."

Sindri bjó í milljón manna borg í Mexíkó og segir það hafa verið töluverð viðbrigði að koma að austan og flytja í svona stóra borg. „Ég ferðaðist um landið og sá marga merka staði. Við fórum nokkrir skiptinemar saman í ferð en annars hittum við hina skiptinemana lítið. Það er reynt að dreifa okkur sem mest til að við blöndum frekar geði við heimamenn." Sindri segir andstæður einkenna landið. „Það var mikill munur á fólki þarna. Sumir voru mjög fátækir og aðrir mjög ríkir. Misskiptingin var mikil," segir Sindri sem er reynslunni ríkari eftir lærdómsríka ferð. *- öhö*



Sindri Baldur segir mikil viðbrigði að flytja úr litlum bæ í milljón manna borg.
FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON



Systurnar Aldey og Þórveig sáust varla í tvö ár þar sem þær voru skiptinemar hvor í sinni heimsálfunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

## Lífsreynsla að vera skiptinemi

Systurnar Aldey og Þórveig Traustadætur frá Húsavík hafa báðar verið skiptinemar. Aldey fór til Frakklands en Þórveig til Bandaríkjanna. Þær segja þetta mikla lífsreynslu.

„Mamma hafði farið til Bandaríkjanna og var búin að segja okkur mikið frá þessu. Ég hafði hins vegar í fyrstu lítinn áhuga á að fara frá Húsavík en ákvað svo að slá til," segir Aldey en hún fór til Frakklands. Hún segir að sig alltaf hafa langað til að sjá Eiffelturninn og sér þyki franska heillandi tungumál. „Ég var í litlum bæ í miðju Frakklandi og var síðan í skóla í öðrum bæ sem tók 20 mínútur að keyra til."

Þórveig fór síðan árið eftir sem skiptinemi til Bandaríkjanna og má því segja að þær systur hafi varla hist í tvö ár. „Þetta var dálítið skrítið en þetta bætti samt bara sambandið á milli okkar og við lærðum að meta hvor aðra betur," segir Aldey.

Þórveig segir Bandaríkin hafa orðið fyrir valinu því hún hafi horft á svo mikið af amerískum kvikmyndum og hafi haft áhuga á að kynnast lífinu þar af eigin raun. „Mig hefur lengi langað til að lifa ameríska drauminn ef svo má segja," segir Þórveig sem fékk nasaþef af þeim draumi þegar hún var valin lokaballsdrottning í skólanum sínum. „Ég var hjá frábærri fjölskyldu í Wisconsin í Bandaríkjunum sem ég held miklu sambandi við. Dóttir fólksins sem ég var hjá er einu ári eldri en ég og við urðum góðar vinkonur. Hún kom hingað til Íslands og var með okkur um jólin og svo erum við duglegar að skrifast á," segir Þórveig.

Aldey segist einnig halda góðu sambandi við fjölskyldu sína í Frakklandi. „Ég heimsótti þau í aftur í sumar. Ég var hjá mjög stórri fjölskyldu, en þau voru sjö á heimilinu. Þau höfðu tekið skiptinema áður og eru með annan skiptinema núna. Ef vel gengur þá er algengt að fólk geri það oftar en einu sinni."

Þórveig segir að dvölin úti hafi sýnt sér að hún vissi ekki nóg um sitt heimaland. „Ég var mikið spurð út í Ísland og þurfti að kynna mér það meira en áður til að geta svarað öllu. Ég lærði því mikið bæði um Ísland og Bandaríkin í þessari ferð."

„Mamma okkar er fulltrúi fyrir AFS hér á Húsavík og við höfðum tekið skiptinema á heimilið þegar við vorum yngri," segir Þórveig. „Það er mikil fjölgun á skiptinemum frá Húsavík og það eru sex krakkar héðan á leiðinni út í janúar," segir Aldey. Hún segir blogg á vefsíðum hafa mikið að segja. „Krakkarnir sem fara út eru duglegir að blogga fyrir vini og ættingja heima og það vekur áhuga annarra á að leggja land undir fót." *- öhö*


KAUPÞING
NAMUS EST LIFSTILUM
NÁM ER LÍFSSTÍLL
„LÁTTU HJARTAÐ RÁÐA FÖR Í NÁMINU. HEILINN ER EKKERT TIL AÐ TREYSTA Á.“
Námsmannaþjónusta Kaupþings býður:
Helmingsafslátt af færslugjöldum.
Allt að 300.000 kr. tölvukaupalán.
20 bókastyrki á ári að upphæð 20.000 kr. hver.
15 námsstyrki á ári að upphæð 200.000 kr. hver.
Ekkert árgjald af kreditkortum fyrsta árið.
Mánaðarlegt framfærslulán tengt LÍN á hagstæðum vöxtum.
Ábyrgðir vegna LÍN lána.
Útgjaldadreifingu – fyrsta árið frítt!
Netklúbbur – sérstök tilboð til meðlima.
Allt að 3.000.000 kr. námslokalán á frábærum vöxtum.
Nýir námsmenn geta valið um USB minnislykil eða 1.500 kr. ávísun til niðurgreiðslu á nemendagjöldum.
Einstakt útskriftartilboð til að gera árin eftir nám þægilegri.
WWW.KAUPTHING.IS

Öflug námskeið sem skila árangri:
sjá nánar á heimasíðum
www.namstaekni.is
www.photoreading.is
www.blomstradu.net
Námstækni ehf., Ármúla 40, 2.h. s. 899 4023
persónuleg kennsla * vönduð þjónusta * ný sýn

Ert allt til reiðu fyrir nýtt ár?
"Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!"
Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.
"Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf."
Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.
"Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi."
Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.
Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.
3 VIKNA HRAÐNÁMSKEIÐ HEFST 4. JANÚAR (18-21)
2 VIKNA NÁMSTÆKNINÁMSKEIÐ HEFST 20. JANÚAR (10-13)
Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin
á www.h.is og í síma 586-9400

Partýgítarnámskeið


Tónsalir
Tónsalir Bæjarlind 2 sími 534 3700 www.tonsalir.is

NÝI ÖKUSKÓLINN
Öll vinnuvélaréttindi
Öll ökuréttindi
Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Nýi ökuskólinn et húsinu Klettagörðum 11
S: 588-4500 www.et.is

# Finna réttu námsleiðina

Námsflokkar Reykjavíkur eru elsta fullorðinsfræðslustofnun landsins, stofnaðir 1939.

Björg Árnadóttir, forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur, segir hlutverk þeirra í vera fyrst og fremst að sinna menntun þeirra sem minnsta formlega menntun hafa. „Svo veitum við líka ókeypis náms- og starfsráðgjöf á þjónustumiðstöðvum borgarinnar en þar geta allir borgarbúar pantað sér tíma hjá ráðgjafa. Enn fremur er hér sérkennsla í lestri fyrir fullorðna og það sem við köllum grunnnám sem er nám í síðustu bekkjum grunnskóla fyrir fullorðna.“ Þar er námsefni 8. til 10. bekkjar í ensku, dönsku og stærðfræði og íslensku kennt. „Þetta er bæði ætlað þeim sem hafa ekki grunnskólapróf né menntunina en er líka ágætis upprifjun fyrir þá sem vilja hefja nám í framhaldsskóla. Svo er þetta kjörið fyrir þá sem vilja hjálpa börnunum sínum með heimanámið,“ bætir Björg við. Hún segir þetta það helsta sem almenningi stendur til boða hjá Námsflokkunum en þeir standi líka að ýmsum verkefnum sem eru sérsniðin fyrir vissa hópa og í samvinnu við aðra. „Kannski má segja að starfsemi Námsflokkanna núna byggist mikið á því að leita að fólki sem þarf á námi að halda og hjálpa þeim að finna réttu leiðina eða búa til námsúrræði sem passar fyrir hvern og einn.“

Björg segir að hægt sé að byrja í Námsflokkunum þegar hentar en allar nánari upplýsingar eru gefnar á www. namsflokkar.is.


Björg Árnadóttir, forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur, segir hluta kennslu þeirra henta vel fyrir þá foreldra sem vilja hjálpa börnum sínum með heimanámið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Námsflokkar Reykjavíkur eru starfræktir í Miðbæjarskólanum, nánar tiltekið við Fríkirkjuveg 1.


Kári greip tækifærið er leiklistarskólinn Rose Bruford hélt inntökupróf hérlendis, sótti um og stundar nú nám í London. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gæti ekki verið ánægðari

Kári Viðarsson ólst upp á Hellissandi. Hann er nú fjarri heimahögunum, sannkallaður sveitastrákur í stórborg, enda býr hann í London þar sem hann nemur leiklist.

Kári Viðarsson er fyrsta árs nemandi í Rose Bruford-leiklistarskólanum á evrópskri leiklistarbraut. „Það er svolítið erfitt að útskýra námið í fáum orðum,“ segir Kári. „Deildirnar eru nokkrar enda engin ein leið að því að verða leikari.“ Kári nefnir sem dæmi ameríska leiklistarbraut og svo klassísku leikarabrautina. „Munurinn felst í nálgunum og áherslum. Í amerísku deildinni eru tekin fyrir amerísk leikrit og amerískar leiklistarhefðir og skoðanir,“ segir Kári. „Evrópska deildin er meira módern og við spinnum heilmikið, auk þess sem við lærum inn á evrópskar hefðir og tækni.“

Fyrst hefur í aukana að Íslendingar fari til Bretlands í leiklistarnám og er Rose Bruford einn af vinsælli skólunum í því tilliti. „Ég held við séum átta Íslendingar í skólanum, þar af fjórir á fyrsta ári,“ segir Kári sem þó er eini Íslendingurinn í sínum bekk. „Þetta er nokkuð alþjóðlegt og til dæmis er norsk stelpa og brasilískur strákur á sömu braut og ég.“

London er ein stærsta borg í heimi og viðbrigðin voru nokkur fyrir Kára, sem ólst upp í rólegu umhverfi á Hellissandi, að koma í mannmergðina í borginni. „Þetta hefur verið svolítið erfitt en ég er svo heppinn að skólinn er allur á litlu svæði í mjög rólegum hluta borgarinnar. Það hentar mér mjög vel þó svo að borgarhlutinn sé kannski ekki alveg jafnrólegur og Hellissandur,“ segir Kári og hlær. „Svo hjálpar líka að skólinn er alveg frábær. Hér er ég með fullt af góðu fólki að gera akkúrat það sem ég vil svo ég gæti ekki verið ánægðari.“

Framtíðin er eitthvað sem Kári hugsar lítið um enn sem komið er. Áður en hann gerir sér háleitar hugmyndir um frama sinn ætlar hann að klára námið og vinna sig svo út frá því. „Ég á enn eftir að mótast það mikið sem leikari að það er fullsnemmt að fara að taka sér einhverja ákveðna stefnu í leiklistinni,“ segir Kári. „Draumurinn er bara að geta lifað á leiklistinni og þá er maður sáttur.“



JANÚAR
Kafbátur mánaðarins
Kalkúnsbringa og skinka
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
7 SUBWAY kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
HjartaHeill
LANDSSAMTÖK HJARTASJÚKLINGA
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í jan. 2007 • Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
7 SUBWAY kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
SUBWAY

CAPACENT KYNNIR

HAGNÝTA ÞJÁLFUN OG NÁMSKEIÐ

Capacent Ráðgjöf býður uppá fjölbreytt námskeið fyrir fyrirtæki ásamt lengra námi og tímasettum námskeiðum fyrir stjórnendur, sérfræðinga, sölumenn og starfsfólk fyrirtækja og stofnana.

Meðal námskeiðsflokka má nefna:
- Liðsheildarnámskeið
- Persónuleg færni
- Stjórnendaþjálfun
- Viðskipta- og sölustjórnun

**Nánari upplýsingar**
Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir í síma 540 1000,
namskeid@capacent.is og á www.capacent.is/namskeid

capacent RÁÐGJÖF
www.capacent.is

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
við Skólabraut, 210 Garðabæ • Sími 520-1600 • Fax 565-1957
vefslóð: http:www.fg.is • netfang: fg@fg.is



Öflugt fjarnám í boði.
Hagstætt verð.
Skoðið heimasíðuna:
www.fg.is

Meirapróf – Nýir tímar
Nýlegir kennslubílar sem uppfylla
Euró 2 mengunarstaðal, lærðu í nútímanum



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 10. janúar

# Námskeið í partígítarleik

Tónsalir bjóða upp allt frá hefðbundnum hljóðfæranámskeiðum fyrir yngri kynslóðina yfir í að kenna fullorðnum að verða hæfir partígítarspilarar.

Ólafur Þór Kristjánsson, eigandi Tónsala, segir skólann leggja upp úr fjölbreyttu starfi. Tæpir 200 nemendur stunda fullgildingarnám við skólann auk þeirra sem sækja styttri námskeið. „Við kennum eftir ryþmískri forskrift sem þýðir að við kennum í raun alla aðra tónlist en klassíska og lúðrasveitarhljómsveit, þar á ég við popp, rokk, djass og blús,“ segir Ólafur. „Við erum að hefja aftur hefðbundnu námskeiðin okkar fyrir börn og unglinga. Gítarnámskeiðin eru alltaf vinsælust en svo erum við líka með námskeið á trommur þar sem kennt er á trommusett ásamt rafbassanámskeiði.“

Tónsalir bjóða einnig upp á bráðskemmtilegt námskeið í partígítarleik. „Námskeiðin eru ætluð byrjendum, tvítugum og eldri, þeim sem hefur alltaf langað að spila á gítar,“ segir Ólafur. „Námskeiðið stendur í sex vikur þar sem við kennum nemendum einföldustu gripin svo þeir geti bjargað sér sjálfir seinna meir. Við erum líka með svipað námskeið fyrir starfsfólk á leikskólum. Við kennum þá sömu gripin en einbeitum okkur að því að spila leikskólalög. Á partígítarnámskeiðinu eru hins vegar spiluð alls konar lög sem létta lundina í góðum félagsskap. Við ákváðum að hafa námskeiðin stutt svo fólk þurfi ekki að binda sig í of langan tíma. Sex vikur er líka nægur tími til að læra gítargripin og svo getur fólk náð sér í hljómablöð á netinu og gítarbækur úti í búð og undirbúið sig fyrir partísöng aldarinnar. Það eina sem nemendur þurfa að koma með er gítar og góða skapið.“

Nánar má lesa um námskeiðin á www.tonsalir.is. *- jóa*



Hjá Tónsölum eru um 200 börn og unglingar í fullgildingarnámi í trommuleik, gítarleik og á rokkbassa.



Ólafur Þór Kristjánsson, eigandi Tónsala, gutlar á gítarinn enda góður eiginleiki hvers partíljóns að geta leitt góðra vina hóp í gleðisöng. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Undirmeðvitundin notuð á meðvitaðan hátt til lesturs

Photoreading er náms- og lestrartækni sem auðveldar fólki alla vinnu með texta.

„Aðferðin gerir fólki kleift að fara yfir mjög mikinn texta á stuttum tíma, en ná samt að átta sig á aðalatriðunum,“ segir Jóna Björg Sætran M.Ed. sem rekur fyrirtækið Námstækni, þar sem hún er með námskeið í Photoreading.

„Þetta líkist ekki hefðbundnum hraðlestri enda aðferðin önnur. Til dæmis er farið yfir allan textann sem á að lesa í einu, en þó á mun skemmri tíma en með hefðbundnum lestri eða hraðlestri,“ segir Jóna Björg sem er innt eftir frekari skýringu og heldur áfram: „Maður einbeitir sér á ákveðinn hátt áður en ferlið hefst. Að því loknu tekur við slökun og efnið myndlesið án þess að horfa skýrt á það og augunum er beitt á ákveðinn hátt. Undirmeðvitundin er þannig notuð á meðvitaðan hátt. Að þessu loknu geymir maður efnið í tuttugu mínútur eða yfir svefntímann, þá fer maður að lesa efnið, og notar þá svipaða tækni og hraðlesturinn byggist á, en þar sem maður er búinn að myndlesa efnið áður þá á maður miklu auðveldara með að ná yfirsýn yfir allan textann,“ segir Jóna Björg og bætir við að mjög einfalt sé að læra þessa aðferð og geti allir tamið sér hana.

„Fólk getur náð verulega góðum árangri, einnig þeir sem eru lesblindir eða eiga við námsörðugleika að stríða.“

Jóna Björg heldur reglulega námskeið í Photoreading hjá Námstækni og tekur hvert þeirra tólf stundir. Hún segir að fólk sem temji sér tæknina strax að námskeiði loknu geti komið að henni aftur án þess að hafa tapað nokkru niður. „Þetta er eins og að hjóla, um leið og maður er búinn að læra þetta, þá gleymist það aldrei.“

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.photoreading.is

*kristineva@frettabladid.is*



„Þetta er eins og að hjóla, um leið og maður er búinn að læra þetta, þá gleymist það aldrei,“ segir Jóna Björg Sætran um Photoreading-tæknina.



FJARNÁM ÖFLUGT OG ÓDÝRT
Skráning á www.verslo.is
5. janúar - 15. janúar
VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS


100 FRÍAR FÆRSLUR
Á ÁRI FYRIR NÁMSMENN
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Glitnir léttir námsmönnum lífið og býður þeim bestu kjörin.
Til dæmis bjóðum við aðeins 14,9% vexti af yfirdráttarlánum v. LÍN. Kynntu þér málið
í útibúum Glitnis, þjónustuveri í síma 440 4000 og á glitnir.is.
GLITNIR



Örn Jóhannesson er nemi á þriðju önn á frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Aftur á skólabekk

Síðastliðið haust hóf Örn Jóhannesson nám á frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík eftir nokkurt hlé frá námi.

Starfsemi frumgreinasviðs Háskólans í Reykjavík er í húsakynnum gamla Tækniháskólans á Höfðabakka. Markmið náms á frumgreinasviði er fyrst og fremst að undirbúa nemendur undir frekara nám í Tækni- og verkfræðideild skólans. Örn er nú að hefja nám á þriðju af fjórðu önn á frumgreinasviðinu. „Ég ákvað að skella mér í að klára frumgreinadeildina í haust, ég var búinn að fara í nokkra framhaldsskóla á árum áður og fékk því fyrstu önnina metna. Það má kannski líkja þessu við stærðfræðibraut í menntaskóla sem er tekin á tveimur árum og það hentar mér bara vel.“ Hann viðurkennir þó að námið á brautinni sé býsna erfitt en lýsir sjálfum sér sem „meðal duglegum námsmanni“. „Ég reyni að vera mættur í skólann klukkan átta á morgnana og er kominn heim svona fjögur á daginn, en það fer auðvitað allt eftir verkefnastöðunni í skólanum.“

Hvað ætlar þú að taka þér fyrir hendur þegar þú ert búinn með frumgreinasviðið? „Ætli maður fari ekki í byggingatæknifræðina Í HR, ég er allavega spenntastur fyrir því eins og er.“

Örn kvartar ekki undan félagslífinu í skólanum og segir það mjög gott. „Það er nemendafélag hérna sem heitir Technis, sem er ekki beint fyrir frumgreinasviðið en við höldum þessu alveg uppi. Félagið skipuleggur vísindaferðir reglulega sem eru ekki beint til að aðstoða mann við námið, því aðaláherslan er oftar en ekki lögð á bjórdrykkju. Það má því alveg segja að þær dragi mann niður í náminu en efli góða skapið hins vegar til muna.“

*-vör*

# Tímaáætlun er lykillinn

Þegar háskólanám tekur við lenda margir í tímaþröng og fá prófkvíða. Háskólanám gerir kröfur til sjálfsnáms og því þurfa margir að tileinka sér ný vinnubrögð í námi.

Á nýju ári líta margir yfir farinn veg og endurskoða árangur í námi síðastliðins árs. Háskóli Íslands býður nemendum sínum upp á námskeið og ráðgjöf í námstækni og tímastjórnun en að sögn Heimis Haraldssonar, námsráðgjafa við Háskóla Íslands, er tímaáætlun lykillinn að breyttum námsvenjum.

„Þegar nemendur segja að þeir hafi ekki tíma, er það oft sökum forgangsröðunar sem hægt er að breyta með aðstoð námsráðgjafa. Við gerð tímaáætlana er tekið mið af föstum þáttum í námi og einkalífi og síðan forgangsraðað upp á nýtt,“ segi Heimir.

Það ber sjaldnast árangur í háskólanámi að líta í bók í fyrsta sinn rétt fyrir próf, en markmiðin þurfa líka að vera framkvæmanleg og stígandi að sögn Heimis. „Mikilvægt er að vinna jafnt og þétt yfir misserið. Þá eru minni líkur á prófkvíða, en þó er það ekki algilt,“ segir Heimir. Nemendur eru hvattir til að leita sér ráðgjafar í tíma heldur en að bíða rétt áður en próftíminn hefst og kynna sér námskeið um námstæki og tímastjórnun sem Háskólinn býður upp á.

Upplýsingar um vinnubrögð í námi má lesa á heimasíðu Námsráðgjafar Háskóla Íslands http://www.hi.is/page/namsradgjofHI auk þess sem náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands bjóða upp námstækninámskeið sniðið að þörfum háskólanemenda á hverju misseri.

*- rh*



Heimir Haraldsson, námsráðgjafi hjá Háskóla Íslands, hvetur nemendur til að kynna sér námskeið í námstækni og tímastjórnun við upphaf annar.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Starfsmennt
FRÆÐSLUSETUR

Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur ríkisins og 19 stéttarfélaga innan BSRB og sinnir símenntun, ráðgjöf og starfsþróunarverkefnum.

Starfsmennt býður upp á:

- Sérsniðið starfsnám fyrir ríkisstarfsmenn
- Fræðslu og ráðgjöf fyrir ríkisstofnanir
- Almenn námskeið sem efla í senn faglega og persónulega hæfni
- Fjölbreytt framboð tölvunáms á netinu

Starfsfólk Starfsmenntar veitir allar nánari upplýsingar og fer skráning fram á heimasíðu Starfsmenntar www.smennt.is

ATARNA / STÍNA M. / FÍT



Símenntun varðar þig

Fræðslusetrið Starfsmennt • Grettisgötu 89, 105 Reykjavík • sími 525 8395 • smennt@smennt.is • www.smennt.is




# NÁÐU FRAM ÞVÍ BESTA!

**Við hjálpum þér að:**

- Efla sjálfstraustið
- Ná framúrskarandi árangri í mannlegum samskiptum
- Bæta tjáningarhæfnina
- Efla leiðtogahæfileikana
- Draga úr áhyggjum, streitu og kvíða
- Setja þér raunhæf og krefjandi markmið
- Bæta þig í tímastjórnun

## KYNNINGARFUNDUR -allir velkomnir:

Þriðjudaginn 9. janúar kl. 20:00-21:15
Ármúla 11, 3. hæð (við hliðina á Broadway).

## NÁMSKEIÐ HEFJAST:

15. janúar
24. janúar - Leiðtoga- og samskiptaþjálfun fyrir konur
25. janúar
5. febrúar

**Námskeiðin standa frá kl. 18:00 - 22:00, eitt kvöld í viku í 12 vikur.**

***Sæunn Sylvía Magnúsdóttir, skrifstofustjóri.***

*Á námskeiðinu lærði ég samskiptatækni sem nýtist mér á hverjum einasta degi. Ég lærði að setja mér markmið, að setja eldmóð í verkefni mín og koma hlutunum hraðar í verk. Ég er skipulagðari, hugrakkari og sjálfstraustið er mun meira. Ég er öruggari og hnitmiðaðri í tjáningu.*

*Eftir námskeiðið er ég óhrædd við að takast á við nýjar áskoranir og ég er meðvitaðri um hvernig ég get haft jákvæð áhrif á fólkið í kringum mig. Síðast en ekki síst lærði ég að byggja á styrkleikum mínum sem gerir mig sterkari í leik og starfi.*

DALE CARNEGIE©
ÞJÁLFUN
Sími 555 7080







Tómas Hermannsson stefnir á að kenna sem flestum að setja upp þráðlaust net á eigin spýtur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þráðlaust net á eigin spýtur

Að koma upp þráðlausu neti getur verið flókið. Nú má nálgast hjálparbækling um uppsetningu þráðlauss nets.

„Möguleikarnir eru orðnir svo margir í hinum þráðlausa og stafræna heimi að gott getur verið að fá einfaldar upplýsingar til að koma þessu í gagnið á réttan hátt frá upphafi," segir Tómas Hermannsson, útgefandi hjá Sögum ehf., en bókaútgáfan hefur gefið út röð hefta með einföldum leiðbeiningum um hinn þráðlausa og stafræna tölvuheim sem nefnist Á eigin spýtur.

Þráðlaust net á eigin spýtur kennir uppsetningu á þráðlausu neti fyrir heimili eða lítinn vinnustað þar sem fjallað er um netbúnaðinn, snúrur, netkort, skipti, beini (rauter) og aðgangsstað. Lesendur læra einnig að setja inn stillingar fyrir aðgangsstað þráðlausa netsins og að setja upp upp beini til að ná sambandi við internetið.

„Flestir setja upp netið heima sjálfir en það eru ekki allir með tölvuþekkingu sem vilja nýta sér netið og þá getur verið gott að hafa leiðbeiningar á íslensku til að koma því í gagnið," segir Tómas.

Einnig er komin út Stafræn ljósmyndun á eigin spýtur og hægt að nálgast heftin í vefverslun útgáfunnar á www.baekur.is.

*-rh*


## Öldungadeild MH

**Stundatafla vorannar 2007**

Innritun í Öldungadeild fer fram fimmtudaginn 4. janúar, föstudaginn 5. janúar og mánudaginn 8. janúar 2007 frá 15.00-19.00. Símainnritun verður frá 09.00-12.00 í síma 5955207. Námsráðgjafar og matsnefnd verða á staðnum 4.1 og 8.1 kl. 16.00-19.00, Deildastjórar verða við á 8.1 kl. 17.00-18.00 Einnig er hægt að skrá sig vefrænt á **www.mh.is**

| Tími | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 16.45 - 17.45 | EDL103-VRE-23<br>HEI103-KAJ-<br>ÍSL403-GUL-15<br>ÍTA203-JOG-41<br>NÁT123-JOV-25<br>STÆ503–NN | FRA203–ALA-33<br>JAR203–PAL-<br>SPÆ203–ASI-41<br>SAG3E36-GAS<br>STÆ103-HEJ-13<br>ÞÝS203–BEH-14 | EFN103 –JOV-25<br>ÍTA303-JOG-41<br>NÁT133–VRE-23<br>SÁL203–HAF-20<br>SAG2636-RUN-<br>STÆ403-NN-12 | FRA403-GEL-33<br>ÍSL503-SIS-15<br>NÁT113–PAL-<br>SPÆ403-ASI-41<br>ÞÝS403-GUM-14<br>STÆ203–HEJ-13 |
| 17.55 - 18.55 | EFN103 –JOV-25<br>ÍTA303-JOG-41<br>NÁT133–VRE-23<br>SÁL203–HAF-20<br>STÆ403-NN-12<br>SAG2636-RUN- | FRA403-GEL-33<br>ÍSL503-SIS-15<br>NÁT113–PAL-<br>SPÆ403-ASI-41<br>STÆ203–HEJ-13<br>ÞÝS403-GUM-14 | EDL103-VRE-23<br>HEI103-KAJ-<br>ÍSL403-GUL-15<br>ÍTA203-JOG-41<br>NÁT123-JOV-25<br>STÆ503–NN - | FRA203–ALA-33<br>JAR203–PAL-18<br>SPÆ203–ASI-41<br>SAG3E36-GAS<br>STÆ103-HEJ-13<br>ÞÝS203–BEH-14 |
| XXX | XXXXXXXXXX | XXXXXXXXXX | XXXXXXXXXXX | XXXXXXXXXX |
| 19.10 - 20.10 | DAN203—38<br>FÉL 103-ADA-36<br>FRA503-SAN-33<br>SÁL103-HAF-20<br>ÞJÓ163-ÞOK-38<br>ÞJÓ263-ÞOK-38<br>ÞJÓ363-ÞOK-38 | FÉL203-ADA-36<br>ÍSL3O3-GAS-16<br>LAN103 –ÞOS-28<br>LÍF203 – SIH-<br>SAG203-ÞOS-28 | ENS203–45<br>ENS503- -31<br>FÉL233ADA-20<br>SAG393–GAS-30<br>ÞJÓ203–ÞOK-36<br>ÞÝS503-VAB-14 | FÉL3036-SKA-20<br>ÍSL203-BÓL-16<br>LÍF1036-SIH-<br>MYN153 –IDU-47<br>SPÆ5136-NN-41 |
| 20.15 - 21.15 | DAN203–38<br>FÉL 103-ADA-36<br>FRA503-SAN-33<br>SÁL103-HAF-20<br>ÞJÓ163-ÞOK-38<br>ÞJÓ263-ÞOK-38<br>ÞJÓ363-ÞOK-38 | FÉL203-ADA36<br>ÍSL3O3-GAS-16<br>LAN103 –ÞOS-28<br>LÍF203–SIH-26<br>SAG203-ÞOS-28 | ENS203–45<br>ENS503–31<br>FÉL233-ADA-20<br>SAG393–GAS-30<br>ÞJÓ203–ÞOK-36<br>ÞÝS503-VAB-14 | FÉL3036-SKA-20<br>ÍSL203-BÓL-16<br>LÍF1036-SIH-<br>MYN153 –IDU-48<br>SPÆ5136-NN-41 |

Einnig er í boði yndislestur-það er ÍSL322, isl422 og ENS422, það er ekki inni í töflu.
Athugið að ÞJÓ 163/263/363 eru kennt saman.
Hægt er að velja LAN103 og SAG203 saman, þeir verða kennt í dreifmennt, með staðbundnir lotur.

Menntaskólinn við Hamrahlíð, 5955200/5955216




Manga-myndasögurnar japönsku verða til umfjöllunar á einu námskeiði Mímis þar sem þær verða settar í söguleg og menningarlegt samhengi.

# Margt býr í Mími

Manga og nýr mannauður í íslensku samfélagi eru meðal námskeiða sem verða í boði hjá Mími á vorönn 2007.

„Flestir þekkja það sem áður var Tómstundaskólinn þar sem boðið er upp á alls konar spennandi námskeið," segir Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis. „Sú starfsemi verður kynnt í bæklingi sem verður borinn í hús með Fréttablaðinu 8. janúar næstkomandi." Hún segir að áherslan sé og verði á fjölmenningu. „Ein mest spennandi nýjungin í vor er námskeið sem heitir Innflytjendur – nýr mannauður í íslensku samfélagi í umsjón Hallfríðar Þórarinsdóttur. Þar verður fjallað um þann menningarlega margbreytileika sem er nýr veruleiki á Íslandi og reynir eðlilega á nýja og áður óþekkta þætti í samskiptum," segir Hulda og bætir við að námskeiðið sé ætlað öllum sem hafa áhuga á þessum málefnum.



Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis, er spennt fyrir Manga-námskeiðinu.

Hulda segir að námskeið Mímis séu afar vel sótt, einkum þó íslenska fyrir útlendinga. „Við erum langstærsti aðilinn á landinu sem kennir íslensku fyrir útlendinga og á síðustu önn sóttu um fimm hundruð manns námskeið hjá okkur," segir Hulda. „Vonandi verður aðkoma ríkisins að því að niðurgreiða íslenskunám fyrir útlendinga enn frekari hvatning fyrir útlendinga að læra íslensku." Að auki stendur Mímir fyrir námskeiðum fyrir atvinnulífið, heldur úti grunnmenntaskólanum sem er fyrir þá sem hafa stutta skólagöngu að baki og vilja auka við þekkingu sína og undirbúa sig fyrir frekara nám.

*- bb*


MAÐUR Á BARA
AÐ FINNA SÉR
GÓÐAN BANKA
SPRON
NÁMSMENN
Þegar þú gerist félagi í SPRON NÁMSMENN
átt þú möguleika á eftirfarandi:
FRÍU DEBETKORTI
150 FRÍUM DEBETKORTAFÆRSLUM Á ÁRI
DESEMBERUPPBÓT
NÁMS- OG BÓKASTYRKJUM
TÖLVUKAUPALÁNI*
NÁMSLOKALÁNI*
OG MÖRGU FLEIRU...
ALLIR SEM SKRÁ SIG Í
SPRON NÁMSMENN
FÁ FLOTTAN
FARTÖLVUBAKPOKA
OG EINKAKLÚBBSKORT
*SAMKVÆMT ÚTLÁNAREGLUM SPRON
ÞITT ER VALIÐ - KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á SPRON.IS
spron
NÁMSMENN

# Fræðsla fyrir fagfólk og almenning

**Íþróttaakademían býður ekki eingöngu upp á nám í íþróttafræðum. Þar er fjölbreytnin í fyrirrúmi og haldin eru fjölmörg námskeið og fyrirlestrar, fyrir fagfólk og almenning, um allt frá gervisætuefnum til leiðtogafræða.**

Íþróttaakademían er nú orðin þriggja anna gömul. Tilgangur Íþróttaakademíunnar er að sinna fræðslu á sviði íþrótta, heilsu og símenntunar og annarri starfsemi sem tengist málefninu. Meðal þeirra nýjunga sem þar er boðið upp á þetta árið er kennsla í einkaþjálfun en farið



Gunnhildur Erla Vilbergsdóttir, verkefnastjóri Íþróttaakademíunnar, segir árangurinn af starfi akademíunnar hafa verið mjög góðan. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN ÓLAFSSON

var af stað með hana síðastliðið haust. „Námið er níu mánaða langt og farið er djúpt og ítarlega í allar hliðar einkaþjálfunar," segir Gunnhildur Erla Vilbergsdóttir, verkefnastjóri akademíunnar. „Námið hefur farið mjög vel af stað og eftir nokkra mánuði munum við vonandi útskrifa tuttugu einkaþjálfara."

Starfsemi akademíunnar hefur vaxið að stærð og umfangi og sérstaklega á því sviði er snýr að námskeiðahaldi og ráðstefnum. Við erum að fikra okkur áfram á þessu sviði og hefur árangurinn verið mjög góður," segir Gunnhildur. „Við höfum lagt áhersluna á stutt námskeið fyrir fagfólk innan íþrótta- og heilsugeirans, verið með endurmenntunarnámskeið fyrir einkaþjálfara og íþróttakennara og munum halda áfram á þeirri braut."

Margt er á döfinni á upprennandi ári og þar á meðal er forvarnarnámskeið fyrir einkaþjálfara en rannsóknir sýna að algengt er að fólk kenni sér meins fyrst um sinn eftir að þjálfun hefst. „Við munum einnig halda fjögurra daga leiðtoganámskeið. Þar tökum við við af Ungmennafélagi Íslands sem haldið



Íþróttaakademían býður upp á nám fyrir fagfólk innan íþrótta- og heilsugeirans ásamt léttri fræðslu fyrir almenning. VÍKURFRÉTTIR/ELLERT GRÉTARSSON

hefur þetta námskeið í mörg ár en námskeiðið er aðallega ætlað þeim sem eru í forsvari fyrir íþróttafélög og almennt félagsstarf," segir Gunnhildur. „Þar er farið í verkefnastjórnun, hlutverk leiðtogans, framkomu, ræðuþjálfun, markmiðasetningu og margt fleira."

Ekki er öll starfsemi íþróttaakademíunnar miðuð út frá þörfum fagfólks og þeirra sem hafa íþróttir að atvinnu. Fyrsta þriðjudag hvers mánaðar er til að mynda ókeypis fyrirlestrar ætlaður almenningi þar sem farið er í hin ýmsu málefni er snúa að íþróttum og heilsu. „Fyrir jólin vorum við meðal annars með fyrirlestur um jólastress og fyrsti fyrirlesturinn eftir áramót verður um gervisætuefni," segir Gunnhildur. „Þetta er því mjög fjölbreytt og vonandi áhugavert fyrir flesta."

Allar nánari upplýsingar um starfsemi Íþróttaakademíunnar er að finna á vefsíðu þeirra www.akademian.is. Þar má meðal annars nálgast umfjöllunarefni næstu fyrirlestra og námskeiðadagskrá. *- tg*

## vefsíður }

BÓKMENNTIR
Vefur um barna- og unglingabókmenntir. Hentar fyrir foreldra, börn og kennara. Vefurinn er á vegum Kennaraháskóla Íslands. Þar er hægt að lesa um bækur og höfunda auk þess sem krakkar geta sent inn sitt álit. http://barnung.khi.is/

LANDAFRÆÐI
Íslandsvefurinn. Hér er að finna mikið af myndum og upplýsingum um landið okkar sem skipulagðar eru eftir landshlutum. Gaman að kíkja áður en maður fer í ferðalagið. www.islandsvefurinn.is

LISTIR OG MENNING
Origami, japönsk pappírsbrot. Einnig saga pappírsins, hvaðan hann kemur og hvernig hann er búinn til. Skemmtilegt og nýstárlegt föndur. http://www.ismennt.is

Fjölbreyttur vefur um menningarmál með sérkafla um menningu barna. Viðburðir á sviði lista og menningar fyrir börn. Tilvalið að kíkja fyrir helgina. www.menning.is

NÁM
Vefur Námsgagnastofnunar hefur að geyma hafsjó af fróðleik fyrir börn og fullorðna. Undir vef Námsgagnastofnunar er fjöldinn allur af öðrum vefsvæðum. www.nams.is

ÍÞRÓTTIR OG HREYFING
Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar er með mjög gott yfirlit yfir íþróttagreinar sem í boði eru. Ýmis námskeið og frístundatilboð, allt árið. www.itr.is



DÝR OG NÁTTÚRA
Íslensku húsdýrin. Námsvefur þar sem eru frásagnir í máli og myndum, söng og leikrænni tjáningu. www.1nams.is/husdyr

Náttúruskóli Íslands Á vefnum er að finna margs konar fróðleik um útikennslu auk upplýsinga um það sem er á döfinni í Náttúruskóla Reykjavíkur hverju sinni. www.natturuskoli.is

Á gæludýravef Ríkisútvarpsins er að finna upplýsingar um helstu gæludýrin á Íslandi ásamt ráðgjöf um dýrahald. Einnig eru fallegar dýramyndir sem gaman er að skoða. http://servefir.ruv.is/dyr

Heimurinn minn er stórskemmtilegur vefur sem hefur að markmiði að auka þekkingu nemenda á umhverfismálum. www.heimurinn.is

FORELDRAR
Fróðlegur og skemmtilegur vefur fyrir pabba á öllum aldri, fróðlegar greinar og umfjöllun um foreldrahlutverkið og uppeldi. www.pabbar.is


Lyfin í leiðinni
15-25%
af Nicorette

Nicorette er fáanlegt í fimm mismunandi lyfjaformum sem hvert um sig hæfir mismunandi þörfum reykingamanna



Mint og Classic
Upprunalega Nicorette nikótíntyggigúmmíið
Fruitmint og Freshmint
Ný kynslóð af nikótíntyggigúmmíi, mjúkt að innan með stökku yfirborði

Nefúðalyf
Dregur úr löngun með skjótum hætti

Tungurótartafla
Lítil tafla með stórt hlutverk (aðeins 6mm)

Innsogslyf
Munnstykki, það næsta sem þú kemst sígarettunni

Dagplástur
Sigraðu sígaretturnar á daginn og sofðu vel á nóttunni

Lyfjaval APÓTEK BÍLAAPÓTEK
Traust og persónuleg þjónusta

Veldu rétt Nicorette

Opið alla daga 10:00-23:00

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer Denmark PCH ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.



Skiptinemar sjá heiminn með öðrum augum

Erum að taka á móti umsóknum um skiptinemadvöl. Fjölmörg lönd í boði. Ársdvöl, hálfsársdvöl, 3 mánaða dvöl og 4–6 vikna dvöl.



AFS á Íslandi
Alþjóðleg fræðsla og samskipti

www.afs.is
info-isl@afs.org
552 5450


þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette
Mjúkt að innan
Stökkt yfirborð
Frískandi bragð
Gómsæt blanda af ávöxtum og myntu
Bragð sem kemur á óvart
nicorette
fruitmint
HØJ STYRKE
105 stk.
nicorette
fruitmint 4 mg
nicotin
25%
afsláttur af Fruitmint
www.nicorette.is
Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer Denmark PCH ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.



Dansinn hefur ávallt heillað enda góður fyrir líkama og sál. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Mikið spurt um skrykkdans

**Í Dansskóla Jóns Péturs og Köru læra bæði börn og fullorðnir réttu sporin á dansgólfinu. Aðsóknin er alltaf mikil enda fer dansinn aldrei úr tísku.**

Í Dansskóla Jóns Péturs og Köru er hægt að læra ýmsa dansa en áherslan er lögð á klassíska dansana, samkvæmisdansa og salsa. Börn frá fjögurra ára aldri og upp úr stunda nám við skólann og segir Kara allan aldur rétta aldurinn til að byrja. „Þessi yngstu læra að hreyfa sig í takt við tónlistina, syngja og leika. Þau læra líka að dansa saman og það sé allt í lagi að snerta hvert annað,“ segir Kara Arngrímsdóttir. „Svo erum við að sjálfsögðu með námskeið fyrir fullorðið fólk sem er að stíga fyrstu danssporin, hvort sem það er í samkvæmisdönsum, suður-amerískum dönsum eða í brúðarvalsinum.“ Kara segir enga sérstaka tískustrauma vera í gangi í dansinum núna. „Við ætlum að athuga hvort ekki sé áhugi fyrir breakinu, en töluvert hefur verið spurt um það hjá okkur,“ segir Kara. Breakið, eða skrykkdans eins og það útleggst á íslensku, hefur verið í nokkurri lægð síðustu ár en virðist vera að koma aftur. Líklega spila hinir vinsælu sjónvarpsþættir So You Think You Can Dance stóran þátt í því en þar má meðal annars sjá skrykkdansara sem virðast storka eðlislögmálunum með hreyfingum sínum. „Dans er mjög vinsælt sjónvarpsefni, bæði So You Think You Can Dance og breski þátturinn Strictly Come Dancing,“ segir Kara. „Þar er frægt fólk parað með danskennara og svo keppa pörin sín á milli í samkvæmisdönsum.“ Allir eru velkomnir á dansnámskeið hjá Jóni Pétri og Köru og er reynt að finna viðeigandi námskeið fyrir hvern og einn. Fólk þarf heldur ekki að láta makaleysi stoppa sig því Jón Pétur og Kara kunna ráð við því. „Bæði er hægt að fara á salsanámskeið þar sem hópurinn dansar saman, svipað og í línudansi, og þá skiptir engu máli hvort maður er einn eða ekki,“ segir Kara. „Svo höfum við líka hjálpað fólki að finna dansfélaga. Ég vil benda strákunum á að hjá okkur er fullt af stelpum í leit að herrum svo þeir hafa enga afsökun fyrir að sitja heima.“ Skráning á námskeið dansskólans á vorönn stendur nú yfir en allar nánari upplýsingar er hægt að fá á www.dansskoli.is. *- tg*



Jón Pétur og Kara reka dansskóla sinn í nýuppgerðu húsnæði í Borgartúni 6. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


25% afsláttur

vega

blómstraðu... brostu... njóttu...

Litrík bætiefni - einstök blanda

Fitubrennsla króm CLA
Kvöldvorrósarolía + B6, Mexican jam
Acidophilus + FOS
Kalk, Magnesium og Zink
Mjólkurþistill DETOX
Spirulina Chlorella og grænt te
Memory +
Magnesium Citrate
Champignon DETOX + FOS og Spirulina
Ginkgo Biloba

Tilboðið gildir til 31. janúar 2007 á öllum útsölustöðum

Vega inniheldur ekki: Matarlím (gelatína) né tilbúin aukefni, litarefni, bragðefni, rotvarnarefni, korn, hveiti, glúten, sykur, sterkju, salt, ger eða mjólkurafurðir.

LYFJA - Lifið heil
Lyfjaval apótek
Álftamýri - Mjódd
Bílaapótek Hlíðasmára 4
Apótekið
Laugarnesapótek
RIMA APÓTEK
Árbæjarapótek
Siglufjarðar Apótek
Krónan
Mosfellsbæ og Akranesi
Lífsins lind
Hagkaup Kringlunni



Skemmtileg námskeið



Gítar
Trommur
Bassi

10 vikna skemmtileg hljóðfæranámskeið ætluð börnum og unglingum. Kennt er í litlum hóptímum þar sem þátttakendum er raðað saman eftir aldri og getu.

Upplýsingar og skráning á heimasíðu okkar
www.tonsalir.is

Tónsalir

Rokk Blús
Popp Jass

Tónsalir Bæjarlind 2 sími 534 3700 www.tonsalir.is



## Kvöldskóli Borgarholtsskóla

BHS

Innritun í málmiðndeild kvöldskóla BHS vorönn 2007 verður eftirfarandi daga:

**fimmtudag. 4. janúar kl. 17 - 19**
**föstudag 5. janúar kl. 17 - 19**
**laugardag 6. janúar kl. 11 - 15**

Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir almennt bóknám og allar málmiðngreinar. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara í sveinspróf í málmiðngreinum. Einnig eru kenndar allar suðugreinar, ss. MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsuða.
Þá er í boði allir áfangar í rennismíði, handa og plötuvinnu, ásamt aflvélavirkjun og áfangar fyrir pípulagnir og fl.

| Bóklegt efni | | Fagbóklegt efni | | Teikningar | |
|---|---|---|---|---|---|
| DAN - 102 | danska | ÁTM - 102 | áhalda og tækjafræði | GRT - 103 | grunnteining |
| EÐL - 102 | eðlisfræði | IRB -152/ 253 | iðnreikningur | GRT - 203 | grunnteining |
| ENS - 102 | enska | ITB - 154/254 | iðnteikning pípara | ITB allir áfangar | iðnteikning bygg |
| ENS - 202 | enska | EFM - 103 | efnisfræði málms | ITM - 104 | iðnteikning |
| ÍSL - 102 | íslenska | RAF - 113 | rafmagnsfræði | ITM - 213 | iðnteikning |
| ÍSL - 202 | íslenska | STÝ - 102 | loftstýringar | TTÖ - 102 | tölvuteikning |
| REK - 102 | rekstrarfræði | VFR 223 | díselvél bóklegt | | |
| STÆ -102 | stærðfræði | VTB - 152/253 | verktækni pípara | | |
| STÆ -122 | stærðfræði | | | | |

**Verklegt**

| | |
|---|---|
| HSU-102/202 | verkleg suða |
| LSU-102/202 | verkleg suða |
| RSU-102/202 | verkleg suða |
| RLS-162 | verkleg suða |
| AVV-103/203 | verkleg vélfræði. |
| PLV-102/202 | verkleg plötuvinna. |
| REN-103/203 | verkleg rennism. |
| REN-341/344 | verkleg rennism. |
| REN-441/443 | verkleg rennism. |
| REN - 543 | verkleg rennism. |
| STÝ - 202 | verklegar loftstýringar |
| AVV-323 | verklegt díselvél. |

**Upphaf kennslu: mánudag 8. janúar frá 18:10-22:30**
**Lok kennslu: laugardaginn 28. apríl frá 8:10-12:30**

Ath. að áfangar geta fallið niður, náist ekki nægur fjöldi í hópa.

Innritunargjald verður kr. 14000. Verð á bóklega einingu er kr. 1500 og verklega einingu kr. 3000.

**Hámarksgreiðsla er kr: 40.000**

Sími: 535-1716 í málmdeild • Póstfang: www bhs.is

Próf eru í síðasta kennslutíma, eða í samráði við kennara í viðkomandi fagi

Prófsýning og eikunnarafhending er 18. maí kl: 16-17 í stofu 262 í málmskála. Útskrift er 19. maí í BHS kl. 14.




# GLEÐILEGT ÁR !

Fyrir 60 árum tóku Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, til starfa.
Með því hófst nýr kafli í sögu þjóðarinnar.
Hlutskipti RARIK var að m.a. að rafvæða landsbyggðina.
Verkefnið var krefjandi, en tókst á ótrúlega stuttum tíma. Dreifikerfið skiptir nú þúsundum kílómetra og verður sífellt traustara.

Í dag er RARIK tilbúið til að takast á við nýja og breytta tíma, með þér.

Geturðu hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
*lifandi afl*

RARIK OHF • RAUÐARÁRSTÍG 10 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 528 9000 • WWW.RARIK.IS

# Dansaði út daginn

Síðasta vor útskrifaðist Ragna Sveinsdóttir með stúdentspróf úr Versló. Í september vatt hún kvæði sínu í kross og skellti sér í dansakademíu Íþróttalýðháskólans í Árósum.



Ragna Sveinsdóttir æfði dans í Íþróttalýðháskólanum í Árósum á haustönn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Í skólanum eru nokkrar mismunandi akademíur, ég valdi dansakademíuna, en svo eru einnig tennis-, blak- og ýmsar aðrar akademíur í boði. Í akademíunum eru frekar strangar æfingar og dagurinn snýst næstum því alveg í kringum dansinn," segir Ragna Sveinsdóttir sem nú er komin heim aftur eftir að hafa verið eina önn í skólanum. „Venjulegur dagur var þannig að við vorum vöknuð klukkan sjö á morgnana, skólinn stóð venjulega til þrjú á daginn og tvisvar í viku fórum við svo í pilates-tíma og í eitthvað sem kallast samling á dönsku, þar sem allir hittust í sal skólans og sungu saman lög og fleira í þeim dúr."

Lýðháskólar eru blanda af vinnu og leik og segir Ragna nóg hafa verið að gera utan hefðbundins skólatíma. „Auðvitað var mikið félagslíf og við skipulögðum mjög oft ákveðin kvöld í skólanum, svo sem 80´s kvöld, Hollywoodkvöld, galaball og síðan skipulögðum við Íslendingarnir í skólanum sérstakan Íslendingadag þar sem við kynntum Ísland fyrir fólkinu í skólanum. Helgarnar í skólanum voru svo auðvitað undirlagðar af partíum eins og er oft í þessum skólum."

Dansakademía skólans fór seinnipart annarinnar í æfinga- og skemmtiferð til Parísar. „Við vorum þar í viku að æfa dans á fullu og skoða borgina þess á milli, það var ótrúlega skemmtilegt." Ragna mælir hiklaust með námi í lýðháskóla. „Ég lærði rosalega mikið á þessu og ég sé eiginlega eftir því að hafa ekki verið aðeins lengur, þá hefði ég náð að kynnast fólkinu betur. Ég er strax farin að íhuga frekara dansnám."

*valgeir@frettabladid.is*

# Starfið byggist á list og leik

Frístundaheimili Reykjavíkurborgar bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf, bæði í listum og leik, fyrir sex til níu ára börn eftir að þau ljúka hefðbundnum skóladegi.



Starf frístundaheimilanna byggist á list og leik og miðar að auknum félagsþroska.

„Okkar tilgangur er að þjónusta börnin í frítíma þeirra út frá þeirra eigin þörfum," segir Árni Jónsson, forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar Tónabæjar, sem er í forsvari fyrir starf níu frístundaheimila í austurbæ Reykjavíkur.

Margþætt starfsemi fer fram í frístundaheimilunum á daginn, sem reynt er að sníða að þörfum barnanna. „Við gætum auðvitað horft á myndbönd allan daginn en krakkarnir græddu lítið á því," segir Árni. Þess í stað er reynt að byggja starfið á list og leik, en það er auðvitað að stórum hluta háð eiginleikum starfsfólks.

„Margir starfsmanna okkar eru listmenntaðir og myndlist og blokkflautukennsla eru meðal þess sem boðið er upp á," segir Árni. „Við reynum einnig að koma til móts við þarfir barnanna um ró og næði með slökun og gætum þess að ekki verði til pressa með of þéttri dagskrá."

Dagskrá heimilanna var snúið við í desember og áherslа lögð á að njóta í stað þess að neyta að sögn Árna. Boðið var upp á heilsdagsvistun milli jóla og nýárs og heimilin opnuð aftur annan janúar. Ekki er sérstök dagskrá fram undan en fljótlega verður þó byrjað að undirbúa sumardaginn fyrsta. Árni bendir þó á að mismunandi áherslur ríki milli mismunandi frístundaheimila og að sum hafi unnið eftir ákveðnum þemum.

Töluvert er um að börnum sé fylgt í íþróttir sem í auknum mæli hafa verið að færa sig inn á frístundatímann. Það hefur þó haft ákveðin vandamál í för með sér. „Erfitt getur verið fyrir okkur að missa starfsmenn þar sem við vinnum eftir ákveðnum öryggisreglum um lágmarksfjölda starfsmanna," segir Árni og bætir við að miklar fjarlægðir og mannekla setji líka oft strik í reikninginn. „Auðvitað er líka spurning hvort það sé okkar hlutverk að skutla krökkunum um allt."

Tilgangur frístundaheimilanna er að styðja við félagsþroska barnanna á réttum stað að mati Árna. „Við reynum einfaldlega að kenna börnunum að verða betri einstaklingar í samfélaginu." *- ht*



Árni Jónsson, forstöðumaður Tónabæjar, segir margþætta starfsemi fara fram á frístundaheimilunum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA




SÍMENNT HR

Sérsniðin námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir

Eitt af markmiðum Háskólans í Reykjavík er að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins. Með það að leiðarljósi leggur Símennt HR áherslu á að efla hæfni og auka þekkingu þátttakenda í starfi. Lykillinn að því að vel takist til felst annars vegar í breiðum hópi reyndra og vel menntaðra sérfræðinga innan raða Háskólans í Reykjavík og hins vegar í traustum tengslum skólans við atvinnulífið. Þannig er tryggð útkoma sem byggir jafnt á árangursríkum aðferðum og nánum skilningi á þörfum markaðsins.



„Námið gerði mér kleift að setja markið hátt og ná árangri á því sviði sem mig langaði að starfa á. Það var því frábært að geta hafið nám aftur við skólann í *löggildingarnámi fyrir verðbréfamiðlara* hjá Símennt HR. Það nám hefur staðið fyllilega undir þeim kröfum sem ég geri til menntunar."

*Jónas R. Gunnarsson, sérfræðingur í eignastýringu hjá Virðingu.*

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Frekari upplýsingar á **www.simennthr.is**

Starfsfólk Símenntar HR veitir allar nánari upplýsingar í síma 599 6360

VOR/HAUST 2007 www.simennthr.is

OPIN NÁMSKEIÐ SÍMENNTAR HR

| LENGRI NÁMSKEIÐ | Dags. | Klst. |
|---|---|---|
| Leiðtogar á vettvangi | 30. janúar | 85 |
| Rekstur fyrirtækja | 5. febrúar | 48 |
| Vefstjórnun | 19. febrúar | 48 |
| Fjölmiðlastíll | 7. mars | 40 |
| Fjármál fyrirtækja | 11. apríl | 33 |
| Almennir bókarar | 16. apríl | 48 |
| Viðurkenndir bókarar | 27. ágúst | 108 |
| Nám til prófs í verðbréfaviðskiptum | 12. sept. | 200 |
| Grunnur fyrir háskólanám með vinnu | 10. sept. | 108 |

| NÁMSKEIÐ METIN TIL EININGA | Dags. | Klst. |
|---|---|---|
| Spænska I | 8. janúar | 36 |
| Spænska II | 9. janúar | 36 |
| Spænska IV | 8. janúar | 36 |
| Spænska VI | 9. janúar | 36 |
| Enska í banka- og fjármálageiranum | 9. janúar | 36 |
| Íslenska fyrir útlendinga | 16. janúar | 36 |
| Markaðsfræði II | 29. janúar | 36 |
| Stjórnun I | 7. febrúar | 36 |

| NÁMSKEIÐ Í ENSKU | Dags. | Klst. |
|---|---|---|
| Viðskiptaenska | 23. janúar | 18 |
| Málstofa í ensku fyrir lögfr. og lögm. | 7. febrúar | 5 |
| Enska - fjarnám í ritun | 5. mars | 20 |
| Enska - talmál II | 6. mars | 10 |

| NÁMSKEIÐ Í VIÐSKIPTAFRÆÐUM | Dags. | Klst. |
|---|---|---|
| Fjármálamarkaðir undir smásjánni | 26. febrúar | 8 |
| Greining ársreikninga | 1. mars | 4 |
| Samkeppnisumhverfi og atferli fyrirtækja | 5. mars | 12 |
| Verðmat fyrirtækja | 15. mars | 4 |
| Verðmat fyrirtækja II | 16. apríl | 4 |
| Viðskiptalífið í nærmynd | 23. apríl | 8 |
| Hagnýting tölulegra upplýsinga | 2. maí | 12 |

| NÁMSKEIÐ Í TÖLVUNARFRÆÐUM | Dags. | Klst. |
|---|---|---|
| Grunnatriði forritunar í Java | 5. febrúar | 12 |
| Hlutbundin forritun í Java | 26. febrúar | 12 |
| UML fyrir byrjendur | 12. mars | 6 |
| HTML og CSS | 12. mars | 6 |
| SQL: Fyrirspurnir í gagnasafnskerfi fyrir byrjendur | 19. mars | 9 |
| C++ fyrir lengra komna | 19. mars | 12 |
| C# fyrir byrjendur | 10. apríl | 12 |
| ASP.net grunnnámskeið | 11. apríl | 12 |

| ÝMIS NÁMSKEIÐ | Dags. | Klst. |
|---|---|---|
| Auður efri ára | 20. febrúar | 15 |
| Skattskil einstaklinga | 13. mars | 3 |
| Skattskil rekstraraðila | 20. mars | 3 |
| Sölu- og samningatækni | 10. apríl | 16 |




## Bókhaldsnám

Í bókhaldsnámi NTV er lögð áhersla á að kenna vel öll grunnhugtökin og vinnubrögð við bókhald. Kennt er á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

### Grunnnám í bókhaldi

108 stundir - Verð: 99.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 12. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 12. febrúar

### Navision viðbótarnám

24 stundir - Verð: 29.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 26. mars
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 26. mars

## Sérhæft nám

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám, sem tengt er alþjóðlegum prófum, og hefur námið verið í stöðugri þróun enda markmiðið að mæta þörfinni þar sem hún er mest fyrir störf á þessu sviði.

### Tölvuviðgerðir

72 stundir - Verð: 98.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 19. febrúar

### MCP XP netstjórnun

108 stundir - Verð: 139.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 29. janúar

### MCSA 2003 netstjórnun

150 stundir - Verð: 299.000.- Næsta námskeið:
Helgarnámskeið byrjar 27. janúar

### Kerfisstjórinn

180 stundir - Verð: 219.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 19. febrúar

### Forritun og kerfisfræði

240 stundir - Verð: 269.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 13. febrúar

## Margmiðlun og grafík

Þessi námskeið eru frábær undirbúningur fyrir þá sem hyggja á frekara nám eða vilja starfa á sviði margmiðlunar og/eða gerð kynningarefnis.

### Auglýsingatækni

156 stundir - Verð: 174.900.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 12. febrúar

### Photoshop Expert

72 stundir - Verð: 99.000.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 11. apríl

### Photoshop grunnnám

30 stundir - Verð: 28.500.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 28. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 26. febrúar

### Myndbandavinnsla með Adobe Premiere

36 stundir - Verð: 37.000.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 5. febrúar

### Vefsíðugerð MX 2004

210 stundir - Verð: 189.000.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 13. febrúar

## Almennt tölvunám

Frábær námskeið þar sem kennt er á flest þau forrit sem kunna þarf á til að nýtt sér tölvuna bæði í leik og starfi.

### Tölvunám - fyrstu skrefin

30 stundir - Verð: 29.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 8. mars
Kvöldnámskeið byrjar 5. mars

### TÖK-tölvunám

78 stundir - Verð: 64.900.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 1. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 12. febrúar

## Starfsnám og námsbrautir

Markmið okkar hefur alltaf verið að bjóða upp á hnitmiðuð námskeið þar sem jafnrík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum.

### Skrifstofu- og tölvunám

258 stundir - Verð: 219.000.- Næstu námskeið:
2 morgunnámskeið byrja 5. febrúar
- *annað 3 virka daga í viku en hitt alla virka daga*

Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

### Fjármál og rekstur

132 stundir - Verð: 145.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 4. janúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. janúar

### Sölu- og markaðsnám

264 stundir - Verð: 219.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 5. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

### Skrifstofunám & hönnun

414 stundir - Verð: 369.000.- Næstu námskeið:
2 morgunnámskeið byrja 5. febrúar
- *annað 3 virka daga í viku en hitt alla virka daga*

Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

### Sölunám & hönnun

420 stundir - Verð: 369.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 5. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

### Skrifstofu- og rekstrarnám

462 stundir - Verð: 428.000.- Næstu námskeið:
2 morgunnámskeið byrja 5. febrúar
- *annað 3 virka daga í viku en hitt alla virka daga*

Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

### Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

396 stundir - Verð: 345.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 5. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

Upplýsingar og skráning í síma 544 4500 og á www.ntv.is

ntv.is

NTV | Hlíðasmára 9 | Kópavogi | Sími 544 4500 | www.ntv.is | - *viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi*



Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir stundar nám í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands og hefur gaman af. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Margir vilja starfa við fjölmiðla

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir hóf í haust nám í hagnýtri menningarmiðlun. Námsbrautin er ný við Háskóla Íslands og er námið gagnlegt fyrir atvinnulífið.

„Hugmyndin hjá mér var að geta miðlað því sem ég hafði lært í grunnnáminu mínu í Háskóla Íslands á aðgengilegri hátt en að skrifa ótrúlega langar ritgerðir sem einungis fræðimenn skilja," segir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir sem hóf í haust mastersnám í hagnýtri menningarmiðlun, nýrri námsleið við sagnfræðiskor hugvísindadeildar Háskóla Íslands. Steinunn hafði áður lokið BA-prófi í mannfræði og lítur á námið sem tækifæri til þess að koma fyrri menntun á framfæri.

Hún segir námið skemmtilegt og fjölbreytt en það byggist bæði á námskeiðum og einstaklingsverkefnum. Stúdentar læra meðal annars um framsetningu efnis og sýningar, minjasöfn og tímaritaútgáfu, ljósmyndir, kvikmyndir og munnlega miðlun við útvarpsþáttagerð. Þá verður farið í vettvangsferð til Vestfjarða nú á vormisseri þar sem áhersla er lögð á ferðaþjónustu.

Nemendur hafa einnig frjálsar hendur við gerð tveggja stórra einstaklingsverkefna að sögn Steinunnar. „Þá búum við sjálf til afurð sem getur verið heimildamynd, útvarpsþættir eða sýning en höfum aðstoð kennara og aðstöðu í skólanum til að vinna verkefnið," segir Steinunn.

Námsleiðin hóf göngu sína í haust og er því alveg ný við háskólann en nemendur eru um fimmtán talsins. Bakgrunnur nemenda er ólíkur að sögn Steinunnar. „Ég tel að um helmingur stúdenta hafi lokið grunnnámi í sagnfræði, enda námið innan sagnfræðiskorar," segir Steinunn. Aðrir nemendur komi úr ólíkum fögum, flestum í hugvísinda- og félagsvísindadeild, á borð við kennaranám, þjóðfræði, guðfræði og dönsku.

En hvað tekur við að loknu námi í hagnýtri menningarmiðlun? „Ég tel að margir hafi hug á starfi við fjölmiðla, annaðhvort við blaðamennsku eða ljósvakamiðla," segir Steinunn. „Einnig hafa margir hug á starfi við ferðaþjónustu og eru að byggja upp alls kyns verkefni í tengslum við það. Í hópi nema eru líka fræðimenn sem vilja gera rannsóknir sínar aðgengilegri."

Steinunn ætlar nú á vorönn að taka sér frí frá námi og hyggur á sænskunám í Svíþjóð. „Ég þarf að velta betur fyrir mér hvernig verkefni ég vil helst vinna," segir Steinunn. „Ég ætla þess vegna að bíða aðeins með þetta þar til ég er komin betur inn í námið og hef fengið frábæra hugmynd."

*- ht*


**Fjarnám**
**með áherslu á starfstengt nám**

**Byggingagreinar**
Efnisfræði, framkvæmd og vinnuvernd og grunnteikning.

**Tækniteiknun**
Húsateikning, raflagnateikning, innréttingateikning, vélateikning, AutoCad og grunnteikning.

**Tölvubraut**
Forritun, gagnasafnsfræði, vefsíðugerð, vefforritun, netstýrikerfi og vélbúnaður.

**Upplýsinga- og fjölmiðlabraut**
Allar greinar í grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlabrautar; eins og myndbygging og formfræði, myndgreining, týpógrafía og grafísk hönnun, myndvinnsla og margmiðlun, hljóðtækni, ljós- og litafræði, inngangur að fjölmiðlun.

**Meistaraskóli**
Allar stjórnunar- og rekstrargreinar.

**Almennt nám**
Enska 212, ENS303, GRT203, STÆ202, algebra og föll, STÆ 303, stærðfræði, UTN103, notkun upplýsingatækni og tölva í námi.

**Rafiðnanám**
Rafiðnabraut GR06 (ný námsskrá).

*Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 18. jan. 2007 á www.ir.is. Kennsla hefst fös. 19. jan. 2007.*

*Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þátttöku.*

*Allar frekari upplýsingar í síma 522 6500 eða á vef skólans www.ir.is.*

**Kvöldskóli**

**Bygginga- og mannvirkjagreinar**
Verklegt og bóklegt grunn- og framhaldsnám.

**Rafiðnanám**
Grunnnám rafiðna 2. önn. Rafvirkjun 3.–7. önn.

**Listnám**
Ýmsir áfangar í kjarna og á kjörsviði almennrar hönnunar. Öflugur undirbúningur fyrir framhaldsnám í hönnun.

**Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar**
Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Undirbúningur fyrir nám í grafískri miðlun, vefsmíð, ljósmyndun, nettækni, prentun og bókbandi..

**Tækniteiknun**
TTÖ103 Tölvuteikning - AutoCad.

**Meistaraskóli**
Allar rekstrar- og stjórnunargreinar.
Faggreinar byggingagreina.

**Almennt nám**
Bókfærsla, danska, eðlis- og efnafræði, enska, félagsfræði, fríhendisteikning, íslenska, grunnteikning, spænska, stærðfræði, þýska, notkun upplýsingatækni og tölva.

*Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 14. jan. 2007 á www.ir.is.*

*Innritun með aðstoð verður í matsal skólans, þri. 2. og mið. 3. jan., frá kl. 16.30–19. (Hægt er að greiða með peningum, debet- eða kreditkorti). Kennsla hefst þri. 9. janúar 2007.*
*Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þátttöku.*

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK




# Hola í höggi á ensku

Enskuskóli Erlu Ara býður bæði hópa og einstaklinga velkomna til Englands.

Íslendingar hafa alltaf verið duglegir við að leggjast í víking. Bæði til að kanna heiminn, fara í nám og læra erlend tungumál. Enska og enskumælandi lönd hafa alltaf verið vinsæll áfangastaður, en einnig er nám í frönsku, þýsku og spænsku vinsælt.

Erla Aradóttir er eigandi enskuskóla Erlu Ara og hefur sem markmið að kynna menningu sveitanna í kringum York og Kent fyrir nemendum sínum. Á hverju ári sendir Erla Íslendinga á öllum aldri í enskunám þar sem dvalartíminn er frá 2-10 vikur, en algengasti dvalartíminn er þó 2-4 vikur.

Nýverið hefur enskuskólinn boðið upp á fjölbreytni í námi þar sem sérstök golfferð fyrir konur er farin á haustin. Þá er enska kennd fyrir hádegi í Kent School of English en eftir hádegi fer fram golfkennsla á North Foreland goflvellinum. Unglingaferðin hefur að sögn Erlu aldrei verið fjölmennari og í ár er boðið upp á tveggja vikna barnaferð í fyrsta sinn. Þar er 10-12 ára krökkum boðið upp á enskunám þar sem gist er á heimavist og nám og leik blandað saman.

Enskunám skólans er fyrir fólk á öllum aldri og fer einnig fram á Íslandi. Kennslan fer fram í húsnæði sem áður hýsti Lækjarskóla í Hafnarfirði. Enskuskólinn býður upp á sérhannað kennsluefni og sérmenntaða enskukennara. Sjá nánari upplýsingar á www.enskafyriralla.is.



# Aldrei of seint

**að ganga menntaveginn**




## Lærðu meira í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku

### Ertu eldri en 16 ára? Viltu læra meira?

Námsflokkar Reykjavíkur bjóða upp á kennslu í námstækni og nám fyrir þá sem vilja læra meira í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku. Námsefnið jafngildir 8.-10. bekk í grunnskóla. Námið hentar fólki á öllum aldri, t.d. þeim sem vilja undirbúa sig undir framhaldsskóla eða foreldrum sem vilja hjálpa börnum sínum við heimanámið.

### Þrjú þrep

Í upphafi náms fær nemandi aðstoð við að meta stöðu sína í námsgreininni, en kennt er á þremur þrepum. Námið tekur mið af kunnáttu og þörfum hvers og eins og allir læra á sínum hraða. Hægt er að skrá sig í eina námsgrein eða fleiri. Engin próf eru tekin, nema þess sé óskað.

### Opin stundaskrá

Kennt er á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum í húsnæði Námsflokkanna Þönglabakka 4 (fyrir ofan strætóskýlið í Mjóddinni).

Þriðjudagur – Enska og stærðfræði milli kl. 17:20-21:00
Fimmtudagur – Íslenska og danska milli kl. 17:20 -21:00.
Einnig er kennd námstækni.

Skráning í síma 567 7050

www.namsflokkar.is

Námsflokkar Reykjavíkur

# Kraftmikil vetrardagskrá









## 8 vikna námskeið hefjast 8. janúar

## KONUR ÁTAK

## KARLAR ÁTAK

## PEAK PILATES

- 1. og 2. stig
- **NÝBAKAÐAR MÆÐUR** með börnin með- sérhópur
- **ELDRI BORGARA**- sérhópur

## ROPE YOGA

- **takmarkaður fjöldi**

## JÓGA á meðgöngu

- **takmarkaður fjöldi**

## HERÞJÁLFUN

- **Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin**

## CAPOEIRA nýtt

- **Afrísk og brasilísk sjálfsvarnarlist**

## 12 vikna námskeið hefjast 15. janúar

## LÍKAMI FYRIR LÍFIÐ

- **Fyrir konur**
- **12 vikna námskeið** í World Class Laugum, Spöng og Húsi Orkuveitunnar. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ eftir Dr. Pamelu Peeke höfð til hliðsjónar.
- **Innifalið:** Hvatningarfyrirlestrar, næringarráðgjöf, kennsla á tæki, mælingar, aðhald, næringarfyrirlestur og heilsumappa. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ á sértilboði fyrir þátttakendur á námskeiðinu.

## SPORTSKÓLI WORLD CLASS

Íþróttaskóli fyrir börn frá tveggja til sex ára. Farið verður með börnunum í fjölbreytta og skemmtilega leiki þar sem hreyfigeta þeirra er örvuð. Þetta er frábært tækifæri fyrir börn til að fá holla hreyfingu, þroskast og dafna.

## DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS

Streetstyle, Jazz, Hip Hop, Freestyle og barnadansar.

**Skráning í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000**

**Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is**

**Ný og fjölbreytt stundaskrá tekur gildi 2. janúar sjá www.worldclass.is**

**Aðgangur að Laugardalslaug, tækjasölum og opnum tímum fylgir námskeiðum.**

World Class ICELAND

Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200

www.worldclass.is

# Lífið eftir jólaseríurnar

***Jólaseríurnar fá senn að fjúka og því um að gera að taka málin föstum tökum og gera heimilið hlýlegt með önnur tól að vopni.***

■ Kerti og meiri kerti. Kertin ganga allan ársins hring og koma sérstaklega sterk inn í janúar. Þessi þrælsniðugi hlutur er kertastjaki og kerti í senn, allur úr vaxi og fæst í versluninni Heima.

■ Það gerir mikið að fá eitthvað inn á heimilið sem minnir á hlýrri árstíðir og komandi vorgróður. Safnið fallegu vösunum ykkar saman á björtum stað á heimilinu og raðið fallegum og glaðlegum blómum þar í.

■ Góð lýsing er algjört undirstöðuatriði þegar kemur að heildarútliti heimilisins og þar eru það lamparnir sem geta farið með burðarhlutverkið. Prófið að slökkva á hörðum loftljósunum og komið fallegum lömpum sem gefa góða og mjúka birtu fyrir í hverju horni heimilisins.

■ Púðar, teppi, gærur, mottur og dúkar. Inn með textíldeildina og dúðið heimilið. Þið vitið að þið lítið mun betur út hlýlega klædd yfir vetrartímann og það sama á við um heimilið þar sem púðar og ullarvoð geta hreinlega gert kraftaverk.

■ Það er líka sniðugt að taka vorlitina smám saman inn á næstu mánuðum, ekki kannski gera allt eiturgrænt strax í ársbyrjun en til að mynda er gott ráð að taka einn og einn púða inn á heimilið í hressandi litum. Þennan sáum við í Húsasmiðjunni.

■ Passið ykkur þótt þið séuð á mínímalísku línunni að gleyma því ekki að skreyta veggina eitthvað en fátt er meira fráhrindandi en kaldir og auðir veggir.



■ Í stórum rýmum er um að gera að hengja upp eina af nýrri tískubólunum; óróa. Úrval þeirra hefur stóraukist undanfarið og í Saltfélaginu má finna nokkra ógnarfína danska og einnig eru fagrir keramíkóróar til í Habitat.

■ Ekki gleyma huggulegheitunum sem felast í notalegum umhverfishljóðum. Verið fljót að kveikja á notalegri Gufunni eða setja Ellý Vilhjálms og Hauk Morthens á fóninn.

■ Í svefnherberginu er allt leyfilegt og ef þið eruð verulega þunglynd yfir því að þurfa að pakka niður jólaseríunum skulið þið einfaldlega henda þeim öllum inn í svefnherbergi og búa til seríualtari.



## Gamalt og nýtt

ÁKVEÐIN LIST FELST Í AÐ SKAPA HEILDARMYND Á HEIMILINU.



Fæstir eru í þeirri stöðu að geta reglulega skipt út öllum húsgögnunum samkvæmt nýjustu tísku. Enda alls ekki allir sem vilja það heldur kjósa frekar hluti með sögu og sál á heimilið en nýjustu dægurflugur tískunnar sem verða flognar burt innan nokkurra mánaða. En stundum er nauðsynlegt að kaupa eitthvað nýtt og þá þarf að passa að allt passi saman svo heimilið haldi sínum svip. Með fylgihlutum, litavali og réttri samsetningu er hægt að töfra fram heildarsvip á öll heimili.



■ Keyptu nýjustu húsgögnin í ljósum og hlutlausum litum eða með það í huga að auðvelt sé að skipta um áklæði.

■ Litir geta gert kraftaverk í því að tengja saman ólíka hluti. Gardínur, púðaver eða mottur í sama lit búa til heildarsvip á sundurleitustu húsgögn.

■ Húsgögn úr svipuðum viði passa saman þótt stíllinn sé gerólíkur að öllu öðru leyti.

■ Látið andstæður mætast. Stillið upp gömlum hægindastól og nýjum gagnsæjum plaststól hlið við hlið og látið andstæðurnar draga fram það besta í hvorum fyrir sig.



Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum.



HÚSGÖGNIN HEIM

Svefn & heilsa

AKUREYRI



REYKJAVÍK



Listhúsinu Laugardal, sími 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, sími 461 1150



**Dagarnir fara** nú að lengjast smám saman. Því er um að gera að nýta sér aukna birtu og skella sér daglega í stuttan göngutúr.



Kindin Dolly var fyrsta klónaða skepnan.

## Klónað kjöt

***Óhætt er að neyta afurða af klónuðum skepnum.***

Vísindamenn á vegum Matvæla- og lyfjastofnunar í Bandaríkjunum, sem rannsakað hafa klónaðar skepnur, fullyrða í nýlegri skýrslu að óhætt sé að neyta afurða frá þeim. Ekkert í rannsóknum þeirra bendi til þess að hættulegt sé að drekka mjólk úr klónuðum kúm og geitum. Enn sem komið er hafa vísindamenn þó ekki viljað mæla með því að borða kjöt af klónuðum skepnum því það bíði frekari rannsókna. Hingað til hefur þó ekkert bent til þess að kjöt af klónuðum skepnum sé verra en kjöt af öðrum dýrum.

- vör

NÝJAR SPENNANDI UPPSKRIFTIR Á HEIMASÍÐUNNI
WWW.SIMNET.IS/HOLLUSTAURHAFINU
HOLLUSTA 1 ÚR HAFINU
HOLLUSTA ÚR HAFINU
hollustaurhafinu@simnet.is

Líður þér ekki vel?
Finnurður fyrir þunglyndi, kvíða, sorg?
Varðst þú fyrir ofbeldi í æsku? Er hjónabandið ekki í lagi?
Einstaklings miðuð meðferð
- Hugræn meðferð - Hjónaráðgjöf.
Tímapantanir í s. 868 2118
Gréta Jónsdóttir, Fjölskyldu- og hjónaráðgjafi

RopeYoga
Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir
Bæjarhrauni 22 - 220 Hafnarfirði
Sími 555-3536 - Gsm 695-0089
Netfang: osk@osk.is
Veffang: www.osk.is
Ósk.is
ROPEYOGA Á ÍSLANDI
GLEÐILEGT ÁR
Ný byrjendanámskeið hefjast
8. og 9. janúar
Morgun-hádegis og síðdegistímar
Skráning hafin 15 tímar í viku fyrir lengra komna og frábært verð
Vertu hjartanlega velkomin
Hlakka til að sjá þig
Ósk

# Andaðu léttar á barnum

***Það þykir ekkert tiltökumál að labba inn á bari í sumum löndum og panta sér eitthvað blátt, bleikt eða jafnvel gult í gegnum slöngu jafnt að morgni sem að kvöldi.***



Það getur verið gott að anda aðeins í önnum hversdagsleikans.

Herlegheitin eru borin fram við barinn, eða í partilgerðri setustofu þar sem hægt er að halla sér, slappa af, lesa blöðin eða láta hugann reika. Það er ekki verið að tala um hanastél í öllum regnbogans litum. Heldur súrefni.

Það eru rúm tuttugu ár síðan fyrstu súrefnisbarirnir litu dagins ljós í Japan. Sem kannski kemur ekki á óvart, enda margt óvenjulegt og nýstárlegt sem kemur frá Japan. Tilgangur súrefnisbaranna var að sporna við mengun stórborganna og ekki leið á löngu þar til stórborgir í Kína og á Indlandi léku sama leik. Árið 1997 var fyrsti barinn í Bandaríkjunum opnaður, nánar tiltekið í borg englanna, Los Angeles. Síðan þá hafa mörg Evrópuríki tekið upp þennan skemmtilega sið, til dæmis í stórum verslunarmiðstöðvum þar sem fólk gjarnan verður aðframkomið eftir langa verslunartörn. Enn sem komið er geta Íslendingar ekki fengið sértilbúið súrefni á barnum hér á landi. Næstu súrefnisbari er þó að finna á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn og í miðborg Oslóar svo það er ekki langt að sækja fyrir andstutta Íslendinga. Það er kannski ekki það fyrsta sem maður leitar að í Íslandi, enda er landið einn stór súrefnisbar og mengun almennt í andrúmslofti ekki að valda heilsutjóni enn sem komið er.

Súrefnisbar er búinn til eftir kúnstarinnar reglum og samanstendur af mismunandi stöðvum. Hver stöð hefur síðan þrjá þætti. Rafdrifin sía dregur í sig andrúmsloftið og síar úr því köfnunarefni. Síðan er súrefnið blandað við olíur sem hafa mismunandi eiginleika, hressandi, afslappandi og svo framvegis. Efnið kemur í öllum regnbogans litum með mismunandi „bragðtegundum“ sem er hægt að prófa. Síðan andar viðskiptavinurinn að sér 96% prósent hreinu súrefni í gegnum þar til gerðar slöngur. Venjulegt súrefni í andrúmsloftinu er að meðaltali aðeins 21 prósent. Flestir fá sér súrefni í um það bil 15-20 mínútur og flestir verða hressari og líður betur.

Ekki er mælt með að anda að sér lengur í senn. Margir hafa tekið upp á að nýta sér súrefnisskammt í skammdeginu og sumir barir bjóða einnig upp á dagsbirtuhermi sem viðbót. Barirnir eru ekki fyrir fólk með alvarlega lungnasjúkdóma. Þessi upplifun læknar enga sjúkdóma, en er engu að síður hressandi og kannski svolítið öðruvísi og skemmtileg upplifun.

rh@frettabladid.is



Súrefnið sem við öndum að okkur í andrúmsloftinu er 21% hreint en súrefnið á barnum er 96% hreint.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



## Lýðheilsa

KRISTJÁN ÞÓR GUNNARSSON
HJÁ LÝÐHEILSUFÉLAGI LÆKNANEMA

## Kynsjúkdómar – að vita eða smita?

Kynsjúkdómar eru hópur sjúkdóma sem eiga það sameiginlegt að smitast milli fólks með kynlífi. Smit á sér stað við beina snertingu slímhúða. Möguleiki á smiti er því ekki einungis fyrir hendi við samfarir heldur einnig við munnmök og endaþarmsmök. Bæði veirur og bakteríur valda þessum sjúkdómum og lifa þessir sýklar einungis við líkamshita og deyja því fljótt utan líkamans. Þar með falla sögusagnir um kynsjúkdómasmit af klósettsetum eða úr sundlaugavatni um sjálfar sig.

Greining, meðferð og fræðsla um kynsjúkdóma er orðin mjög góð í okkar nútíma samfélagi og því vita flestir um tilvist þeirra. Enn virðist þó vanta upp á að fólk átti sig á hversu útbreiddir þeir eru og hversu auðvelt er að smitast ef ekki er farið að öllu með gát. Annað sem fylgir þessum sjúkdómum enn í dag og gerir baráttuna við þá erfiðari eru skömm, fordómar og hræðslan við gróu á leiti. Allt eru þetta þættir sem ætti að vera búið að slíta úr tengslum við kynsjúkdóma og grafa. Það er staðreynd að þessir sjúkdómar eru í umferð og því getur hver sá sem stundar kynlíf fengið þá. Vert er að minna á að verulega er hægt að draga úr smiti með því að nota smokk sem hluta af getnaðarvörnum. Þegar fordómar gagnvart kynsjúkdómum hverfa verður mun auðveldara að eiga við þá og vonandi útrýma þeim hægt og bítandi. Vissulega hafa orðið breytingar til batnaðar með góðri fræðslu í þessum efnum og sýnir það sig best á því að tíðni flestra þessara sjúkdóma stendur í stað eða lækkar á sama tíma og þeim fjölgar sem leita læknis og láta athuga sig.

Sjúkdómar sem smitast geta við kynmök eru nokkuð margir, en þeir sem við erum að berjast við hérna á Íslandi eru fyrst og fremst klamydía, kynfæravörtur, kynfæraherpes, lekandi, sárasótt, HIV og lifrarbólga B og C. Í sumum tilvikum eru einkenni lítil sem engin. Séu einkenni til staðar eru þau helstu tíð þvaglát, sviði eða sársauki við þvaglát, útferð frá kynfærum, kláði frá þvagrás eða kynfærum, vond lykt, sár eða vörtur á eða umhverfis kynfæri og hugsanlega kviðverkir. Mikilvægast í þessu öllu er að þekkja sjálfan sig og taka eftir breytingum. Sjúkdómarnir geta valdið alvarlegum skaða s.s. bólgum í innri kynfærum og ófrjósemi. Ef grunur vaknar um að kynsjúkdómasmit geti verið til staðar þá margborgar sig að leita læknis og ganga úr skugga um hvort svo sé.

Þeir staðir sem helst er hægt að leita til vegna gruns um smit eru: göngudeild húð- og kynsjúkdóma, kvensjúkdómalæknar, kvennadeild Landspítalans og heilsugæslustöðvar. Greining og meðferð kynsjúkdóma er fólki að kostnaðarlausu samkvæmt sóttvarnarlögum og rétt er að undirstrika, að allt starfsfólk sem að þessu kemur er bundið þagnarskyldu. Síðast en ekki síst skal það endurtekið að smokkurinn er bæði mjög góð getnaðarvörn og BESTA vörnin í þessu stríði gegn kynsjúkdómum.

**Góðar heimasíður:**
www.astradur.is
www.kyn.landlaeknir.is

Unnið í samvinnu við Skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH.

# Húðumhirða fyrir konur og menn

Á VETURNA ER NAUÐSYNLEGT AÐ SINNA HÚÐINNI VEL. ANDLITIÐ VERÐUR FYRIR VEÐRUM OG VINDUM, SNJÓ, REGNI OG SÓL SVO MIKILVÆGT ER AÐ HUGSA VEL UM HÚÐINA.



Mikilvægt er að þrífa andlitið vel á kvöldin, þetta á við bæði um konur og karla. Auk þess er algjört lykilatriði að vera með gott rakakrem sem hentar húðgerðinni. Til að þrífa þurra húð er best að nota hreinsimjólk svo húðin þorni ekki meir, en fyrir feita húð er betra að nota þar til gerðar hreinsisápur fyrir andlit og hreinsivatn.
Fyrir yngri húð er nóg að þrífa andlitið og næra með rakakremi á meðan fyrir fólk um þrítugt er gott að fara að huga að fyrirbyggjandi aðferðum gegn línum. Eldri húð þarf einnig krem við hrukkum í kringum augu og leggja áherslu á krem sem styrkja og veita raka. Andlitsmaski er góður fyrir alla húð. Kornamaski er góður tvisvar í viku í sturtunni til að fjarlægja dauðar húðfrumur og hjálpa henni að endurnýja sig. En best er að fá ráð hjá snyrtifræðingi hvaða maski hentar. Of grófur maski getur rispað og skilið eftir sig ör í versta falli. Viðkvæm húð þarf fínni kornamaska, gjarnan með hringlöguðum kornum. Leirmaskar og rakamaskar eru góðir einu sinni í viku fyrir bæði konur og karla, en það er mikilvægt að velja réttan maska. Maski fyrir eldri húð er of virkur fyrir yngri húð og getur valdið sviða og útbrotum. Maski fyrir yngri húð gerir ekki nóg fyrir eldri húð. Best er að fá prufur og athuga hvernig húðin bregst við í einhvern tíma. Mæðgur og feðgar hafa gjarnan svipaða húðtegund og þess vegna hægt að athuga hvernig vörur mæður og feður nota.

*- rh*

# Hreyfing holl í hófi

***Sérfræðingar vara við hættum sem kunna að fylgja ofþjálfun.***

Nú ætla sér sjálfsagt margir að taka sig á eftir jólin hvað hreyfingu og hollustu viðvíkur. Sérfræðingar vilja hins vegar minna menn á að kapp sé alltaf gott með forsjá. Líka á líkamsræktarstöðunum þar sem hætt er við að menn fari offari til að ná settum markmiðum.

Erfitt er að segja til um hvar mörk manna liggja, enda geta þau verið afar einstaklingsbundin. Hitt er annað mál að hvort sem menn eru í toppformi eða ekki, er þeim jafnhætt við vöðvabólgu, tognun eða öðrum meiðslum, æfi þeir of stíft. Geta slík meiðsli jafnvel gert vart við sig áratugum síðar.

Íþróttamönnum í góðu formi er ennfremur hættara við að fá höfuðverk, veikara ónæmiskerfi og sinnuleysi getur hrjáð þá æfi þeir of mikið. Lítið er vitað um orsakir þessara þátta, en talið er að lítil hvíld leiki þar stórt hlutverk. Þá er miðaldra mönnum, sem hafa lítið hreyft sig, hætt við hjartaáfalli taki þeir skyndilega upp á því að hamast af öllu alefli til að komast í gott form. Þá eru streita og svefnleysi algengir fylgifiskar ofþjálfunar.

Hófsemi er í öllum tilvikum grunnurinn að góðri hreyfingu að mati sérfræðinganna. Klukkustund á dag er þannig ráðlagður tími til að hreyfa sig.

Að sama skapi er mælt með því að menn hlusti betur á eigin líkama. Finni þeir til dæmis fyrir verkjum, þreytu eða of hröðum púlsi (eins og í tilviki hlaupara) eigi þeir einfaldlega að taka sér góða hvíld til að endurheimta fyrri krafta.

Þá segja sérfræðingar vert að muna að maður verði ekki aftur nítján ára fyrstu vikuna, heldur þurfi tíma til að byggja upp gott þol.

*- rve*



Kapp er best með forsjá.



Takmörkunum á fjölda niðurgreiddra tækja gagnvart einkafyrirtækjum er aflétt.

# Frjáls sala heyrnartækja

***Fyrirkomulag sölu heyrnartækja breyttist um áramótin þegar sala þeirra var gefin frjáls að uppfylltum faglegum skilyrðum.***

Breytingarnar fela í sér að sala heyrnartækja til þeirra sem eru heyrnarskertir að skilgreindu marki verður gefin frjáls og takmörkun á fjölda niðurgreiddra tækja aflétt gagnvart einkafyrirtækjum. Frá árinu 2003 hefur einkafyrirtæki haft heimild ráðuneytisins til að selja 312 heyrnartæki á ári með greiðsluþátttöku ríkisins og frá áramótum bætist annað fyrirtæki við. Starfsemi og hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands verður áfram óbreytt.

Fyrirtæki sem selja heyrnartæki og tengda þjónustu þurfa að uppfylla faglegar kröfur sem landlæknir staðfestir og þau þurfa sömuleiðis rekstrarleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, en það er í samræmi við núgildandi lög um heilbrigðisþjónustu. Þá er einnig gert ráð fyrir að niðurgreiðslur ríkisins vegna heyrnartækja aukist verulega, en reiknað er með að fleiri einstaklingar á ári njóti heyrnartækjastyrks en fyrir breytingu.

Nánar: www.heilbrigdisraduneyti.is.




StelpurKonur
Staðurinn - Ræktin
Nýtt!
Klúbbkort JSB
Áskrift að líkamsrækt

**Innritun hafin á janúarnámskeið**

- **TT 1 Vertu í góðum málum!**
  Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri
  Lokuð 9 vikna námskeið, 3 x í viku
- **TT 2 Vertu í góðum málum!**
  Lokuð 9 vikna framhaldsnámskeið eftir TT 1
- **TT 3 og 4 Taktu þér tak!**
  Lokuð 9 vikna átaksnámskeið 3 x í viku
  fyrir stelpur16-25 ára
- **Rope Yoga**
  Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **60 +**
  Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Mömmumorgnar**
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Meðgönguleikfimi**
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku

**Glæsilegur nýr tækjasalur!**

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

**Nú geturðu gerst áskrifandi að líkamsrækt JSB**
**Betra verð í áskrift, aðeins 3.990 kr. á mánuði**

**Opna kerfið - Þinn tími er kominn!**
1. *Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki*
2. *Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun*
3. *Pallatími, samsett spor, mikil brennsla*
4. *Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur*
5. *Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur*
6. *Yoga*
7. *Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð.*
8. *Sprengitími, 30 mínútna hádegispúl*
9. *Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar*

**Barnagæsla - Leikland JSB**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Barkeepers and doormen wanted on a new bar to be open soon in downtown Reykjavík. Applicants must be at least 30 yrs old and speek good english. Eveningwork only. Information Jón Páll tel. 822 3313.

**Ritfanga- og leikfanga-verslun**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á smaar@frett.is merktar „BH“.

**Hrói Höttur**
Hringbraut. Óskar eftir starfsfólki í allar stöður. Grill - pizzabakstur -afgreiðsla-úkeyrsla. Fólk eldri en 30 ára sérstaklega velkomið. Uppl. í s. 844 6292 og umsóknareyðublöð á staðnum.

## Atvinna óskast

Tökum að okkur öll smærri verkefni, t.d. búslóðaflutninga, þrif og fl. Sérhæfum okkur í erlendu vinnuafli. Arnþor ehf - Uppl. í s. 699 5552

Duglegan bókmenntafræðing vantar starf við hæfi. Er til í nánast hvað sem er fyrir réttan pening. (Skýt ekki hunda og vil síður vinna við að bræða snjó) S. 893 1512.

39 ára karlmaður óskar eftir vinnu, er vanur beitningamaður og vanur bílstjóri. Er með allt meiraprófið. Uppl. í s. 862 8089.

**Var að losna, vantar vinnu!**
23 ára karlmaður var að losna af Litla Hrauni og vantar vinnu. Kallinn er orðinn strangheiðarlegur og edrú og sleipur í hinum ýmsu störfum. Gott tækifæri fyrir góðan starfskraft. Uppl. gefur Eiríkur í s. 848 1176.

Get tekið að mér að ræsta lítið fyrirtæki, 1-3x í viku. Meðmæli. S. 893 9033.

## Viðskiptatækifæri

Vínheildsala leitar að meðeigendum til þess að geta sinnt öllum vöruflokkum. Mörg skemmtileg tækifæri, ýmsir samningar. Sama heildsala leitar eftir umboðsmanni á Norðurlandi. Uppl. í s. 895 8582 & 690 7880.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

Hvernig væri að lækka bókhaldsreikninginn á nýju ári tek að mér alla bókhaldsvinnu fyrir fyrirtæki sem einstaklinga fjárhagsbókhald uppgjör ársreikninga og áætlani svo og skattaskýrslur. Hef mikla reynslu af bókhaldi, upplýsingar hjá Bókhald Kristínar sími 899 3552 eða á freyr1@simnet.is

## ATVINNA

kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA
JÓNS ARNARS & RÚNARS

Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni leitar eftir yfirmanneskju í fiskvinnslu.

**Starfssvið:**
- Innkaup á fiskmarkaði og pantanir á öllu hráefni
- Vinna í fiskvinnslu
- Skipulagning á útkeyrslu
- Starfsmannahald
- Skipulagning á innviktun hráefnis

**Hæfniskröfur:**
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulipurð
- Reynsla af svipuðu starfi kostur

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi reynslu af fiskvinnslu.

Áhugasamir sendið tölvupóst á **kokkarnir@kokkarnir.is** eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17. eða 699-4000

Furðufiskar ehf • Fiskislóð 81a • 101 Reykjavík

## STYRKIR

# Styrkir til menningar og lista

Lýst er eftir umsóknum um styrki frá Menningaráætlun Evrópusambandsins. Umsóknafrestur er 28. febrúar 2007.

Veittir eru styrkir til evrópskra samstarfsverkefna á sviði bókmennta, menningararfs, sjónlista og sviðslista. Verkefnin geta verið af ýmsum toga, s.s. sýningar, vinnubúðir, námskeið, ráðstefnur, rannsóknir, sérfræðingaskipti, gagngrunnar o.fl. Þá verða veittir styrkir til þýðinga á evrópskum bókmenntum.

Nánari upplýsingar að finna á **www.evropumenning.is** og hjá Upplýsingaþjónustu menningaráætlunar ESB, Túngötu 14, 101 Reykjavík, sími 562 6388, tölvupóstur: **info@evropumenning.is.**

Education and Culture

## ATVINNA

JB Byggingafélag

# Smiðir

**Óskum eftir smiðum í mælingu eða tímavinnu - næg verkefni framundan**

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð. Sterkt og gott fyrirtæki

Upplýsingar gefur Kári Bessason í síma 693-7004 en einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

## TILKYNNINGAR

STOFNAÐ 1907
V.L.F. HLÍF
VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF

**Verkalýðsfélagið Hlíf**

# Allsherjaratkvæðagreiðsla

Tillögur uppstillingarnefndar og stjórnar Verkalýðsfélagsins Hlífar um stjórn, skoðunarmenn reikninga, stjórn sjúkrasjóðs og stjórn orlofsheimilasjóða félagsins fyrir árið 2007, liggja frammi á skrifstofu Hlífar frá og með 3. janúar 2007.

Kosið er samkvæmt B-lið 22. gr. laga Hlífar í eftirtaldar stöður:

1. Varaformann og tvo meðstjórnendur til tveggja ára
2. Þrjá varamenn í stjórn til tveggja ára
3. Tvo félagslega skoðunarmenn reikninga og einn til vara til eins árs.
4. Stjórn sjúkrasjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.
5. Stjórn orlofsheimilasjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.

Öðrum tillögum ber að skila á skrifstofu Hlífar, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði, fyrir kl. 16:00 föstudaginn 12. janúar 2007 og er þá framboðsfrestur útrunninn.

Til þess að bera fram lista eða tillögu þarf skrifleg meðmæli eða stuðning 1/10 hluta fullgildra félagsmanna þó ekki fleiri en 100.

Kjörstjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar

allt heimili
Alla fimmtudaga

# Réttarholtsskóli

Starfsmaður óskast, 50-100% starf.

Aðalviðfangsefni eftirlit og ýmiss konar aðstoð við nemendur.

Upplýsingar gefa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 553 2720.

# Yfirvélstjóri

Yfirvélstjóri (1000 hö) óskast á beitningavélaskipið Kristrúnu RE-177 frá Reykjavík.

**Uppl. í símum 520-7306 og 893-5458.**

## TILKYNNINGAR

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:

Aðalbraut 2, Raufarhöfn, þingl. eig. Raufarhafnarhreppur, gerðarbeiðandi Byggðastofnun, mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10:00.

Auðbjörg ÞH-13, skrn. 1813, þingl. eig. Ísstoð ehf., Pálína Auðbjörg Valsdóttir, gerðarbeiðendur Langanesbyggð og Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10:00.

Ásgata 15 , Raufarhöfn, þingl. eig. Marzenna Bogumila Kowalska, gerðarbeiðandi Ríkisútvarpið, mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10:00.

Ásgata 17, Raufarhöfn, þingl. eig. Byggingafélagið Húsafell ehf, gerðarbeiðendur Raufarhafnarhreppur og Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10:00.

Duggugerði 9, 670 Kópaskeri, þingl. eig. Kristjana Erna Helgadóttir og Eyþór Margeirsson, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10:00.

Fjarðarvegur 11, Þórshöfn, þingl. eig. Þórarinn Jakob Þórisson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Kaupþing banki hf, Lífeyrissjóðir Bankastræti 7, nb.is-sparisjóður hf og Þórshafnarhreppur, mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10:00.

Fjarðarvegur 35, fstn.216-7789, Þórshöfn, þingl. eig. Hafdís Yurith Zabdid Ólason, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf, mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10:00.

Höfðabrekka 20, 640 Húsavík, þingl. eig. Jónas Guðmundsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og Tollstjóraembættið, mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10:00.

Kross, fnr.153434, Þingeyjarsveit, 641 Húsavík, þingl. eig. Sigurður Birgisson, Sólrún Helga Birgisdóttir og Karen O Hannesdóttir, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf, mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10:00.

Langholt 8, Þórshöfn, þingl. eig. Jórunn Gréta Davíðsdóttir, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf, mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
3. janúar 2007.

## FASTEIGNIR

RE/MAX LIND S: 520 9500

Sími 897 0798 – www.remax.is – skuli@remax.is

Frum





**ÞÓRARINN JÓNSSON**
Hdl. Löggiltur fasteigna- og skipasali



**SKÚLI ÖRN SIGURÐSSON**
Sölufulltrúi
**S: 897 0798**

**Byrjaðu árið með góðri fjárfestingu! RE/MAX LIND** auglýsir til sölu glæsilegt 1162 fm atvinnuhúsnæði að **Höfðaseli 3, Akranesi.** Gott sóknarfæri er að skapast fyrir öfluga fjárfesta þar sem Grundatangasvæðið fer sífellt stækkandi og aukin þörf er á góðum iðnaðarhúsnæðum til að starfrækja stærri og smærri fyrirtæki á þessu svæði.

- Fasteignagjöldin eru talsvert lægri en í Reykjavík.
- Fermetraverð er mjög hagst. m.v. höfuðborgarsvæðið.
- Möguleiki að búta hólfin niður í smærri einingar og leigja út eða selja sér.

Húsnæðið er með 5 stórum innkeyrsludyrum með sérinngangi.

**Nánari upplýsingar veitir Skúli í síma 897 0798. Athugið verð aðeins 69.000.000.**

# Áramótahugleiðing

**UMRÆÐAN**
Forvarnir



MARGRÉT KRISTÍN HELGADÓTTIR

Áramótin eru einn besti tími ársins. Þegar gamla árið er að klárast og það nýja tekur við. Maður byrjar einhvern veginn á nýrri byrjun við hver áramót. Á þessu ári ætla ég að vera betri manneskja, eyða meiri tíma með fjölskyldunni, vinna heimavinnuna mína betur og síðast en ekki síst fara í heilsuátak til að komast í kjólinn fyrir næstu áramót sem ég komst ekki í í ár.

Það að vera umvafinn fólkinu sem maður elskar á slíkum tímamótum er ómetanlegt. Að rifja upp liðna árið og fá áminningar um að heilsuátaksheitið sem ég strengdi síðustu áramót hafi ekki farið sem skyldi. Maður rennir ósjálfrátt huganum að þeim sem eru ekki jafnheppnir. Þeim sem eiga engan að og hafa engan sérstakan samastað yfir hátíðirnar. Það eru fleiri en mann grunar.

Margir einstaklingar hafa brennt allar brýr að baki sér með þeim fylgidjöflum sem elta þá sem eru langt leiddir í fíkniefnaneyslu. Bara núna annan í jólum heyrði ég af ungmennum sem höfðu brotist inn á jóladag í verslun hér í bæ. Það fylgdi nú ekki sögunni hvort þeir einstaklingar hafi verið í einhvers konar vímuefnanotkun en bara það að heyra af þessu var nóg til að leiða hugann að öllum þeim fjölda innbrota og líkamsárása sem maður hefur heyrt um og hafa verið tengd fíkniefnaneyslu. En að hugsa sér að fá fregnir af því að barnið manns hafi tekið þátt í innbroti og það á sjálfan jóladag. Það getur ekki verið góð lífsreynsla. Þessir einstaklingar hafa þó að öllum líkindum ekki setið inni nema eina nótt og reynslan hefur sýnt að margir hverjir fara jafnvel í annað innbrot kvöldið sem þeim er sleppt. Auðvitað kennir neyðin naktri konu að spinna, eins og einhvers staðar var sagt, og ég trúi ekki öðru en að einstaklingar sem gera svona lagað séu að gera það í tómri örvæntingu og örvinglun. Ef það að ræna verslun er fýsilegur kostur þá hlýtur hinn kosturinn að vera verri eða einfaldlega ekki til staðar.

Við þurfum að hlú betur að ungmennum okkar. Við þurfum einhvern veginn að koma í veg fyrir það að þjófnaðir séu kostur til að byrja með og það hljótum við að gera með því að útrýma vímuefnaneyslu ungmenna. Ómögulegt, hugsar einhver. En þó ekki ógerlegt. Við megum ekki gleyma né vanmeta þá undirstöðuþætti sem við höfum. Það er enn ólöglegt að drekka áfengi ef þú ert yngri en 20 ára, það er enn ólöglegt að vera með áfengi á almannafæri og við höfum útivistarreglurnar. Þetta eru dæmi um lög og reglur sem eru til staðar en virðast gleymast en mega það einmitt ekki. Mörgum finnst þarna ekki verið að taka á það alvarlegum málum en það má ekki gleymast að flest allir sem fara í meðferð vegna fíkniefnavanda byrjuðu á sínum tíma að drekka bjór. Það byrja fæstir á því að stinga nálinni í handlegginn.

Við getum alltaf reynt og það skulum við gera. Þó að það sé ekki endilega sannað að klukkustund á dag með börnunum okkar geri gæfumuninn eða að íþróttir stuðli að heilbrigðum lífsstíl ævilangt, þá skulum við samt ekki hætta að reyna.

*Höfundur er formaður samfélags- og mannréttindaráðs Akureyrarbæjar.*

## AF NETINU

### Kallaávörp ársins

**Svandís Svavarsdóttir skoðar áramótaávörpin í ljósi jafnréttis.**

Eftir því sem börnin eldast og gauragangur minnkar verður meira um heil frekar en hálf ávörp sem maður nær að hlusta á. Nú er svo komið að ég náði að hlusta á biskupinn, forsætisráðherrann og biskupinn alla þrjá. Þrjá kalla, þrjá hvíta velmegandi kalla sem fæddir eru á tímabilinu 1943-1951. Hvernig væri ávarp konu? Yngri konu? Gamals manns? Innflytjanda? Öryrkja?
Það væri kannski hugmynd að heyra fjölbreyttari raddir á slíkum tímamótum. Kannski heyra flestir bara brot. Dáldið af biskup, dáldið af forseta, dáldið af forsætisráðherranum. Samtals verður það áramótaávarpið. Oft umvandanir, siðapredikun, stundum um gildi, stundum um mikilvægi fjölskyldunnar, dýrmætu börnin okkar og stundum horft fram á veginn. Tvennt var eftirtektarvert. Sýn forseta Íslands á hlutverk landsins í umhverfismálum og hitt það að forsætisráðherrann viðurkenndi að langt væri í land með jafnrétti kynjanna. Umhugsunarefni. Ávörpin þurfa nefnilega að tala til allra. Ekki bara hinna kallanna. Hvítra velmegandi kalla á aldrinum 55-63 ára. Þjóðin er fjölbreyttari en svo.
Af: www.svandis.is

### Kaffibandalagið

**Einar Kristinn Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra ræðir um ágreiningsefni stjórnarandstöðuflokkanna.**

Strax sömu dagana og Kaffibandalagið var kunngert sl. haust blasti ágreiningurinn við hverjum manni. Heiftarlegar deilur og gagnkvæmar árásir Samfylkingar og vinstri grænna um stóriðju, sem staðið hafa yfir fram á þennan dag. Við sjáum líka að VG ætlar að velgja Samfylkingunni sérstaklega undir uggum í þessum málaflokki, með því að einn helsti forystumaður flokksins, Ögmundur Jónasson, fer í framboð í Kragann, til þess að geta barið á stóriðjusinnuðum Samfylkingarmönnum á þeim slóðum. Þar er af nógu að taka. Samfylkingin logar stafnanna á milli í stóriðjumálum, eins og allir vita.
[...] Og nú er semsé komið eitt ágreiningsefnið enn. Deilan um forsætisráðherrastólinn sem kom fram í umræðuþættinum Kryddsíld á Stöð 2. Þar kristallaðist tortryggnin eins vel og unnt var og leyndist ekki nokkrum manni.
Af: www.ekg.is/blogg

### Áróður Álmanna

**Viðbrögð við grein Katrínar Jakobsdóttur**

Mútugjöf ALCAN er ekki aðeins svívirðing og móðgun við Hafnfirðinga, heldur alla þjóðina. Ég trúi ekki að Hafnfirðingar láti stóriðjukauðana múta sér eins um kjána væri um að ræða.
Mér er spurn, hvað drífur þetta álæði? Getur verið að stjórnvöld séu að gefa útlendingunum raforku þjóðarinnar, verðmætustu náttúruauðæfi hennar? Herulfur skrifar á visir.is.

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið




## Kjarni málsins

> Íslenskir nemendur í námi í Danmörku 1997-2005




# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**VÍSINDAMAÐURINN:** ARNAR ÞÓR JENSSON VERKFRÆÐINGUR

## *Tölva tekur við pítsupöntuninni*



Arnar Þór Jensson, tölvu- og rafmagnsverkfræðingur, hefur verið að þróa talgreinikerfi fyrir íslensku sem mögulega mun geta hjálpað fötluðu fólki að nota tölvur, sem og að gera margs konar þjónustu auðveldari.

„Fatlaður einstaklingur sem getur ekki notað tölvu mun hugsanlega geta notað kerfið til að auðvelda sér vinnuna við tölvuna. Það mun mögulega verða þannig að fatlaður maður mun geta talað við tölvuna og sagt, ég vil þetta eða hitt og þá framkvæmir tölvan það sem hann segir henni að gera,“ segir Arnar, en hann kynnti talgreinikerfi, sem hann hefur meðal annars unnið að í doktorsnáminu sem hann er í í Tókíó í Japan, í fyrirlestri sem hann hélt í Háskólanum í Reykjavík í gær.

Arnar segir þó að íslenska kerfið sé enn í rannsókn og að ekki sé búið að þróa það nægilega mikið til að fólk geti farið að nota það. „Ég bjó til eitt svona kerfi árið 2004 sem gat sagt fólki hvernig veðrið er. Ég gat verið með hljóðnema í tölvunni og spurt hana: Hvernig er veðrið á Kárahnjúkum? og svo sagði tölvan mér það,“ segir Arnar.

Slíkt kerfi gæti komið í stað starfsmanna sem taka við pöntunum í gegnum síma, til dæmis á pítsu-stöðum eða hjá símaskránni. „Þá munu fyrirtæki ekki þurfa að vera með 40 manns í vinnu við að gefa einfaldar upplýsingar, og pítsustaðir munu ekki þurfa að láta starfsmenn svara í síma því talgreinikerfið getur numið skilaboðin frá þeim sem hringir, til dæmis ef einhver vill fá pítsu með skinku og sveppum, og sagt svo við kúnnann: Pítsan verður komin til þín eftir 23 mínútur,“ segir Arnar sem á tvö ár eftir af doktorsnámi sínu í Tókíó.

Arnar segir að ekki sé byrjað að nota slík talgreinikerfi hér á landi svo hann viti til en byrjað sé að nota þau í Bandaríkjunum og í Japan.

■ **Skólinn**

### Háskólinn á Hólum

Háskólinn á Hólum er mennta- og rannsóknastofnun sem býður nemendum nám á sviði hrossaræktar, hestamennsku, fiskeldis, fiskalíffræði og ferðaþjónustu með áherslu á menningu og náttúru.



Skólinn fékk heimild til að starfa sem háskóli árið 2003 og í fyrra var haldið upp á 900 ára afmæli biskupsstóls og skólahalds á Hólum. Nýverið samþykkti Alþingi ný lög um skólann sem eru í samræmi við löggjöf um aðra ríkisháskóla. Lögin styrkja starf skólans mikið og auka tækifæri hans til að þróast enn frekar.

■ **Málstofa**

### Framlag raunvísindadeildar til kennslu



Raunvísindadeild heldur málstofu um kennslu í stofu 101 í Odda klukkan þrjú í dag. Málstofan er framlag raunvísindadeildar til málstofuraðar um kennslu og kennsluhætti og frummælendur eru Magnús D. Baldursson, Magnús Tumi Guðmundsson og Hörður Filippusson. Á eftir framsöguerindum fara fram almennar umræður. Starfsmenn háskólans eru almennt hvattir til að koma á málstofur deilda um kennslu.

■ **Útgáfa**

### Nordicum-Mediterraneum

Dr. Giorgio Baruchello og Dott. Maurizio Tani hafa gefið út annað hefti fyrsta árgangs raftímaritsins Nordicum-Mediterraneum. Heftið er tileinkað Þórhalli Þorgilssyni, sem var uppi á árunum 1903 til 1958, en hann vann mikið frumkvöðlastarf í kennslu í ítölsku og spænsku á Íslandi. Auk þess lét Þórhallur sér annt um að kynna menningu Ítalíu og Spánar fyrir Íslendingum.
Nordicum-Mediterraneum er ætlað að vera alþjóðlegur vettvangur fyrir þver- og fjölfaglega umræðu og miðlun fræðilegs efnis um málefni Miðjarðarhafslandanna á Norðurlöndunum og Norðurlandanna í Miðjarðarhafslöndunum.
Aðgangur að raftímaritinu er ókeypis á vefnum http://nome.unak.is

■ **Ráðstefna**

### Þrettánda ráðstefnan



Ráðstefna um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum verður haldin í Öskju í Háskóla Íslands dagana 4. og 5. janúar. Þetta er í þrettánda sinn sem ráðstefnan er haldin, en læknadeild, tannlæknadeild, lyfjafræðideild og hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands standa að henni. Umsjón með ráðstefnunni hefur Vísindanefnd lækna-, tannlækna- lyfjafræði- og hjúkrunarfræðideildar skólans.
Þátttakendur í ráðstefnunni eru kennarar og starfsmenn lækna-, tannlækna-, lyfjafræði- og hjúkrunarfræðideilda og tengdra stofnana auk starfsfólks Landspítala - háskólasjúkrahúss. Þau sem vinna að rannsóknum í samvinnu við starfsfólk deildanna eru jafnframt velkomin og eins kennarar og starfsmenn annarra deilda Háskóla Íslands.

# Eiga rétt á stuðningi í íslensku þegar flutt er heim

**Misjafnt er milli skóla hvernig tekið er á móti börnum sem koma úr skólum erlendis. Krakkar sem hafa búið fjögur ár eða lengur erlendis eiga rétt á stuðningi í íslensku. Foreldrar geta stutt börnin sín með námsefni sem fæst á netinu.**



**HRÖNN MEÐ BÖRNUM SÍNUM** „Við sóttum tíma í íslenskuskóla tvisvar í mánuði. Ég lét þau svo lesa íslensku og hollensku til skiptis á hverju kvöldi,“ segir Hrönn Harðardóttir læknir, sem hér er með börnum sínum, Helenu Rut, 12 ára, Herði Kristni, 11 ára, og Hilmari Snæ, 6 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Með auknum flutningum fjölskyldna milli landa ber stöðugt meira á vangaveltum foreldra um það hvernig og hvenær sé réttast að flytja börn heim til Íslands með tilliti til skóla. Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla, segir að foreldrar hafi talsvert samband til að fá ráðgjöf og upplýsingar um þá þjónustu sem standi til boða í skólunum.

„Á þessum árstíma finnum við talsvert fyrir fyrirspurnum um skólaskipti fyrir börn sem gengið hafa í skóla erlendis. Fólk er til dæmis óöruggt um hvort barnið sé að dragast aftur úr í námi, hvort það komist inn í hópinn og hvenær sé rétt að flytja heim. Foreldrar eru mjög hræddir við samræmdu prófin og velta fyrir sér hvað þeir geti gert til að styðja barnið sitt, til dæmis með námsefni í íslensku,“ segir hún.

Hrönn Harðardóttir læknir er nýflutt með þrjú börn í fyrsta, sjötta og sjöunda bekk frá Hollandi. Börnin heita Helena Rut, 12 ára, og Hörður Kristinn, 11 ára, í Hofsstaðaskóla og Hilmar Snær, 6 ára, í Ísaksskóla. Hrönn segir að skiptin hafi gengið vel og þau eldri hafi fljótlega fengið viðtal hjá námsráðgjafa. Krakkarnir hafi verið vel mæltir á íslensku og kunnað bæði að lesa hana og skrifa.

„Við sóttum tíma í íslenskuskóla tvisvar í mánuði. Ég lét þau svo lesa íslensku og hollensku til skiptis á hverju kvöldi, líka upphátt, þannig að þau myndu styrkjast í íslenskunni. Við fengum alls konar námsefni á skolavefurinn.is, sem kostaði bara tólfhundruð krónur, og svo fóru þau á eitt eða tvö námskeið hjá islenskuskolinn.is. Þessi námskeið voru átta vikur, svolítið dýr en þétt og vel upp sett,“ segir hún.

Algengt er að börn sem eru nýflutt til landsins séu komin lengra, sérstaklega í stærðfræði, en jafnaldrar þeirra. Hrönn kannast við þetta og segir að börnum sínum hafi þótt stærðfræðin hér skrítin. „Þau sakna stærðfræðinnar úti en spjara sig ágætlega í íslenskunni með þeim stuðningi sem þau fá.“

Misjafnt er milli skóla hvernig tekið er á móti börnum. Krakkar verða að taka samræmd próf nema þau veikist. Ekki er um neina undanþágu að ræða. Börn sem hafa búið erlendis í fjögur ár eða lengur flokkast sem nýbúar og eiga rétt á stuðningi í íslensku.

ghs@frettabladid.is

### NÁMSEFNI Á NETINU

Þegar flutt er til Íslands eftir langa fjarveru er mikilvægt að foreldrar gefi sér svigrúm til að geta stutt markvisst við nám barna sinna og aðstoðað þau við að aðlagast nýjum siðum í skólastarfinu. Finna má upplýsingar um námsvefi og námsefni á www.heimiliogskoli.is, www.islenskuskolinn.is, www.nams.is og www.menntagatt.is.






Nýr ritstjóri tekinn við málgagni móðurmálskennara af Símoni J. Jóhannssyni:

# Skíma fyrir íslenskukennara

Nýr ritstjóri, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, er tekinn við tímaritinu Skímu, málgagni móðurmálskennara, sem kom nýverið út í 59. skipti. Fráfarandi ritstjóri er Símon Jón Jóhannsson sem lét af starfi síðastliðið vor.

Svanhildur segir að tímaritið sé aðallega ætlað fyrir móðurmálskennara, en að í því séu einnig greinar sem geta höfðað til annars fólks. „Þetta er ekki háfræðilegt tímarit og greinarnar í því eru ekki eins langar og í fræðilegri ritum,“ segir Svanhildur og bætir við að þar sé meðal annars að finna grein um tíðni og hlutverk orðsins ókei í íslensku. „Ég tók eftir því sjálf þegar ég var búin að lesa greinina hvað fólk notar orðið ókei mikið,“ segir Svanhildur og bætir því við að annars sé ekkert ákveðið þema í hverju tölublaði.

Í Skímu er einnig að finna grein um Snorra Hjartarson í tilefni af því að hundrað ár eru liðin frá fæðingu hans og myndskreyta nemendur í Hallormsstaðaskóla greinina, og þar er einnig grein um Hallgrím Pétursson eftir Margréti Eggertsdóttur sem hún vann upp úr doktorsritgerð sinni. Svanhildur segir að í Skímu sé auk þess mjög skemmtileg grein um íslenska brandara eftir Eyrúnu Valsdóttur sem hún vann upp úr BA-ritgerð sinni. Skíma kemur út tvisvar sinnum á ári og segir Svanhildur að hún hafi alltaf hlakkað til að fá ritið sent heim til sín áður en hún tók við starfi ritstjóra því blaðið hafi verið alltaf verið svo skemmtilegt í gegnum tíðina. - ifv



**SVANHILDUR KR. SVERRISDÓTTIR** Nýr ritstjóri Skímu, félags móðurmálskennara, segir að tímaritið sé aðallega ætlað móðurmálskennurum en að í því séu einnig greinar sem geta höfðað til annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Útsalan er hafin!

**50%**
**afsláttur af öllum vörum**

NEXT

sími 551 3200



✝

*Elskulegur sonur minn,*

**Þröstur Jónsson**
frá Ísafirði,

lést á sjúkrahúsi í Bangkok föstudaginn 29. desember sl. Útförin verður auglýst síðar.
Fyrir hönd allra aðstandenda,

**Sigríður Aðalsteinsdóttir**

---



✝

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við skyndilegt andlát elskulegs eiginmanns míns, föður, afa, tengdasonar, bróður og sonar,*

**Kjartans Arnar Jónssonar**

**Fyrir hönd allra aðstandenda**

**Irena Erlingsdóttir**
**Danmörku.**

---



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórunn Sólbjört Friðjónsdóttir**
Fannafold 158A, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 5. janúar kl. 13.00.

**Björn Ingi Þorvaldsson**
**Þorvaldur Björnsson** **Guðrún P. Björnsdóttir**
**Ingi Þór Björnsson** **Helga Þóra Þórsdóttir**
**Bjarni Björnsson** **Brynja Þorkelsdóttir**
**Kristinn Björnsson** **Ampon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Þórhallsdóttir**
frá Sauðadalsá,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga 1. janúar sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Elín Þormóðsdóttir** **Þórður Skúlason**
**Þóra Þormóðsdóttir** **Heimir Ágústsson**
**Eggert Óskar Þormóðsson** **Arndís Helland**
**Guðbjörg Erna Þormóðsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigrún Aradóttir**
Arnartanga 16, Mosfellsbæ,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju í dag klukkan 13.

**Sveinn Árnason**
**Brynhildur Sveinsdóttir** **Hörður Guðjónsson**
**Íris Sveinsdóttir** **Jón Guðmundsson**
**og barnabörn.**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


**GUNNAR ÞÓRÐARSON TÓNLISTARMAÐUR ER 62 ÁRA Í DAG**

*Í dag finnst mér eiginlega meira gaman að spila en oft áður. Menn sem byrja á þessu, þeir enda í álögum, og hætta aldrei.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. DESEMBER 1785

## *Eldri Grimm-bróðirinn*

Á þessum degi fæddist Jakob Grimm í Hanau í Þýskalandi. Bróðir hans Wilhelm fæddist ári síðar en þeir bræður áttu eftir að auðga sagnaheim Evrópu með því að safna gömlum ævintýrum og setja á þrykk.



Þeir bræður voru ungir þegar þeir hófu rannsóknir á þjóðsögum og voru hvattir til frekari dáða, jafnvel gefa út sögur sem fram að þessu höfðu aðeins lifað í munnlegri varðveislu. Sem og þeir gerðu. Ritasafnið Barna- og munnmælasögur kom út í nokkrum bindum á árunum 1812 til 1822 en er í dag þekkt sem Ævintýri Grimmsbræðra. Meðal þeirra eru sögur á borð við Hans og Grétu, Mjallhvíti, Rauðhettu og Þyrnirós.

Jakob og Wilhelm fengu báðir prófessorsstöðu við Háskólann í Gottingen árið 1829. Þar gaf Jakob út annað mikilvægt rit um trú Þjóðverja fyrir kristnitöku. Friðrik Vilhjálmur IV Prússakonungur bauð bræðrunum til Berlínar árið 1840 þar sem þeir urðu félagar í Hinni konunglegu vísindaakademíu.

---

✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Kristján Haraldsson**
Rauðagerði 51 n.h., áður til heimilis að
Möðruvallastræti 2, Akureyri,

sem lést 20. desember, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 5. janúar kl. 13.00.

**Valgerður Nikólína Sveinsdóttir**
**Dagmar Jenný Gunnarsdóttir**
**Haraldur Sveinn Gunnarsson** **Lilja Elísabet Garðarsdóttir**
**Ragnar Kristinn Gunnarsson** **Guðbjörg Hjördís Jakobsdóttir**
**Hildigerður Margrét Gunnarsdóttir** **Jóna Ólafsdóttir**
**Gunnar Björn Gunnarsson** **Inga Valdís Heimisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Júníus Guðnason**
Austurgötu 7, Sandgerði,

lést að heimili sínu 28. desember sl. Jarðsett verður frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði föstudaginn 5. janúar kl. 10.30.

**Regína Ragnarsdóttir**
**Ragnar Geir Júníusson** **Andrea Karlsdóttir**
**Tryggvi Rúnar Júníusson** **Sigrún Lína Ingólfsdóttir**
**Anna María Júníusdóttir** **Ronald W.Raymer**
**og barnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Kristinn Þorsteinsson**
Bollatanga 16, Mosfellsbæ,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi þriðjudaginn 2. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þórey Ásthildur Kolbeins**
**Sveinn Friðrik Jónsson** **Sigríður Svanhvít Halldórsdóttir**
**Hildur Elísabet Jónsdóttir** **Lárus Þorsteinn Þórhallsson**
**Þorsteinn Þorvaldur Jónsson** **Kristjana Sölvadóttir**
**Leiknir Jónsson** **Guðbjört Kvien**
**Hilmir Þór Jónsson** **Ragnheiður Vídalín Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

**Auðunn Gestsson**
frá Kálfhóli, Skeiðum,

lést á Kumbaravogi, Stokkseyri, þriðjudaginn 26. desember. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 6. janúar kl. 11.00.

**Valgerður Auðunsdóttir** **Guðjón Vigfússon**
**Gestur Ólafur Auðunsson** **Anastasia Auðunsson**
**Guðrún Auðunsdóttir** **Jón Sigurpáll Salvarsson**
**Ingileif Auðunsdóttir** **Sigmundur Stefánsson**
**Guðleif Selma Egilsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



**GÍSLI BJÖRN HEIMISSON** Formaður Leikfélags Kópavogs segir leiklistaráhugann mikinn í Kópavoginum. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

LEIKFÉLAG KÓPAVOGS: 50 ÁRA AFMÆLI

# Leiklistin dafnar í bíóhúsi

Leikfélag Kópavogs á 50 ára starfsafmæli á föstudag, en það var stofnað af 46 áhugamönnum um leiklist hinn 5. janúar 1957. „Þetta var nú frekar bágborin aðstaða fyrst um sinn, þeir voru bara í grunnskólanum,“ sagði Gísli Björn Heimisson, núverandi formaður leikfélagsins. Aðstaðan batnaði þó til muna þegar leikfélagið fékk aðsetur í nýbyggðu Félagsheimili Kópavogs nokkrum árum síðar. „Síðan fengum við aðstöðu í því sem Kópavogsbúar þekkja sem Kópavogsbíó. Það er viðbygging við félagsheimilið og við sýnum aðallega þar í dag,“ sagði Gísli.

Leikfélagið stendur fyrir öflugu starfi og hefur sett upp fjölda sýninga í bíóinu gamla. „Við erum að setja upp nokkrar stórar sýningar, ásamt smærri sýningum. Við erum líka með unglingadeild, og höfum núna starfrækt höfundarsmiðju þar sem við skrifum sjálf. Við sýndum nokkur stuttverk sem voru afrakstur af smiðjunni í desember,“ sagði Gísli.

Félagið stefnir að tveimur stórum sýningum á vormánuðum. „Við erum farin af stað með nýtt, stórt leikverk sem verður sett á svið núna í mars. Annað verk verður að öllum líkindum sýnt í apríl, en það er í samvinnu við Hugleik,“ sagði Gísli. Leikfélag Kópavogs og Hugleikur hafa áður unnið saman í verkinu Memento Mori. „Við fórum einmitt með það verk til Færeyja síðasta sumar og förum með það á alþjóðlega leiklistarhátíð í Suður-Kóreu á þessu ári,“ sagði Gísli.

Unglingadeild leikfélagsins stendur jafnframt fyrir öflugu starfi, en hún er styrkt af Kópavogsbæ. „Hún er núna orðin fastur liður hjá okkur,“ sagði Gísli. „Þetta er nokkuð viðamikið leiklistarnámskeið sem krakkarnir eru á. Þau enda á að setja upp sýningu sem þau gera sjálf. Við aðstoðum þau bara við að setja sýninguna upp með ljósameisturum og slíku dótarí.“

Félagið efnir til afmælisfagnaðar í aðsetri leikfélagsins á föstudag, þar sem atriði úr uppsetningum félagsins verða sýnd. „Þetta er aðallega fyrir félaga og eldri félaga, en er öllum opið,“ sagði Gísli. Dagskráin hefst klukkan 20.

---



**60 ára afmæli**

**Steinunn H. Sigurðardóttir.**

Til hamingju með 60 ára afmælið.

Kveðja, eiginmaður og fjölskylda.


Ungnautahakk 8-12% fita
KJÖTBANKINN
30% afsláttur við kassann
UNGNAUTAHAKK kílóverð nú:
979 KR.
Merkt verð 1398KR.
2 í pakka
Colgate 2 burstar
198 KR.
TILBOÐSPAKKI
Colgate tannkrem
159 KR.
100 ml
100 ml
Total
Regular
Tripple action
Laukbuff og ítalskt buff
ÍSLANDS GRÍS
40% afsláttur við kassann
Laukbuff/ítalskt buff verð nú:
239 KR.
Merkt verð 398KR.
ÞYNGD UM 420g
GRÍSA LAUKBUFF
Bónus býður betur!
Frosnar danskar kjúklingabringur
1498 KR.
900g
EKKERT BRUÐL
Mánar í massavís!
Fiskimánar
Fulleldaðir mánar verð nú:
349 KR.
Merkt verð 499KR.
ÞYNGD UM 310g
Kjúklinga mánar
Grísa Mánar með skinku og osti
Mánadagar í Bónus
FISKIMÁNAR
GRÍSAMÁNAR
KJÚKLINGAMÁNAR
Með skinku og osti
Með hvítlauksosti
Með piparosti
Með jalapeno
Með piparosti
Með beikoni
Með pepperoniosti
30% afsláttur við kassann
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS




# STUÐ MILLI STRÍÐA Af stereótýpum og stríðsdönsum

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** SYNTI MEÐ STRAUMNUM UM ÁRAMÓTIN



Mikið verður gott þegar hátíðin gengur úr garði eftir tvo daga. Ég hef fengið mig fullsadda af áramótum og mannamótum í bili og hlakka til þess að hafa afsökun til að hola mér niður og verja tíma mínum í ekki neitt. Það er þó ekki þar með sagt að mér sé illa við öll þessi mót á meðan á þeim stendur, alls ekki. Ég dett með ánægju í stereótýpuna í desember og reyni ekki að synda á móti straumnum.

Á gamlárskvöld lá straumurinn upp að Hallgrímskirkju. Hálfskelkaðir útlendingar fylgdust með mér og föruneyti mínu þar sem við stímuðum upp Skólavörðustíginn með stríðsglampa í augum, kampavín og plastglös í töskum og fáránlega dýra sprengju í höndunum. Vopnuð myndavél (sem eins og öll önnur áramót var lítið brúkuð eftir að ég uppgötvaði, eins og öll önnur áramót, að það er ekki hægt að taka almennilega mynd af flugeldum með flassi), fimm pökkum af stjörnuljósum, rokeldspýtum og öllum lopaflíkum sem ég kom höndum yfir beraði ég tennurnar svo japanskir túristar bentu og töldu sig hafa fengið það staðfest að Íslendingar yrðu vitlausir um áramótin. Já, ég var meira að segja ein af þessum pirrandi píum sem ráku upp óóóóp yfir flugeldunum. Þegar klukkan datt í tólf dansaði ég svo nokkurs konar stríðsdans með flugeldaprik í hárinu, ösku í augunum og hálfa tívolíbombu í kampavínsglasinu og pósaði á mynd fyrir Svía sem hristu hausinn taktfast.

Með því að hegða mér eins og Íslendingar „gera“, álít ég mig hafa gert mitt fyrir íslenska ferðaþjónustu og vona að framlag mitt laði fleiri ferðamenn hingað um næstu stereótýpísku áramót. Þangað til ætla ég að draga mig í hlé, eða finna aðra og rólegri stereótýpu. Ég hef ekki orku í nema einn alvöru stríðsdans á ári.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Vill gera tíu myndir

Hasarmyndahetjan Jackie Chan hefur stofnað kvikmyndafyrirtæki í Kína og stefnir að því að framleiða tíu myndir á næstunni.

Chan, sem er 52 ára, er um þessar mundir að leika í framhaldsmyndinni Rush Hour 3. Hann segist vera að leita að hæfileikafólki fyrir fyrirtæki sitt. „Ég þarf að hitta leikstjóra, ég þarf að lesa handrit og hlusta á hugmyndir að fleiri handritum,“ sagði hann.

Chan er fæddur í Hong Kong. Meðfram leik sínum í Hollywood-myndum hefur hann verið duglegur við að leika í kínverskum myndum. Alls hefur hann leikið í yfir hundrað kvikmyndum á ferli sínum.



**JACKIE CHAN** Hasarmyndahetjan hefur stofnað sitt eigið kvikmyndafyrirtæki.

# Flýr æstan ljósmyndara

Nicole Kidman hefur ákveðið að snúa fyrr heim úr fríi sínu í Sydney eftir að leikkonunni sinnaðist við papparassaljósmyndarann James Fawcett. Samkvæmt áströlskum blöðum ákvað Kidman að segja þetta gott eftir að hún lagði fram kæru gegn ljósmyndaranum en leikkonan hefur verið í fríi í Ástralíu að undanförnu með börnunum sínum og auk þess sem eiginmaðurinn Keith Urban gaf sér tækifæri til að kíkja í smá heimsókn af meðferðarheimilinu sem hann dvelur á.

Upp úr sauð hjá Kidman og Fawcett þegar bílalest leikkonunnar neyddist til að staðnæmast sökum ljósmyndarans sem beið í laumi eftir henni. Ljósmyndarinn sór af sér allar sakir og sagðist hafa verið í fullum rétti. „Þetta var þeim að kenna, þau stöðvuðu bílana,“ sagði Fawcett í samtali við Daily Telegraph.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem skerst í brýnu með Kidman og Fawcett því fyrir rétt um ári hætti leikkonan við að kæra ljósmyndarann fyrir ofbeldisfulla hegðan. Lögfræðingar Fawcett undirbúa nú málsvörn sökum málsóknar sem Kidman hefur höfðað á hendur Fawcett en hann er grunaður um að hafa hlerað heimili leikkonunnar.



**KIDMAN** Hefur stytt sumarleyfi sitt í Ástralíu sökum ágangs ljósmyndara.



**KEVIN FEDERLINE** Rapparinn og fyrrum eiginmaður Britney Spears keppti í fjölbragðaglímu í fyrsta sinn.

# Federline í glímu

Kevin Federline, rappari og fyrrverandi eiginmaður Britneyjar Spears, tók fyrir skömmu þátt í fjölbragðaglímu í fyrsta sinn og keppti við meistarann John Cena.

Cena virtist hafa unnið bardagann þegar K-Fed fékk óvænta aðstoð frá glímukappanum Umaga sem tryggði honum sigur. K-Fed ákvað að berjast við Cena eftir að glímukappinn sagði í október að rapparinn væri hæfileikaminni en Paris Hilton.



**BEN STILLER** Gamanleikarinn Ben Stiller heldur toppsætinu í Bandaríkjunum með myndinni Night at the Museum.

# Stiller enn á toppnum

Gamanmyndin Night at the Museum með Ben Stiller í aðalhlutverki hélt toppsæti sínu á bandaríska vinsældalistanum um síðustu helgi.

Allt stefnir í að myndin verði sú tíunda frá Stiller sem nær að taka inn yfir hundrað milljónir dollara í miðasölunni í Bandaríkjunum, eða um sjö milljarða króna.

Í myndinni fer Stiller með hlutverk næturvarðar á safni sem geymir m.a. risaeðlur og rómverska hermenn sem vakna til lífsins á nóttunni.



**!** **Kl. 12.00**
**Hádegistónleikar í Hafnarborg.**
*Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Antonía Hevesi píanóleikari flytja þekkt íslensk sönglög í útsetningu Atla Heimis Sveinssonar ásamt ljúflingslögum eftir Vivaldi og Mozart. Aðgangur er ókeypis.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Stafrænar óperur

Bíógestir um víða veröld settu Borat, Eragon og dansandi mörgæsir í salt á dögunum því þá bauðst þeim tækifæri á að njóta Töfraflautu Mozarts á hvíta tjaldinu. Uppfærslu Metropolitan-óperunnar í New York var sjón- og hljóðvarpað í rúmlega áttatíu kvikmyndahúsum í bestu mögulegu gæðum í Norður-Ameríku, Bretlandi, Noregi, Danmörku og Japan og er talið að um 40.000 gestir hafi getað nýtt sér þetta tækifæri. Markar sýning þessi upphaf tilraunaverkefnis á vegum Cineplex Entertainment samstæðunnar og óperunnar sem hafði frumkvæði að verkefninu og er stefnt að því að sýna sex óperur í vetur, næstkomandi laugardag verður til dæmis boðið upp á óperuna I Puritani eftir Bellini. Tíu kvikmyndatökuvélar miðluðu Töfraflautunni til bíógestanna og höfðu sumir á orði að reynslan hefði jafnvel verið betri en af eiginlegri sýningu því áhorfendur sáu hin minnstu svipbrigði betur en ef setið hefði verið á aftasta



**TÖFRAFLAUTAN Á TJALDI** Um 40.000 óperuunnendur gátu séð barítónsöngvarann Nathan Gunn syngja í óperu Mozarts um síðustu helgi.

bekk í Lincoln Centre. Spurningin er bara hvort þetta sé það sem koma skal?



### > Dustaðu rykið af …

þjóðsögum **Jóns Árnasonar.** Brátt fer í hönd **kynngimagnaður** tími – hver veit nema kýrnar leggi til eitthvað **spekingslegt** á þrettándanum?

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

ÓFAGRA VERÖLD
Í kvöld kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

MEIN KAMPF
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Sun 14/1 kl.20 AUKAS.
Lau 20/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 27/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

DAGUR VONAR
Mið 10/1 kl. 20 Fors. Miðaverð 1.000
Fim 11/1 Afmælissýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20
Fös 26/1 kl. 20

AMADEUS
Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20
Síðustu sýningar

FOOTLOOSE
Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20
Síðustu sýningar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 7/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 14
Sun 21/1 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 6/1 kl.20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÓÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR



KAMMERSVEITIN ÍSAFOLD
Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason

Einsöngvarar:
Hulda Björk Garðarsdóttir, sópran og Ágúst Ólafsson, barítón.

Á efnisskrá eru Sinfónía nr. 4 og Kindertotenlieder eftir Mahler

6. janúar kl. 17.00 í DUUS-húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni

SpKef

Miðaverð kr. 2.000 – Námsmenn fá 2 fyrir 1 gegn framvísun skólaskírteinis,
www.opera.is

Flagari í framsókn The Rake´s Progress IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake´s Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 FÁAR SÝNINGAR
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX ! - 25 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í sal
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN



**KAMMERSVEITIN ÍSAFOLD** Leitar í brunn tónlistarsögunnar og flytur tímamótaútsetningar á „óhefðbundinni“ Vínarmúsík.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Forvitnilegir tónar frá Vín

**Kammersveitin Ísafold fagnar nýju ári með tvennum tónleikum um helgina en þetta er í annað sinn sem sveitin efnir til óhefðbundinna Vínartónleika í Keflavík og í Íslensku óperunni.**

Kammersveitin Ísafold var stofnuð veturinn 2003-2004 og sérhæfir sveitin sig í flutningi 20. aldar- og samtímatónlistar. Á efnisskrá tónleikanna nú er sinfónía nr. 4 og „Barnadauðasöngvar“ eftir Gustav Mahler sem voru útsett fyrir kammersveit og flutt af „Félagi um einkaflutning tónverka“ sem tónskáldið Arnold Schönberg stofnaði ásamt fleirum í Vínarborg árið 1918. Klúbbur þessi var um margt forvitnilegur og bendir Daníel Bjarnason, stjórnandi Kammersveitarinnar Ísafold, á að á undanförum árum hafi sífellt fleiri gefið starfi þeirra gaum enda er það einkar merkilegt í tónlistarsögulegu ljósi. Stofnendur félagsins unnu mikið brautryðjendastarf en þeir vildu með starfi sínu gefa almenningi kost á að heyra nútímatónlist í sem bestum flutningi en brotalöm var á slíku í Vínarborg á þeim tíma.



**DANÍEL BJARNASON** Stýrir Kammersveitinni Ísafold.

Markmið félagsins voru til dæmis að flytja og kynna nýja tónlist og auka með því skilning og þekkingu hlustenda en í upphafi hverra tónleika, eða á undan hverju verki, hélt tónleikastjóri tölu um verkin sem flytja átti, greindi þau og útskýrði með tóndæmum. Eins voru tónverk flutt oftar en einu sinni ef þurfa þótti. Ekki var selt inn á tónleikana sem haldnir voru vikulega, né heldur var efnisskrá tilkynnt fyrirfram. Gagnrýnendur fengu ekki að dæma tónleika á vegum félagsins og til þess að fá aðgang að þeim þurftu áheyrendur að gerast félagsmenn.

„Nú er verið að dusta rykið af útsetningum sem fluttar voru á vegum þessa félags en margar þeirra eru aðeins til í handriti en þar eru nokkrar útsetningar sem sérstaklega voru gerðar fyrir minni kammersveitir og hópa,“ segir Daníel og áréttar að hugmyndin hafi komið upp að flytja þessi verk eða endurskapa á tónleikum og kenna þá við Vín, þó svo að þessi tónlist sé máski ekki „hefðbundin“ Vínarmúsík.

Á fyrsta starfsári sínu lék Kammersveitin Ísafold útsetningu Antons Webern sem var nemandi Schönbergs og nú í sumar lék sveitin einnig verk eftir Schönberg í útsetningu Bernhards Wulff en þetta var þá í fyrsta sinn sem þessi tónlist hafði ómað hérlendis. Sveitin hefur nú hljóðritað verk Schönbergs og verður það að finna á hljómdiski sem væntanlegur er í verslanir en hann kemur út á vegum 12 tóna. Auk þess geymir diskur sá verk eftir Toru Takemitsu, Bent Sørensen og verk Hauks Tómassonar, Par, sem sérstaklega var samið fyrir sveitina.

Við stofnun sveitarinnar voru flestir félagar hennar ungt tónlistarfólk sem stundaði framhaldsnám erlendis en nú hefur um helmingur þátttakendanna klárað sitt nám eða er við það að ljúka þeim áfanga. „Það getur verið að starfsemi sveitarinnar muni breytast og við vonumst til að geta aukið við starfið. Það er mjög mikilvægt fyrir fólk að skapa sér sinn eigin vettvang – sérstaklega á Íslandi þar sem stundum getur verið dálítið þröngt. Við verðum bara að sjá til hvernig starfið mótast,“ segir Daníel.

Hann útskýrir að stefna sveitarinnar hafi jafnan verið að spila víðar en á höfuðborgarsvæðinu og hafa þau því farið í árlegar tónleikaferðir um landið. Fyrri tónleikarnir verða haldnir í Duus húsum í Keflavík síðdegis á laugardag en þeir síðari í Íslensku óperunni á sunnudagskvöld. Einsöngvarar á tónleikunum eru Hulda Björk Garðarsdóttir og Ágúst Ólafsson en Daníel Bjarnason stýrir sveitinni.

kristrun@frettabladid.is

# Ævi Robbins í þríriti

Þriðja ævisagan á fárra ára bili um ævi og störf bandaríska dansarans, höfundarins og leiðtogans Jerome Robbins er komin út vestanhafs. Höfundurinn er Amanda Vaill sem fyrir fáum árum sendi frá sér ævisögu hjónanna Gerald og Söru Murphy sem voru leiðandi í lífi bandarískra útlaga millistríðsáranna í Evrópu. Bók sína kallar höfundur Somewhere: The Life of Jerome Robbins. Þetta er stór bók – 675 bls. Fyrir var í hillum dansáhugamanna ævisaga gagnrýnandans Deborah Jowitt, Jerome Robbins: His Life, His Theater, His Dance, sem líka var yfir sexhundruð síður og verk frá 2001 Dance With Demons: The Life of Jerome Robbins eftir Greg Lawrence.

Í öllum þremur verkunum er rakin saga gyðingastráks frá New Jersey sem var hommi, kvalinn bæði af kynhneigð sinni og uppruna. Robbins var vitni fyrir Óamerísku nefndinni, benti á róttæklinga í danssamfélagi New York og hlaut síðar ámæli fyrir Hann átti glæsilegan feril sem danshöfundur í söngleikjum: Somewhere er reyndar tilvísun í lykillag West Side Story sem hann samdi dansana í og skóp þar með vitund fyrir nýjum dansstíl sem gat af sér djassballettinn sem þúsundir kvenna hafa lagt stund á hér á landi. Aðrir frægir bandaríkir söngleikir sem hann átti hlut í um miðja síðustu öld voru: On the Town, The King and I, Pétur Pan, Gypsy og Fiðlarinn á þakinu en sú sviðsetning fór víða um lönd og varð hér á landi mest sótta leiksýning til þessa.

Robbins varð örlagavaldur í íslenskri danssögu: hann var að störfum hjá New York City Ballet þegar hann setti upp farandsýningu sem fór fræga ferð um Evrópu og kom hér við og sýndi í Þjóðleikhúsinu 1961: þar voru í boði nokkur smærri dansatriði en áhugamannahópur um listdans hér var þá öflugur en alfarið undir áhrifum danska skólans. Heimsóknin feykti upp gáttum fyrir endurnýjun listdans hér á landi. Robbins leiðbeindi ungum íslenskum dansara, Helga Tómassyni, til frama í New York og verður að teljast ásamt Erik Bidsted guðfaðir þess listdansara íslensks sem lengstan og glæsilegastan frama hefur átt á sínu sviði.

Robbins sneri aftur til starfa við New York City Ballet á síðustu starfsárum sínum. Ballettar hans byggðu á gríðarlega harðri kröfu um nákvæmni í tímasetningu og eru til bæði á kvikmynd og síðar myndböndum. Þeir eru því vel skráðir. Fyrir bragðið eru þeir enn víða í flutningi og hann er sestur í efstu röð bandarískra danshöfunda á síðustu öld með þeim Agnes De Mille, Balanchine, Ruth St. Denis, Mörthu Graham og Isadoru Duncan.

Fyrst nefndu ævisögurnar tvær hafa fengið gagnrýnið hrós hjá New York Times og segir gagnrýnandi þær nauðsyn hverjum áhugamanni um listdansinn á síðustu öld. **- pbb**



**JEROME ROBBINS** Umdeildur frumkvöðull í bandarískum listdansi sem hafði afgerandi áhrif á feril Helga Tómassonar. Hér er hann annar frá vinstri í hópi samstarfsmanna sinna við West Side story sem hann skóp og leikstýrði. Á myndinni er Stephan Sondheim lengst til vinstri og Leonard Bernstein annar frá hægri.

# Leitað að tilgangi lífsins

Bókin Leitin að tilgangi lífsins, sem verið hefur uppseld hjá útgefanda um nokkurt skeið, hefur nú verið endurútgefin. Í tilefni þessa verður efnt til stuttrar dagskrár um bókina á morgun kl. 15.30 í Norræna húsinu í Vatnsmýrinni.

Þar mun Róbert H. Haraldsson, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands, halda stutt erindi um bókina sem hann nefnir „Leitin að tilgangi lífsins andspænis hinu illa“. Að fyrirlestri loknum verður afhentur styrkur í minningu höfundarins Viktors E. Frankl en í útgáfusamningi óskaði höfundur eftir því að höfundarlaun hans fyrir bókina rynnu til málefnis sem snertir börn. Léttar veitingar verða í boði að dagskrá lokinni og einnig verður hægt að kaupa bókina á sérstöku kynningarverði.




**LOKSINS FÁANLEG Á NÝ** Bók Viktors E. Frankl hefur nú verið endurútgefin.

Leitin að tilgangi lífsins kom út á vegum Siðfræðistofnunar og Háskólaútgáfunnar í þýðingu Hólmfríðar Gunnarsdóttur árið 1997.

Höfundur bókarinnar, Viktor E. Frankl, var austurrískur geðlæknir og upphafsmaður kenningar í sálarfræði sem nefnd er lógóþerapía eða tilgangsmeðferð. Þar er lögð áhersla á að í lífi sérhvers manns sé einstakur tilgangur sem hver og einn verði að finna fyrir sjálfan sig.

Frankl sat í fangabúðum nasista og notaði reynslu sína úr fangabúðunum sem undirstöður kenninga sinna. Frásögnin úr fangabúðunum hefur fyrst og fremst þann tilgang að sýna fram á gildi kenningarinnar en ekki að rekja hörmungar fangabúðarlífsins.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

1 2 3 **4** 5 6 7

### Fimmtudagur

### SKEMMTANIR

☐ 15.00 **Listamenn** verða með markað á **Barnum** við Laugaveg 22. Fjörið stendur til kl. 20 og allt á að seljast.

☐ 22.30 **Breakbeat.is** stendur fyrir svokallaðri **Dubstep Session** á skemmtistaðnum **Pravda** í Austurstræti. Frítt inn til 22.30, nánari upplýsingar á www.breakbeat.is.

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 **Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands** eru haldnir í **Háskólabíói við Hagatorg.** Einsöngvari á tónleikunum er **Þóra Einarsdóttir** sópransöngkona en stjórnandi er **Christopher Warren-Green.**

### SÝNINGAR

☐ 09.00 í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en **Listvinafélag** kirkjunnar stendur fyrir henni.

☐ 10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur** sýna 45 vonarstjörnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Listamennirnir voru valdir af einum áhrifamestu sýningarstjórum í hinum vestræna heimi, þeim **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Birnbaum** en **Gunnar Kvaran**, fyrrum safnstjóri **Listasafns Reykjavíkur,** starfaði einnig með þeim. Sýningin stendur til 21. janúar.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**. Sýning á verkum **Jóns Stefánssonar** listmálara má sjá í sal tvö en hann var eini íslenski nemandi Matisse.

☐ 13.00 Myndlistarmaðurinn **Haraldur Jónsson** sýnir í menningarmiðstöðinni **Skaftfelli á Seyðisfirði.** Sýningin **Framköllun** stendur til 20. janúar og er opin um helgar frá 13-17 eða eftir samkomulagi

☐ 14.00 Myndlistarmennirnir **Sirra Sigrún Sigurðardóttir**, **Hekla Dögg Jónsdóttir**, **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** og **Daníel Björnsson** sýna í **Kling & Bang gallerí**, **Laugavegi 23.** Sýningin ber heitið **Ljósaskipti-Jólasýning Kling og Bang** og stendur til 28. janúar.

### BÆKUR

☐ 17.00 Bókin **Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu** í ritstjórn **dr. Sigrúnar Júlíusdóttur** og **Halldórs Sig. Guðmundssonar** er nýkomin út. Efnt verður til útgáfuteitis og kynningar í tilefni af útkomu bókarinnar í **Skólabæ**, húsnæði Háskóla Íslands á horni Kirkjugarðsstígs og Suðurgötu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**Stúdentaleikhús kynnir „ þú ert enginn Johnny Depp ”**
Til að verða við óskum þeirra sem ekki komust að munu verða aukasýningar á verkinu Fim 4. jan kl. 20 / Fös 5. jan kl. 20 / Lau 6. jan kl. 20 / Sun 7. jan kl. 20

**Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)**
Verkið er aðeins sýnt í viku. Frumsýning Sun 14. jan kl. 20 / Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

AUSTURBÆR

**Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1 **nokkur sæti laus**, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 13/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus.**

**BAKKYNJUR** eftir Evrípídes
4. sýn. í kvöld fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1 **nokkur sæti laus**, fös. 12/1 **kl. 16:30 nokkur sæti laus**, lau. 13/1 **örfá sæti laus**, lau. 20/1. **Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 7/1 **kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 uppselt.**

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS


# Öldungadeild MH

## Stundatafla vorannar 2007

Innritun í Öldungadeild fer fram fimmtudaginn 4. janúar, föstudaginn 5. janúar og mánudaginn 8. janúar 2007 frá 15.00-19.00. Símainnritun verður frá 09.00-12.00 í síma 5955207. Námsráðgjafar og matsnefnd verða á staðnum 4.1 og 8.1 kl. 16.00-19.00, Deildastjórar verða við á 8.1 kl. 17.00-18.00 Einnig er hægt að skrá sig vefrænt á **www.mh.is**

| Tími | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 16.45<br>-<br>17.45 | EDL103-VRE-23<br>HEI103-KAJ-<br>ÍSL403-GUL-15<br>ÍTA203-JOG-41<br>NÁT123-JOV-25<br>STÆ503–NN | FRA203–ALA-33<br>JAR203–PAL-<br>SPÆ203–ASI-41<br>SAG3E36-GAS<br>STÆ103-HEJ-13<br>ÞÝS203–BEH-14 | EFN103 –JOV-25<br>ÍTA303-JOG-41<br>NÁT133–VRE-23<br>SÁL203–HAF-20<br>SAG2636-RUN-<br>STÆ403-NN-12 | FRA403-GEL-33<br>ÍSL503-SIS-15<br>NÁT113–PAL-<br>SPÆ403-ASI-41<br>ÞÝS403-GUM-14<br>STÆ203–HEJ-13 |
| 17.55<br>-<br>18.55 | EFN103 –JOV-25<br>ÍTA303-JOG-41<br>NÁT133–VRE-23<br>SÁL203–HAF-20<br>STÆ403-NN-12<br>SAG2636-RUN- | FRA403-GEL-33<br>ÍSL503-SIS-15<br>NÁT113–PAL-<br>SPÆ403-ASI-41<br>STÆ203–HEJ-13<br>ÞÝS403-GUM-14 | EDL103-VRE-23<br>HEI103-KAJ-<br>ÍSL403-GUL-15<br>ÍTA203-JOG-41<br>NÁT123-JOV-25<br>STÆ503–NN - | FRA203–ALA-33<br>JAR203–PAL-18<br>SPÆ203–ASI-41<br>SAG3E36-GAS<br>STÆ103-HEJ-13<br>ÞÝS203–BEH-14 |
| XXX | XXXXXXXXXX | XXXXXXXXXX | XXXXXXXXXXX | XXXXXXXXXX |
| 19.10<br>-<br>20.10 | DAN203—38<br>FÉL 103-ADA-36<br>FRA503-SAN-33<br>SÁL103-HAF-20<br>ÞJÓ163-ÞOK-38<br>ÞJÓ263-ÞOK-38<br>ÞJÓ363-ÞOK-38 | FÉL203-ADA-36<br>ÍSL3O3-GAS-16<br>LAN103 –ÞOS-28<br>LÍF203 – SIH-<br>SAG203-ÞOS-28 | ENS203--45<br>ENS503- -31<br>FÉL233ADA-20<br>SAG393–GAS-30<br>ÞJÓ203–ÞOK-36<br>ÞÝS503-VAB-14 | FÉL3036-SKA-20<br>ÍSL203-BÓL-16<br>LÍF1036-SIH-<br>MYN153 –IDU-47<br>SPÆ5136-NN-41 |
| 20.15<br>-<br>21.15 | DAN203–38<br>FÉL 103-ADA-36<br>FRA503-SAN-33<br>SÁL103-HAF-20<br>ÞJÓ163-ÞOK-38<br>ÞJÓ263-ÞOK-38<br>ÞJÓ363-ÞOK-38 | FÉL203-ADA36<br>ÍSL3O3-GAS-16<br>LAN103 –ÞOS-28<br>LÍF203–SIH-26<br>SAG203-ÞOS-28 | ENS203--45<br>ENS503--31<br>FÉL233-ADA-20<br>SAG393–GAS-30<br>ÞJÓ203–ÞOK-36<br>ÞÝS503-VAB-14 | FÉL3036-SKA-20<br>ÍSL203-BÓL-16<br>LÍF1036-SIH-<br>MYN153 –IDU-48<br>SPÆ5136-NN-41 |

Einnig er í boði yndislestur-það er ÍSL322, isl422 og ENS422, það er ekki inni í töflu.
Athugið að ÞJÓ 163/263/363 eru kennt saman.
Hægt er að velja LAN103 og SAG203 saman, þeir verða kennt í dreifmennt, með staðbundnir lotur.

Menntaskólinn við Hamrahlíð, 5955200/5955216

# ÚTSAL

20%

30%

40%

50%

60

**Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup**

**Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18

# LAN

4. - 21. janúar

## HEFST Í DAG!



0%

AFSLÁTTUR

%



INTERSPORT®

**Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 •





### GOTT GLÁP

**CHILDREN OF MEN** Áhrifarík og óvenjuleg spennumynd sem skilur mikið eftir sig. Kærkomin tilbreyting frá stöðluðum Hollywoodgrautnum.
**HAPPY FEET** Þrælhress teiknimynd um fótafimar og geðgóðar mörgæsir. Vægast sagt upplífgandi mynd í skammdeginu enda fer Robin Williams á kostum.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR DAGSKRÁRGERÐARKONA

# *Lilja 4-ever er mesta hetja kvikmyndanna*

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** Ég sá Little Miss Sunshine á sýningu fyrir gagnrýnendur. Ljúfsár og frábær mynd sem ég hlakka til að fjalla um í útvarpinu.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** Rétt fyrir jólin horfði ég á Miracle On 34th Street í upprunalegu útgáfunni frá 1947. Natalie Wood var aðeins 10 ára þegar myndin var tekin og strax skemmtileg leikkona.
**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?** Þær eru nú svo margar, erfitt að velja. Held þó að ég verði að nefna þríleik Kieslowski. Blár, Hvítur og Rauður eru myndir sem ég get horft aftur og aftur á og sé alltaf eitthvað nýtt.
**Hefur þú grátið í bíó?** Ójá! Það þarf ekki mjög mikið til að ég tárist.
**Uppáhalds íslenska persónan:** Marínó í Börnum eftir Ragnar Bragason. Þar lagðist allt á eitt, góð persónusköpun og frábær leikur Ólafs Darra. Nói albínói er yndislegur líka.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:** Á erfitt með að velja milli Ingrid Bergman og Audrey Hepburn. Tek það fram að mesta stjarna er ekki það sama og mesti leikari.



**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Lilja 4-ever.
**Mesti skúrkurinn:** Jane í „What Ever Happened To Baby Jane".
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?** Engin ein. Þær eru svo fjölmargar. Ég sofna yfir öllum stríðsmyndum sem innihalda langar bardagasenur í lofti og kafbátamyndir finnst mér hrikalega leiðinlegar.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** Ég léki konu sem kæmist óvænt yfir mikla fjárhæð. Hún lætur draum sinn rætast og fer til Brasilíu til að hjálpa vegalausum götubörnum. Þar kemst hún á snoðir um skelfilega glæpastarfsemi, mafíu sem kaupir og selur börn. Knúin áfram af hugsjón og hugrekki gengur hún í málin sjálf og ræðst gegn vondu köllunum. Að sjálfsögðu myndi allt enda vel. Fernando Meirelles myndi leikstýra og börnin sem léku í myndum hans Borg Guðs og The Constant Gardener væru mótleikarar mínir. Peter Stormare yrði einn vondu kallanna og Ewan McGregor léki mann sem ég bjarga frá vondu köllunum.



## AF HVÍTA TJALDINU
**Þórarinn Þórarinsson**

# *Fornleifar af stórleikara*

Þríeykið Steven Spielberg, George Lucas og Harrison Ford hefur látið okkur bíða óhóflega lengi eftir fjórðu myndinni um fornleifafræðinginn Indiana Jones en þeir hafa loks lýst því yfir að Jones muni snúa aftur á hvíta tjaldið árið 2008, aðeins 18 árum eftir að hann sneri á útsendara nasista í Indiana Jones og síðasta krossferðin árið 1989. Framleiðandinn Lucas og leikstjórinn Spielberg kynntu Jones fyrst til leiks árið 1981 í Ráninu á týndu örkinni og vinsældir hans voru slíkar að ekki var komist hjá því að gera framhaldsmynd. Önnur myndin, Indiana Jones og musteri óttans, stóð þeirri fyrri langt að baki og þegar þeir félagar gerðu þriðju myndina létu þeir þau boð út ganga að með henni væru þeir meðal annars að biðja aðdáendur Jones afsökunar á miðmyndinni.

Þeir þurfa svosem ekki að biðjast afsökunar á neinu nú, öðru en þessari löngu bið þar sem þeir hafa haldið aðdáendum Jones milli vonar og ótta um hvort fjórða myndin verði að veruleika árum saman.

Stærsti ókosturinn við þessa löngu bið er auðvitað sá að Harrison Ford eldist eins og annað fólk og verður 65 ára gamall á þessu ári. Hann ber aldurinn ágætlega en einhvern veginn sér maður hann ekki fyrir sér skríða undir trukka á ferð, sveifla svipu og horfast í augu við kóbraslöngur af jafn miklu öryggi og hann gerði fyrst fyrir 26 árum.

Spielberg og Lucas eru þó alveg menn til að leysa þetta og við sem höfum beðið öll þessi ár treystum á að þeir sýni gamla takta og færi okkur ekta Indiana Jones mynd að ári.

Það getur líka varla verið of seint að gera nýja Indiana Jones mynd á meðan Rocky og Rambó eru enn rólfærir enda meira í Jones spunnið en þá kóna.

Um tilganginn má hins vegar deila. Allir eiga þessir menn meiri pening en þeir geta komist yfir að eyða það sem eftir lifir ævinnar og Lucas og Spielberg slá í gegn með hverri mynd. Sá eini sem virkilega þarf að endurheimta forna frægð er Harrison Ford sem er því í svipaðri stöðu og Sylvester Stallone.



Það eru ekki mörg ár síðan Ford var einn vinsælasti og eftirsóttasti leikari heims og með túlkun sinni á Han Solo og Jones hefur hann leikið í sex fádæma vinsælum myndum sem koma við sögu á listum yfir vinsælustu myndir allra tíma. Nýlegar myndir hans á borð við Firewall, Hollywood Homicide, K-19: The Widowmaker, Six Days Seven Nights og Air Force One eru sorgleg dæmi um hnignandi feril en leikarinn hefur varla borið sitt barr eftir að hann skildi við eiginkonu sína til margra ára, fékk gráa fiðringinn, lokk í eyrað, sló sér upp með Calistu Flockhart og fór að djamma á Íslandi. Allt frekar plebbalegt og það er hreinlega spurning hvort Indiana Jones geti bjargað Ford þó Spielberg og Lucas geti án efa blásið lífi í Jones.

# Framhaldsmyndaárið 2007

**Árið 2007 verður sannkallað framhaldsmyndaár þar sem Spiderman, sjálfur Rocky, Jack Sparrow og Harry Potter munu ásamt öðrum kunnuglegum kempum berjast um hylli bíógesta.**

Framhaldsmyndaskriðan sem mun ganga yfir bíógesti í ár verður býsna mögnuð og þar fer mikið fyrir fokdýrum stórmyndum. Fyrst ber að telja þriðju Spiderman-mynd Sams Raimi en hinar myndirnar hans tvær um Köngulóarmanninn eru ákaflega vel heppnaðar og skemmtilegar og ekkert bendir til annars en að Raimi og hans fólk muni standa undir væntingum með Spider-man 3.

Kollegar Köngulóarmannsins úr Fantastic Four-myndasögugenginu fá svo annað tækifæri til að spreyta sig á árinu þó að fyrri myndin um hópinn hafi ekki gert neitt sérstaka lukku á meðal gagnrýnenda. Fyrstu sýnishorn úr nýju myndinni benda þó til þess að hópurinn sé að ná vopnum sínum.

### Traustir gullkálfar snúa aftur

Þriðja myndin í Pirates of the Caribbean-flokknum, At Worlds End, er væntanleg í ár og það er eins gott að áhafnir sjóræningjaskipanna bretti upp ermarnar eftir slappan millikafla og loki sögunni með stæl. Fyrri myndirnar tvær hafa þó malað framleiðendum sínum gull og hvernig sem allt fer mun það varla breytast í þessari umferð.

Harry Potter mun væntanlega einnig skila sínu með Harry Potter og Fönixreglunni, sem og græna en góðlega skrímslið Shrek sem lætur til sín taka í Shrek the Third. Þá mun breski háðfuglinn Rowan Atkinson bregða sér í gervi einfeldningsins Mr. Bean á ný árið 2007 þannig að það er ekkert gefið eftir í framhaldsgríndeildinni þetta árið.



**TOBEY MAGUIRE** Mætir ferskur til leiks í hlutverki Köngulóarmannsins í þriðja sinn og þarf að takast á við nokkra skæða andstæðinga að þessu sinni.

### Framhaldshrollur

Sama má að vísu segja um hryllinginn en framhaldsmynd endurgerðarinnar á The Hills Have Eyes er væntanleg og einnig ný mynd um mannætuna Hannibal Lecter en aðdáendur hans fá nú að kynnast honum sem ungum og upprennandi morðingja í Hannibal Rising. Leikstjórinn Rob Zombie bætir svo gráu ofan á svart í þessum geira með því að vekja Michael Myers upp frá dauðum eina ferðina enn í endurgerð sinni af Halloween eftir John Carpenter.

### Gamlir kunningjar

Hnefaleikarinn Rocky Balboa snýr aftur á árinu eftir langa fjarveru en Sylvester Stallone virðist ætla að takast að blása lífi í þetta þekktasta hugarfóstur sitt sem sást síðast í bíó árið 1990 í Rocky V. Bandarískir gagnrýnendur hafa tekið upprisu Rocky vel en það mun skýrast á næstu mánuðum hvort sextugur Rocky eigi jafn greiðan aðgang að evrópskum hjörtum.

Stökkbreyttu bardagaskjaldbökurnar Teenage Mutant Ninja Turtles ganga einnig í endurnýjun lífdaga í ár og lögguharðhausinn John McClane er ekki heldur dauður úr öllum æðum en Bruce Willis leikur kappann í fjórða sinn í ár í myndinni Live Free or Die Hard. Fyrri myndirnar þrjár eru allar prýðilegar spennumyndir og Willis ætti að fara létt með að endurtaka leikinn eina ferðina enn þótt hann sé orðinn nauðasköllóttur.

Matt Damon er svo ekki síður vörpulegur sem minnislausa drápsvélin Jason Bourne en hann lætur nú til sín taka í þriðja sinn í The Bourne Ultimatum sem er líkt og fyrri myndirnar tvær vægast sagt lausbyggð á samnefndri spennusögu Roberts Ludlum.

Þessi upptalning sýnir svo ekki verður um villst að mógúlarnir í Hollywood eru ekki mikið fyrir að taka áhættu og treysta fyrst og fremst á margreyndar uppskriftir þó að ferskari réttir muni vissulega verða á boðstólum inn á milli.




ÚTSALAN HEFST Í DAG
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

BIRNA
Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net


# Barist um hylli Amy

Grínmyndin Employee of the Month með Dane Cook, Jessicu Simpson og Dax Shepard í aðalhlutverkum verður frumsýnd á morgun í Laugarásbíói, Sambíóunum Álfabakka og í Keflavík.

Myndin segir frá þeim Vince (Shepard) og Zack (Cook) sem báðir vinna í hinni risavöxnu verslun Super Club. Á meðan Vince hefur skotist upp metorðastigann og hefur verið valinn starfsmaður mánaðarins sautján sinnum í röð þá er Zack alræmdur skussi sem nýtur þó hylli á meðal samstarfsfólksins sökum eilífs fíflagangs.

Allt breytist aftur á móti þegar hin fallega Amy (Simpson) hefur störf sem kassadama. Hún hefur orð á sér fyrir að fara bara á stefnumót með starfsmönnum mánaðarins og fíflalætin hjá Zack falla ekki í kramið hjá henni. Hann verður því að taka sig á ef hann ætlar að veita Vince keppni um hylli Amy. Eina leiðin til þess er er vitaskuld að hljóta titilinn „Starfsmaður mánaðarins".



**EMPLOYEE OF THE MONTH** Jessica Simpson, Dax Shepard og Dane Cook fara með aðalhlutverkin í þessari hressu gamanmynd.

Leikstjóri Employee of the Month er Greg Coolidge og er þetta fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd. Á afrekaskrá hans er m.a. leikur í gamanmyndinni Sorority Boys og var hann einnig annar af handritshöfundum hennar.

habitat

**útsalan**
hefst í dag
**30-50%**
afsláttur

opið alla daga og til 21 í kvöld

Habitat Askalind 1, 201 Kópavogur Sími 568 9700 www.habitat.net

**> Athugaðu ...**

*... að það á ekki að vera erfitt að rækta lítinn matjurtagarð í eldhúsglugganum. Kauptu kryddjurtir í litlum pottum, þá áttu alltaf ferska basilíku, myntu eða timjan. Betri gerast áramótaheitin varla.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN JÓHANN JÓNSSON, EIGANDI OSTABÚÐARINNAR

# Tekur foie gras fram yfir sætindi



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**

Góðrar ólífuolíu og osta. Primadonna, sem er hollenskur goudaostur, er í uppáhaldi. Rauðmygluostar eru líka afskaplega góðir, það er meiri karakter í þeim en í camembert eða brie.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**

Rjúpurnar hennar mömmu. Jólamaturinn klikkar aldrei.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**

Hákarl og súrsaður matur. Súrmatur finnst mér ekki góður, en mygla í ostum er allt, allt annað.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**

Bannað að segja, það er leyndarmál. Ef maður þarf reddingu fer ég alltaf í ítalska eldhúsið. Það er fljótgert að gera gott pasta með gorgonzola.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**

Foie gras. Flestir væru kannski með sætindi í huga, en gæsalifrin er meira nammi fyrir mig.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**

Osta og hvítvín.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**

Hvítvín og foie gras.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**

Lambaheili sem ég smakkaði úti í Ástralíu. Eftir máltíðina leið mér hreinlega ekki vel, bara við tilhugsunina. Heili er alveg ofboðslega slepjulegur. Ég fer leikandi að því að borða ostrur, en áferðin á þessu var mjög spes.



## VÍNVIÐURINN

**Einar Logi Vignisson**

# Lífrænt ræktuð vín

Um áramót hugsa margir öðru fremur um hollustu og bætta lífshætti. Ég hef undanfarið fengið nokkrar fyrirspurnir um ofnæmisvalda í vínum og hvort lífrænt ræktuð vín séu betri fyrir þá sem þjást af ofnæmi. Við þessum spurningum er ekkert einfalt svar því ofnæmisvaldar í vínum hafa ekki verið mikið rannsakaðir. Flestir sem ég hef spurt, læknar, vínsérfræðingar og þeir sem þjást af ofnæmi, vilja þó meina að lífrænt ræktuðu vínin framkalli vægari ofnæmisviðbrögð.

Tvennt er það einkum í vínum sem talið er valda ofnæmi, histamín og súlfít. Histamínið er í öllu víni frá náttúrunnar hendi og getur framkallað kláða, roða, hnerra og nefrennsli. Ofnæmistöflur sem innihalda antihistamín geta virkað gegn þessu. Súlfít, eða brennisteinsblanda, er sótthreinsandi efni sem notað er til að varna því að svokölluð seinni gerjun eigi sér stað auk þess sem efnið drepur bakteríur. Ekkert efni hefur komið fram sem getur leyst súlfítið af hólmi og það er í öllu víni, einnig lífrænt ræktuðu. En þar er það notað fyrr í framleiðsluferlinu og er því í minna magni þegar vínið er komið á flöskur. Magnið fellur með árunum og í mjög gömlum vínum er súlfítið nánast horfið. Einkum eru það astmasjúklingar sem þola súlfít illa.

Vín eru auðvitað þeirrar gerðar að alkóhólið leysir bragðefni úr læðingi. Sumt bragð fer illa í þá sem eru viðkvæmir. Þannig heyri ég marga kvarta yfir of eikuðum vínum og svo eru ýmsir sem ekki mega sjá ákveðnar tegundir án þess að fá svima og geta svosum ekki útskýrt það með neinum frekari hætti. Rétt eins og matur fer misjafnlega í menn.

Það eru auðvitað margar aðrar ástæður fyrir því að drekka lífrænt ræktuð vín heldur en að þau séu hollari fyrir okkur. Fyrst og fremst eru þau hollari fyrir náttúruna. Ég hef gjarnan spurt þá víngerðarmenn sem ég hef hitt í gegnum árin um lífræna ræktun og oft verið hissa á því tómlæti sem margir þeirra sýna henni. Á flestum er að skilja að víngerð sé svo náttúruleg framleiðsla að lífræn ræktun sé bara pjatt. Engan veginn sé hægt að bera saman vínrækt og stórtæka landbúnaðarframleiðslu þar sem allt sé reynt til að auka framleiðsluna. Í vínræktinni skipti gæðin máli en ekki magnið. Undirliggjandi er að þeir hugsa fyrst og fremst um gæðin og taka ekki sjensinn á því að toppvínin sín verði lakari en mögulegt er. Fáir lífrænir ræktendur eru í hópi þeirra allra bestu en það er þó að breytast hratt og aukin vitund almennings mun örugglega færa þá frægu inn á lífrænu leiðina. Þeim sem vilja fræðast nánar um lífræna ræktun bendi ég á stórgóða grein Dominique Plédel Jónsson í nýjasta hefti Gestgjafans.




**Á BOTNINN HVOLFT:** Fjölmörg góð lífrænt ræktuð vín má fá í vínbúðum. Einna þekktust eru vínin frá Pujol en sá framleiðandi kom hingað til lands í fyrra og stóð fyrir eftirminnilegri þrúgupressun á bak við Hótel Borg.

# Er ekkert hollustufrík

**Leikmyndahönnuðurinn Ásta Björk Ríkharðsdóttir hefur verið grænmetisæta í 25 ár. Hún segir að það sé algjör misskilningur að grænmetisætur séu allar með hollustu á heilanum.**

„Um leið og fólk heyrir að einhver sé grænmetisæta ákveður það einhvern veginn hvað grænmetisæta borðar. Ég veit eiginlega ekki hvaðan það fær hugmyndirnar," sagði Ásta hugsi. „Það tekur sér jafnvel það bessaleyfi að yfirheyra mann og fylgjast með því hvað maður borðar," bætti hún við. Ásta segist geta ímyndað sér að fólk sem vill reyna að borða hollt líti til grænmetisætna sem fyrirmynda. „Ég held samt að það sé bara misskilningur. Hollur matur getur verið allt, eftir því hvernig þú setur hann saman, hvað þú gerir og hvað þú borðar mikið af honum," sagði hún. „Ég borða til dæmis alveg sykur, en geri mér grein fyrir því að það er engin hollusta í honum," sagði Ásta.

Að sögn Ástu útheimtir það ekki heldur meiri fyrirhöfn að elda fyrir grænmetisætur. „Ég held að þetta sé bara hugarfar og spurning um hverju þú venst. Ég geri til dæmis voða lítið af því að leggja baunir í bleyti. Ef maður er grænmetisæta fer fólk alltaf strax að tala um baunir, ég veit ekki alveg hvaða tenging það er," sagði hún hlæjandi.

Ásta lætur lesendum Fréttablaðsins í té uppskrift að sveppaböku, sem hún notar með tilbrigði við hnetusteik. „Það má hana sem hátíðamat, en þetta fer oft voða mikið eftir meðlætinu. Og sósan er náttúrulega mikið atriði," sagði hún. Ásta mælir með sveppasósu, kartöflum og waldorf-salati til að kóróna sveppabökuna góðu.

Setjið smjör á pönnu og steikið lauk og sellerí í 5-8 mínútur. Kryddið með salti, sinnepi og blóðbergi. Bætið við sveppunum og svörtum pipar. Látið malla á miðlungshita og hrærið í eftir þörfum þar til sveppirnir eru orðnir mjúkir. Bætið hveitinu í smátt og smátt, hrærið stöðugt í á meðan. Sjóðið í 5 mínútur við lágan hita. Bætið sérríinu í og sjóðið í 5 mínútur í viðbót.

Setjið sveppakássuna í smurt eldfast mót. Dreifið ristuðu brauðteningunum yfir og síðan ostinum. Þeytið saman eggin og mjólkina og hellið yfir. Stráið paprikukryddi efst. Bakið í 45 mínútur við 180 gráður eða þar til bakan er fallega brún.



**ÁSTA BJÖRK RÍKHARÐSDÓTTIR** Segir grænmetisætur ekki endilega vera fyrirmyndir hvað varðar heilsusamlegt líferni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**LEYNDARDÓMSFULL SVEPPABAKA**

- 1 msk. smjör
- 1 bolli brytjaður laukur
- ¾ tsk. salt
- 2 stönglar skorið sellerí
- ¼ tsk. þurrt sinnep
- ¼ tsk. blóðberg (thyme)
- 500 g niðurskornir brúnir sveppir
- mikið af nýmöluðum svörtum pipar
- 2 msk. hveiti
- 2-4 msk. þurrt sérrí
- 4 stórar brauðsneiðar (grófar), ristaðar og smurðar, skornar í teninga
- ½ bolli niðurrifinn bragðsterkur ostur
- 4 stór egg
- 1 bolli mjólk
- paprikukrydd

BBC
WORLD
SERVICE

# Múslíblanda í morgunsárið

Morgunmaturinn fyrstu daga ársins skiptir marga gríðarlega miklu máli, þar sem hann er liður í því að efna áramótaheitin um hollustusamlegra líferni sem fólk strengir í massavís á þessum tímamótum. Múslí er firnafínn kostur í morgunsárið, og að sögn Hjördísar Ásberg hjá Maður lifandi er lítið mál að búa sér til sitt eigið múslí, sem þannig er laust við öll aukaefni.

„Ef fólk vill búa til mikið magn í einu er góð uppskrift á heimasíðunni okkar," sagði Hjördís. Hún segir það hins vegar tilvalið að búa til blöndu eftir hugmyndaflugi hvers dags. „Það má nota það sem er til í skápunum af lífrænu og hollu góðgæti," sagði Hjördís. Ef fólk vill er gott að rista blönduna, þótt það sé ekki nauðsynlegt. Hjördís mælir með því að blanda saman skeið af haframjöli, sólblómafræjum, brytjuðum hnetum og niðurskornum döðlum eða rúsínum. „Ef hráefnið er allt lífrænt smakkast þetta alveg prýðilega án frekari sætuefna, en það er líka mjög gott að setja smávegis af kókosflögum og epla- eða bananasneiðum með," sagði hún. Sesamfræ, möluð hörfræ, möndlur, fíkjur og apríkósur ganga líka vel í múslíblöndur. Notist með hvaða mjólkurafurð sem maginn girnist.



**FÍKJUR Á FIMMTUDEGI?** Apríkósur, fíkjur, möndlur og döðlur eru meðal þess sem Hjördís mælir með í múslíblönduna.



**HJÖRDÍS ÁSBERG** Segir það lítið mál að blanda múslí eftir því sem hugurinn girnist þann daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ÚTSALA

# VALHÚSGÖGN

SÓFAR - SÓFASETT - HORNSÓFAR - TUNGUSÓFAR - SVEFNSÓFAR - HVÍLDARSTÓLAR - BORÐSTOFUHÚSGÖGN - SKÁPAR...



**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**Opið:** Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16 - Sunnudaga 13-16

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Fékk 200 milljónir fyrir klukkutímann



GEORGE MICHAEL Söngvarinn vinsæli fékk væna summu fyrir að syngja í klukkutíma fyrir rússneskan milljarðamæring.

Talið er að breski söngvarinn George Michael hafi fengið greiddar um tvö hundruð milljónir fyrir að koma fram á klukkutíma löngum tónleikum í nýárspartíi rússnesks milljarðamærings.

Hinn ónafngreindi viðskiptajöfur greiddi Michael þessa gríðarlegusummu fyrir að skemmta þrjú hundruð gestum sínum við heimili sitt skammt fyrir utan Moskvu. Hafði hann breytt íþróttahöll sinni í glæsilegan næturklúbb sem var innréttaður sérstaklega fyrir partíið. Talið er að að upphæðin sem Michael fékk fyrir frammistöðu sína sé sú hæsta sem hafi verið greidd fyrir tónleika í Rússlandi.

Að sögn fréttavefjar BBC var flogið með Michael og fylgdarlið hans í einkaþotu til Rússlands. Þrátt fyrir að Michael sé sagður hafa skemmt sér vel var hann samt kominn aftur heim til London morguninn eftir.

Michael, sem er 43 ára, hefur nýlokið tónleikaferð sinni um Bretland, undir yfirskriftinni Twenty-five. Meðal annars hélt hann ókeypis tónleika fyrir 2.000 hjúkrunarkonur í London við mjög góðar undirtektir. Með tónleikunum vildi hann þakka hjúkrunarkonunum fyrir að hafa annast veika móður sína.

Á meðal fleiri stjarna sem hafa fengið fúlgur fjár fyrir litla fyrirhöfn í gegnum tíðina er Christina Aguilera. Hún er sögð hafa fengið yfir 130 milljónir fyrir að syngja einungis þrjú lög í brúðkaupi Rússans Andrei Melnichenko í september árið 2005.



CHRISTINA AGUILERA Bandaríska söngkonan söng þrjú lög í brúðkaupi og fékk fyrir það um 130 milljónir króna.



BRITNEY SPEARS Britney fagnaði nýja árinu í Las Vegas á eftirminnilegan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Britney var bara þreytt

Umboðsmaður Britney Spears hefur neitað því að popprinsessan hafi dáið áfengisdauða á næturklúbbi í Las Vegas þar sem hún hélt upp á nýja árið.

„Hún var ekki drukkin. Hún var bara þreytt og sofnaði síðan,“ sagði Larry Rudolph. Britney hafði verið ráðin til að vera veislustjóri í næturklúbbnum. Höfðu fregnir borist af því að hún hefði verið borin út um bakdyr staðarins eftir að hafa drukkið yfir sig.

Britney, sem er tveggja barna móðir, hefur verið gagnrýnd að undanförnu fyrir að skemmta sér um of eftir skilnað sinn við Kevin Federline. Voru þau gift í tvö ár en hættu saman seint á síðasta ári.

# Ófögur veröld í Borgarleikhúsinu

**Síðasta frumsýning Leikfélags Reykjavíkur á liðnu ári var verkið Ófagra veröld eftir Skotann Antony Neilson, í leikstjórn Benedikts Erlingssonar.**

Verkið, sem hefur þversagnir samfélagsins til umfjöllunar, hefur að sögn kunnugra sterka tilvísun í Lísu í Undralandi – enda gaf þýðandinn Þórarinn Eldjárn því heitið Lísa í Sundralandi. Það var þó enga sundrungu að sjá í Borgarleikhúsinu þegar prúðbúnir leikhúsunnendur flykktust á frumsýninguna.



Á HEIMAVELLI Leikhússtjórinn Guðjón Pederson og Katrín Hall, listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins, létu sig að sjálfsögðu ekki vanta á viðburðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PB



ÁNÆGÐ MEÐ SÝNINGUNA Hjónin Þorsteinn J. Vilhjálmsson og María Ellingsen voru lukkuleg á að líta í Borgarleikhúsinu.



BROSAÐ ÚT Í BÆÐI Ellert B. Schram og Hrólfur Jónsson brostu breiðast manna og minntu nánast á köttinn úr Lísu í Undralandi, þó ekki væru þeir alveg jafn leyndardómsfullir.



FAGRA VERÖLD Skötuhjúin Hilmir Snær Guðnason og Bryndís Jónsdóttir létu fara vel um sig á efri hæðinni og virtust ánægð með veröldina.



MÆTT TIL LEIKS Leikstjórinn Ragnar Bragason, Anna Torfadóttir og Gauti Sigþórsson voru ánægð að sjá.



Í ÓSUNDRUÐU LANDI Þau María Ellingsen, Edda Heiðrún Bachman, Sverrir Guðjónsson, Daði Sverrisson og Elín Edda Árnadóttir höfðu augljóslega um margt að skrafa, og enga sundrungu að sjá í þessum góða hópi.



FYRIRMENNI Á FRUMSÝNINGU Þau Geir H. Haarde forsætisráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Dr. Ágúst Einarsson, nýr rektor Háskólans á Bifröst, stungu nefjum saman.


DANSSKÓLI HEIÐARS ÁSTVALDSSONAR
Reykjavík Mosfellsbær



Halló! Halló!

Kennum í Félagsheimili Þróttar Laugardal
14 vikna námskeið hefst þriðjudaginn 9. janúar

**Salsanámskeið** í 6 vikur verðum með gestakennara frá Kúbu

**Fyrir börn yngst 4 ára.** Barna og samkvæmisdansar.
**Unglingar.** Það nýasta í Hip Hop og öðrum unglingadönsum.
**Hjón og pör.** Allir venjulegir samkvæmisdansar. Skýrum út tónlist og takt og kennum nemendum að þekkja hvað á að dansa eftir hinum ýmsu lögum.

**Kennarar.** Heiðar, Svanhildur, Ingibjörg, Harpa, og Erla.



*Fín fjárfesting á lágu verð*

**Innritun virka daga frá kl. 16:00 - 20:00 í síma 551 3129 og allan sólarhringinn á heidarast@visir.is**




MOORE OG KUTCHER Leikarahjónin giftust í september árið 2005. Mörgum kom á óvart að þau skyldu hefja ástarsamband.

# Demi var undrandi

Leikkonan Demi Moore var jafn undrandi og margir aðrir þegar hún byrjaði að fara á stefnumót með Ashton Kutcher fyrir rúmum þremur árum.

„Ef einhver hefði sagt við mig að ég ætti eftir að hitta 25 ára mann og hann myndi verða með mér og eiga börnin mín þrjú með mér að auki, þá hefði ég sagt þeim sama að halda áfram að láta sig dreyma,“ sagði Moore, sem er 44 ára, í viðtali við Vanity Fair. „Þetta kom okkur báðum á óvart, sérstaklega honum. Frægðarsól hans var að rísa þegar við hittumst fyrst og hann fékk góð tækifæri til að leika í stórum myndum,“ sagði hún. Bætti Moore því við að Kutcher væri í raun og veru gömul sál.

Moore og Kutcher giftust í september árið 2005. Hún var áður gift Bruce Willis en þau skildu árið 2000 eftir að hafa eignast saman þrjár dætur.

# Mel Gibson kærður



**GIBSON** Mel Gibson hefur verið kærður fyrir að hafa stolið hugmyndum fyrir mynd sína Apocalypto.

Mexíkóski leikstjórinn Juan Catlett hefur kært Mel Gibson fyrir að hafa stolið af honum hugmyndum fyrir kvikmyndina Apocalypto.

Að sögn Catlett notaði Gibson atriði úr mynd hans Return to Aztland frá árinu 1991 í mynd sína. Hann segir að Gibson hafi beðið hann um eintak af myndinni á meðan hann tók upp Apocalypto og hafi síðan notað nokkur atriði úr henni.

Báðar myndirnar fjalla um svipað efni, þ.e. hningnandi menningu Maya-indíánanna á þeim tíma þegar mikill þurrkur ríkti í landi þeirra.

Apocolypto fór beint í efsta sæti yfir aðsóknarmestu myndir Bandaríkjanna þegar hún var frumsýnd seint á síðasta ári. Hún verður frumsýnd hér á landi 12. janúar.

# *Selur muni úr fórum sínum*

Söngkonan Whitney Houston hefur neyðst til að selja mikið af persónulegum munum sínum vegna mikilla skulda. Á meðal þess sem verður boðið í New Jersey í næstu viku er píanó úr hennar fórum, Versace-silkivesti, þrettán armbönd, nærbuxur og tónlistarverðlaun sem fyrrverandi eiginmaður hennar, Bobby Brown, vann í Boston.

Whitney hefur átt í erfiðleikum með að borga fyrir geymslu munanna og því hefur verið ákveðið að selja þá. Hún hefur átt við fíkniefna- og fjárhagsvanda að stríða undanfarin ár auk þess sem hjónaband hennar liðaðist í sundur.

Talsmaður Whitney segir að söngkonan hafi ekki haft hugmynd um að hún skuldaði pening vegna geymslu munanna. „Hún er að selja ýmislegt eins og listamenn gera sem er orðið úr sér gengið," sagði talsmaðurinn og bætti því við að hún þyrfti ekki á mununum að halda lengur.

Whitney, sem er 43 ára, sló í gegn árið 1985 með plötu sinni, Whitney Houston, sem hafði að geyma smáskífulögin Saving All My Love For You og Greatest Love Of All. Platan seldist í þrettán milljónum eintaka um allan heim, sem var met á þeim tíma. Alls hefur platan selst í 24 milljónum eintaka í dag.

Hún sótti um skilnað frá rapparanum Bobby Brown á síðasta ári eftir fjórtán ára stormasamt hjónaband.



**MEÐ BOBBY** Whitney sótti um skilnað á síðasta ári eftir fjórtán ára hjónaband.



**SIENNA MILLER** Leikur Edie Sedgwick sem framdi sjálfsmorð aðeins 28 ára eftir að hafa orðið heróíni að bráð.

# Ekki Dylan að kenna

Sienna Miller er furðu lostin yfir kröfum þjóðlagasöngvarans Bobs Dylan um að hætt verði við dreifingu nýjustu myndar hennar, Factory Girl, en myndin segir frá fyrirsætunni Edie Sedgwick sem varð heimsfræg á einni nóttu eftir samstarf sitt við listamanninn Andy Warhol á sjöunda áratug síðustu aldar. Dylan heldur því fram að ein persóna myndarinnar Billy Quinn sé nákvæm eftirmynd af sér og að í myndinni sé þeirri kenningu varpað fram að hann hafi verið ábyrgur fyrir dauða Edie Sedgwick sem Miller leikur. „Myndin skellir skuldinni miklu frekar á listamanninn Warhol heldur en Dylan. Sedgwick þarfnaðist aðstoðar og það var ekki Dylan sem ýtti að henni heróíni," lýsti Miller yfir.



**LAGÐI SIG FRAM** Hjónaband Zellweger og Kennys Chesney hélt í 128 daga en leikkonan segist hafa lagt sig alla fram.

# Mestu mistökin

Hin norskættaða leikkona Renée Zellweger hefur viðurkennt að hjónaband hennar og kántrítónlistarmannsins Kenny Chesny hafi verið mestu mistök lífs hennar. Parið kynntist á góðgerðartónleikum sem haldnir voru til styrktar hamfarasvæðunum í Suðaustur-Asíu og segir leikkonan að hana hafi langað að breyta til. „Líf mitt tók stakkaskiptum á þessum tímapunkti og ég hélt að hjónabandið væri bara hluti af breytingaferlinu," útskýrir Zellweger en hún sótti um skilnað frá Chesney eftir aðeins 128 daga. „Hjónabandið voru mín mestu mistök en ég lagði mig samt fram á meðan það stóð yfir," bætti leikkonan við.

Útsalan er hafin!

Allar vörur á **40%** afslætti

NOA NOA®

Kringlunni sími 553 3536




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| KÖLD SLÓÐ | kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 3.45 og 5.50 |
| ERAGON | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 10 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.20 |
| CASINO ROYALE | kl. 8 og 10.50 B.I. 14 ÁRA |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 3.40 og 5.50 |
| BORAT | kl. 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.50, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ERAGON | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 10 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 6 |
| TENACIOUS D | kl. 5.50 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.20 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN W.ENGLISH SUBTITLES | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| KÖLD SLÓÐ | kl. 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 6 |
| TENACIOUS D | kl. 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| ERAGON | kl. 6 B.I. 10 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu
midi.is
BÍÓ.IS – allt á einum stað










**GAVIN PORTLAND** Útgáfutónleikar Gavins Portland verða haldnir á Grand rokki í kvöld.

# Frumlegur og hrár kraftur

**Hljómsveitin Gavin Portland heldur útgáfutónleika á Grand rokki í kvöld. Sveitin gaf undir lok síðasta árs út sína fyrstu plötu, hina kröftugu III: Views of Distant Towns, á vegum 12 tóna.**

Platan fékk mjög góðar viðtökur gagnrýnenda sem sögðu hana eina af bestu rokkplötum ársins og bættu því við að hún hefði verið bæði hrá, kraftmikil og frumleg. Var platan meðal annars í áttunda sæti á árslista tónlistarsérfræðinga Fréttablaðsins og fékk fjórar stjörnur hjá gagnrýnanda þess.

### Viðbrögðin komu á óvart

Hljómsveitina skipa þeir Þórir, Sindri, Addi og Kolli og hafa þeir allir komið víða við í tónlistarheiminum.

Þórir, sem hefur sjálfur gefið út tvær vel heppnaðar sólóplötur, viðurkennir að gaman hafi verið að fá þessi feikigóðu viðbrögð við plötunni. „Það var rosalega gaman að gera þessa plötu og okkur finnst hún rosalega góð en þessar viðtökur komu okkur satt best að segja á óvart,“ segir Þórir.

### Allt gekk upp

Platan var unnin á aðeins fjórtán klukkustundum og skilaði það sér í mjög hráum hljómi, sem einmitt einkennir svo margar pönksveitir. Spurður hvort þessi hröðu vinnubrögð hafi verið ástæðan fyrir viðbrögðum við plötunni segir hann að þau hafi vafalítið haft eitthvað að segja. „Það gekk allt upp, hvernig við tókum hana upp og hvernig hún var unnin. Það skilaði sér í ákveðnum krafti. Við erum pönkhljómsveit og þetta er pönkplata og hún var að virka sem slík.“

### Tónleikaferð um Evrópu

Gavin Portland ætlar í umfangsmikla tónleikaferð um Evrópu næsta sumar en fram að því mun sveitin hlaða batteríin hér heima. Hún fór um síðustu páska í sína fyrstu tónleikaferð um Bretland ásamt I Adapt og fékk hún yfirleitt mjög góðar viðtökur að sögn Þóris. Vonast hann til að sagan endurtaki sig í sumar.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22.00 og kostar 500 krónur inn. Ásamt Gavin Portland koma fram Rökkurró og Forgarður helvítis. Rökkurró mun stíga fyrst á svið en um ellefuleytið tekur Gavin Portland við og spilar nýju plötuna eins og hún leggur sig. Forgarður helvítis bindur síðan endahnútinn á kvöldið með hörkurokki úr iðrum jarðar.

freyr@frettabladid.is










**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | BOSS OF IT ALL | kl. 8 | B.i.7 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 6 - 9 | B.i. 16 | SKOLAÐ Í BU .. Ísl tal. | kl. 5:40 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 5:40 | Leyfð | | | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| STRANGER THAN FICTION | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 |
| STRANGER THAN FIC... VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | | DOA | kl. 6 | B.i.12 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i.16 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 8 - 10:20 | B.i.16 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:30 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl.3:20 - 5:40 | Leyfð | | | |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:20-5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| STRANGER THAN FICTION | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | Leyfð | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:40 - 5:40 - 8:10 - 10:30 | Leyfð | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð | DIGITAL |
| DÉJA VU | kl. 10:40 | B.i.12 | DIGITAL |
| THE HOLIDAY | kl. 8 | B.i.12 | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 8 | Leyfð |
| DÉJÁVU | kl. 10:15 | B.i. 12 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| STRANGER THAN FICTION | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |

HANDHAFAR SVARTA KORTSISNS FÁ 20% AFSLÁTT AF ALMENNU MIÐAVERÐI EF GREITT ER MEÐ KORTINU

GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM Í VIP SAL EÐA Á ÍSLENSKAR MYNDIR

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 www.SAMbio.is




**HANK AZARIA** Azaria með fyrrum eiginkonu sinni Helen Hunt.

# Leikstýrir Outsourced

Hank Azaria er í viðræðum um að taka að sér leikstjórn gamanmyndarinnar Outsourced. Þetta verður fyrsta myndin sem hann leikstýrir.

Myndin segir frá bandarískri verksmiðju sem er lokað og hún flutt til Mexíkó. Tveir verkamenn ákveða að ferðast yfir landamærin til að fá vinnuna sína aftur.

Azaria hefur áður leikstýrt stuttmyndinni Nobody´s Perfect sem kom út 2004. Nýjasta verkefni hans er kvikmyndin The Simpsons þar sem hann talar fyrir Moe, Apu og Wiggum lögreglustjóra.



**POPS** Hljómsveitin Pops ætlar að halda uppi hörkustemningu á Kringlukránni um helgina.

# Ægilega gaman

Ein þekktasta hljómsveit ´68 kynslóðarinnar, Pops, mun halda uppi stuðinu á Kringlukránni um helgina. Sveitin hefur fengið til liðs við sig frá Noregi söngvarann Eirík Hauksson sem sló rækilega í gegn með henni á síðasta ári.

Pops spilaði síðast á nýársfagnaði á Hótel Sögu við góðar undirtektir. „Það var ægilega gaman. Þetta hefur allt batnað um 30 til 40%. Eiríkur setur menn virkilega upp á tærnar,“ segir Óttar Felix Hauksson úr Pops, sem lofar hörkustemningu um helgina.

Mun sveitin á föstudags- og laugardagskvöld flytja bestu smellina með Bítlunum, Stones, Kings, Small Faces og fleiri merkum sveitum.





POPP BLÚS JAZZ SÖNGLÖG

**Tónlistarnám fyrir þig!**

tónheimar hafa þá sérstöðu að nemendur læra að spila á píanó og rafmagnsgítar eftir eyranu og bókstafshljómum. Inn í námið fléttast tón- og hljómfræði. Skemmtilegt og hagnýtt nám sem hentar fólki á öllum aldri, jafnt byrjendum sem lengra komnum.

Láttu drauminn rætast!

Vorönn tónheima hefst 15. janúar

Píanó
- Byrjendur og framhald
- 4 ára og eldri
- Unglingar
- Fullorðnir
- Eldri borgarar

Rafmagnsgítar
- Byrjendur og framhald
- 10 ára og eldri
- Unglingar
- Fullorðnir

Nýtt! Netstuðningur í námi

Skráning á www.tonheimar.is og í síma 846 8888 alla daga frá 9-18.

Spilaðu eftir eyranu
tónheimar

Tónheimar Fákafeni 9 tonheimar@tonheimar.is www.tonheimar.is








FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

## > Garðar farinn og Birkir á leiðinni

Garðar Jóhannsson kom í gær til Fredrikstad í Noregi og mun væntanlega skrifa undir nýjan samning við félagið fljótlega. Félagið hóf undirbúningstímabil sitt í gær og var Garðar með á fyrstu æfingu liðsins. Birkir Már Sævarsson, félagi Garðars hjá Val, fer svo til Noregs á mánudaginn og verður til reynslu hjá Fredrikstad. Hann var valinn efnilegasti leikmaður deildarinnar í haust eftir frábært tímabil með liði Vals í Landsbankadeild karla.



sport

sport@frettabladid.is

STÓRLEIKUR Í HÓLMINUM: ÁHUGAVERÐ RIMMA MILLI HLYNS BÆRINGSSONAR OG FANNARS ÓLAFSSONAR

# *Dómararnir leyfa okkur vonandi að kljást*

Snæfellingurinn Hlynur Bæringsson fær að glíma við Fannar Ólafsson og aðra KR-inga í toppleik Iceland Express deildar karla sem fer fram í Stykkishólmi í kvöld. „Við erum að spila um toppsætið og við ætlum okkur að vera á toppnum. Við vorum að fá nýjan mann og hann fellur afskaplega vel inn í liðið. Við erum fullir bjartsýni því við teljum okkur vera með besta lið landsins og ætlum að reyna að sýna það í dag,“ segir Fannar. Hlynur veit lítið um nýja manninn hjá KR en hann segir klárt að Snæfell ætli að gera betur en í fyrri leiknum. KR vann hann 83-79.

Hlynur og Fannar hafa mæst 11 sinnum og Hlynur hefur haft betur í einstaklingstölfræðinni en Fannar og félagar hafa hins vegar unnið átta af þessum ellefu leikjum. „Það er alltaf mjög gaman að spila á móti Fannari. Við erum báðir ekkert stútfullir af einhverjum flottum hæfileikum til þess að gera einhverjar krúsidúllur og verðum bara að gera það sem við kunnum og það er bara að setja hausinn undir okkur og vera svolítið brjálaðir. Það skemmtilegasta við að spila á móti Fannari er



að það er vel tekið á því,“ segir Hlynur sem treystir því að dómarar leiksins leyfi þeim félögum að takast aðeins á. „Ég held að þeir leyfi okkur alveg að kljást aðeins því ef ekki þá verðum við báðir foknir út af fljótlega,“ bætir Hlynur við í léttum tón.

Fannar fagnar því líka að mæta Hlyni. „Það er prælskemmtilegt að glíma við Hlyn og ég hef mjög gaman af honum. Hann er algjör nagli og stoppar ekki í eina sekúndu á vellinum,“ segir Fannar en báðir eru með það á hreinu hvað þeirra lið þurfa að gera til þess að vinna. „Það lið sem stjórnar hraðanum vinnur þennan leik. Ef við fáum að hlaupa þá verður þetta erfitt fyrir þá,“ segir Fannar en Hlynur setur fráköstin á oddinn. „Ef við náum að taka svolítið vel þátt í fráköstunum og halda hraðanum aðeins niðri og spila á okkar hraða þá tökum við þetta,“ segir Hlynur.



**RAGNAR ÓSKARSSON** Skiptir um félag í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ragnar Óskarsson:

## Fer frá Ivry til Nimes

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Ragnar Óskarsson hefur skrifað undir þriggja ára samning við franska félagið Nimes og mun hann ganga í raðir þess næsta sumar.

Ragnar hefur síðustu misseri leikið með US Ivry en þangað fór hann eftir skamma viðdvöl í Danmörku hjá Skjern. Þar áður lék Ragnar með franska félaginu Dunkerque. - hbg

Körfuboltadómarar:

## Álagið tekur sinn toll

**KÖRFUBOLTI Að minnsta kosti sex körfuboltadómarar hafa farið í speglun á hné á liðnum mánuðum og það er ljóst að gríðarlegt álag er farið að taka sinn toll. Skortur á dómurum hefur þýtt það að leikjaálagið er mikið hjá þeim sem eru virkir.**

**Tveir af fremstu dómurum landsins, Sigmundur Már Herbertsson og Rögnvaldur Hreiðarsson, eru þeir síðustu til þess að fara í speglun vegna rifins liðþófa í hné. Sigmundur Már, sem fór í speglun fyrir jól, fór aftur í gær til að láta spegla hitt hnéð. Í ljós kom að sá liðþófi var jafnvel enn verr farinn. Staðan á hinum fjórum sem fóru í samskonar aðgerð fyrr í vetur er að einn er kominn af stað á nýjan leik, tveir eru að komast af stað aftur og einn lagði flautuna á hilluna.** - óój

Valsmenn ehf:

## Styrkja kvennalið Vals

**FÓTBOLTI** Fram kemur á heimasíðu Vals að Valsmenn ehf. hafi styrkt kvennalið félagsins um 750 þúsund krónur vegna góðs árangurs síðasta sumar. Ætlast er til að féð nýtist við þátttöku liðsins í Evrópukeppni næsta sumar. Styrkurinn skiptist í þrennt, liðið fær 250 þúsund fyrir hvern titil sem það vann og svo 250 þúsund fyrir að vinna tvöfalt. Valsmenn ehf. ætla að hafa sama styrktarkomulag fyrir meistaraflokka félagsins í framtíðinni.

Valsmenn ehf. hafa einnig ákveðið að styrkja Val um 20 milljónir króna en féð á að renna til kaupa á innanstokksmunum í hinu nýja íþróttahúsi félagsins. - hbg

# Fjarvera Einars veikir landsliðið

**Einar Hólmgeirsson missir af HM í handbolta vegna meiðsla. Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari segir að fjarvera hans veiki liðið en ekki þýði að gráta missinn. Aðrar áherslur verða settar og aðrir hlaupi í skarðið.**



**ERFIÐ STAÐA** Einar Hólmgeirsson situr og fylgist með Alexander Peterson fá meðhöndlun hjá Elís Þór Rafnssyni, sjúkraþjálfara landsliðsins, vegna meiðsla í ökkla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HANDBOLTI** Eins og fram kom í gær verður Einar Hólmgeirsson ekki með íslenska landsliðinu á HM í handbolta sem hefst eftir rúmar tvær vikur í Þýskalandi. Einar meiddist í leik með Grosswallstadt og verður frá næstu þrjá mánuðina. Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari var á leið til Kaupmannahafnar frá Þýskalandi þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Landsliðið var sömuleiðis á leið til Danmerkur en liðið hefur leik á morgun á stuttu æfingamóti. Fyrsti leikur verður gegn Norðmönnum, svo Pólverjum á laugardag og Dönum á sunnudag.

„Þetta er auðvitað hrikalegt,“ sagði Alfreð aðspurður um tíðindi gærdagsins. „Hann spilaði stórt hlutverk í minni áætlun og ég bjóst við miklu af honum á þessu heimsmeistaramóti. Okkur skortir mest skyttur af níu metrunum og það er það sem hann gerir best. Einar er þannig leikmaður sem getur unnið heilu leikina fyrir okkur.“

Þar fyrir utan er annar leikmaður í sömu stöðu og Einar, fyrirliðinn Ólafur Stefánsson, tæpur vegna axlarmeiðsla.

„Það er ekki gott að segja nákvæmlega til um hann. Hann hefur þó verið að spila og hefur skánað smám saman en er ekki enn orðinn 100% góður.“

Ekkert annað stendur til boða en að leysa þessi vandamál með öðrum leikmönnum og öðrum áherslum í leik íslenska liðsins. Alexander Peterson, sem hefur reyndar einnig átt við meiðsli að stríða, og Ásgeir Örn Hallgrímsson verði að taka af skarið.

„Ásgeir hefur verið að spila mikið með Lemgo undanfarna mánuði og er það jákvætt. Þetta þýðir að við þurfum að spila einfaldlega sterkari varnarleik og fá betri markvörslu. Ásgeir getur spilað bæði í stöðu skyttu og í horni og er þar að auki orðinn mjög góður varnarmaður.“

Alfreð segir að liðið muni fyrst og fremst sakna „léttu“ markanna sem Einar getur skorað nánast fyrirvaralaust. En er þetta áfall fyrir liðið?

„Þetta er í það minnsta veiking á liðinu. Einar átti stórleik gegn Svíum í Stokkhólmi og er einmitt sá maður sem okkur vantar gegn þessum stórliðum. Hann getur skorað af löngu færi og opnað þannig varnir andstæðingsins.“

En það þýðir ekki að leggja árar í bát, segir Alfreð. „Við munum leggja aðrar áherslur í leik liðsins og aðrir leikmenn verða einfaldlega að hlaupa í skarðið.“

Alfreð hefur ætíð haldið því fram að íslenska landsliðið eigi möguleika á að ná langt í Þýskalandi. Hann segir að það hafi svo sem ekki breyst.

„Til að eiga möguleika á einu af efstu sætunum þarf megnið af liðinu að eiga algert toppmót. Við erum þegar búnir að missa Einar og Garcia og Óli eru ekki 100%. Það gæti verið erfitt fyrir okkur að fylla í þessi skörð. Markmiðssetningin hefur ekki breyst, fyrst og fremst þurfum við að klára okkar riðil í Magdeburg og lenda í einu af tveimur efstu sætunum þar. Það er auðvitað skyldumarkmið að komast áfram upp úr þeim riðli. Framhaldið yrði svo einfaldlega að koma í ljós.“

Sem fyrr segir hefst æfingamótið í Danmörku á morgun en Alfreð segir að hann ætli ekki að horfa í úrslit leikjanna og vonar að Íslendingar fyrirgefi sér það.

„Við reynum auðvitað að vinna alla leiki en það er mikilvægara að undirbúa okkur eins vel og kostur er í þessum fimm leikjum fram að móti. Ég kem til með að prófa allt mögulegt í þessum leikjum og vera með alls kyns útfærslur á okkar leikskipulagi.“

Alfreð leyfir sér þrátt fyrir allt að finna nokkra ljósa punkta á liðinu, til að mynda frammistöðu Birkis Ívars Guðmundssonar með Lübbecke síðustu vikurnar í Þýskalandi.

„Það eru mjög góð tíðindi að hann er loksins búinn að aðlagast þýsku deildinni og hann hefur varið mjög vel síðustu vikurnar. Þá er Sverre Jakobsson einnig byrjaður aftur að spila eftir meiðsli og því er ég mjög bjartsýnn á að við getum leikið mjög góðan varnarleik og boðið upp á góða markvörslu. Þá koma hraðaupphlaupin í kjölfarið og þannig gætum við hugsanlega unnið upp önnur vandræði.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Javier Mascherano vill fara en Yossi Benayoun ætlar að vera áfram:

# Mascherano vill ólmur fara frá West Ham

**FÓTBOLTI** Argentínski miðjumaðurinn Javier Mascherano hefur látið hafa eftir sér að hann vilji ólmur fara frá West Ham í janúar, á meðan félagaskiptaglugginn er opinn.

West Ham hefur gengið skelfilega á tímabilinu og hefur það lítið skánað síðan Björgólfur Guðmundsson og Eggert Magnússon keyptu félagið. Tveir sigrar hafa unnist en nú síðast tapaði liðið illa fyrir nýliðum Reading, 6-0.

Eggert hefur einnig skipt um þjálfara og undir stjórn Alans Curbishley hefur Mascherano ekkert fengið að spila. Það er reyndar áhugavert að í þeim sjö leikjum sem Mascherano hefur komið við sögu hefur West Ham ekki tekist að skora eitt einasta mark. Síðast kom hann við sögu í leik gegn Everton þar sem hann kom inn á sem varamaður á 84. mínútu.

„Ég verð að fara,“ sagði hann við spænska dagblaðið Equipo. „Ég get ekki verið hérna og staðið í stað. Ekki á þessu stigi ferils míns,“ sagði Mascherano sem er 22 ára gamall.

Liverpool hefur sýnt honum áhuga sem og Real Zaragoza á Spáni. Þar leika bræðurnir Diego og Gabriel Milito sem eru einnig argentínskir.

„Það væri frábært ef hann kæmi til Zaragoza. Hann er frábær alhliða leikmaður,“ sagði Gabriel Milito.

Annað miðjumaður hjá West Ham, Ísraelinn Yossi Benayoun, segir ekkert hæft í þeim fregnum að hann sé á leið frá West Ham.

„Ég er ánægður hjá West Ham og ætla mér að vera áfram hér,“ sagði hann og bjóst við því að liðið kæmist senn á réttan kjöl. „Það eru aðeins tveir sigurleikir frá öruggu sæti og ég er handviss um að næstu leikir munu skera úr um framtíð okkar. Við erum með gott lið en höfum átt erfitt uppdráttar. Ég trúi því hins vegar að þetta muni ganga upp hjá okkur.“ - esá



**Á ÆFINGU** Javier Mascherano hefur ekkert fengið að spreyta sig með West Ham undir stjórn Alan Curbishley. NORDIC PHOTOS/GETTY

José Mourinho er meistari sálfræðihernaðarins:

# United ætti að vera með stærra forskot

**FÓTBOLTI** Fáir eru betri en José Mourinho, stjóri Englandsmeistara Chelsea, þegar kemur að sálfræðihernaðinum í þeirri orrahríð sem ríkir í enskum fjölmiðlum. Chelsea hefur átt í miklum vandræðum undanfarið og er nú sex stigum á eftir Manchester United sem er í efsta sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

„Miðað við þau vandamál sem við höfum átt við að glíma undanfarið ætti forskot United að vera 10, 12 eða 14 stig. Að mínu mati nýtti liðið sér ekki okkar veikleikastundir.“

Petr Cech markvörður og John Terry fyrirliði hafa verið fjarverandi vegna meiðsla og hefur liðið fengið á sig mörg mörk í fjarveru þeirra. Terry mun verða klár í slaginn í næsta leik liðsins og Cech síðar í mánuðinum. Þá er einnig stutt í Arjen Robben.

„Sex stig eru ekki neitt. Á síðustu tímabilum höfum við snemma náð 11 eða 12 stiga forskoti og svo gert út um deildina fyrir jól,“ sagði Mourinho enn frekar.

„Manchester United hefur tapað fimm stigum gegn Newcastle og West Ham og ætti bilið að vera orðið stærra. Nú horfum við fram á síðari hluta tímabilsins þar sem við ættum að njóta þess að fá einhverja leikmenn aftur klára í slaginn.“

Mourinho varð þó fyrir ákveðnu bakslagi gegn Aston Villa á þriðjudagskvöldið er Khalid Boulahrouz meiddist á hné og verður hann frá í fjórar til sex vikur. Þá verður annar varnarmaður, Ricardo Carvalho, í banni er Chelsea mætir Wycombe í undanúrslitum deildarbikarkeppninnar vegna fimm gulra spjalda. - esá



**MOURINHO** Reynir að finna snögga bletti á andstæðingnum við hvert tækifæri. NORDIC PHOTOS/GETTY



**BECKHAM** Hvetur hér sína menn áfram í leik með Real Madrid. NORDIC PHOTOS/GETTY

David Beckham:

## Ræðir um nýjan samning

**FÓTBOLTI Svo gæti farið að David Beckham verði um kyrrt í herbúðum Real Madrid. Mikið hefur verið rætt og ritað um framtíð Beckhams en samningur hans við félagið rennur út í sumar og hefur hann hingað til neitað að skrifa undir nýjan samning.**

**Talsmaður hans sagði hins vegar við fréttastofu BBC að Real væri tilbúið að bjóða Beckham nýjan tveggja ára samning á betri kjörum en hann er á nú. Beckham hefur verið orðaður við Barcelona, West Ham, Manchester United og fjölda annarra liða.** - esá

Iceland Express deild karla:

## KR mun ekki kæra Thomas

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar gáfu það út á heimasíðu sinni í gær að þeir ætluðu ekki að kæra Stephen Thomas, bandarískan leikmann Grindavíkur, sem gaf Fannari Ólafssyni olnbogaskot í leik liðanna á dögunum.

Thomas lét olnbogann vaða í Fannar þegar þeir voru á leið upp völlinn. Dómarar leiksins misstu af atvikinu sem hefur verið aðgengilegt í myndbandsbroti á heimasíðu KR-inga.

Í samtali við umrædda heimasíðu KR sagði Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, að stjórn deildarinnar vonaðist til að Grindvíkingar tækju á málinu. - óój



**PAT RILEY** Á leið undir hnífinn.

Þjálfaraskipti hjá Miami Heat:

## Pat Riley á leið í aðgerð

**KÖRFUBOLTI Pat Riley, þjálfari NBA-meistara Miami Heat, er á leið í leyfi þar sem hann verður að leggjast undir hnífinn. Riley er með slæmt hægra hné og ekki er mjöðmin mikið skárri, þess vegna þarf hann að fara í aðgerð.**

**Aðstoðarmaður Rileys, Ron Rothstein, mun leysa hann af á meðan hann jafnar sig en óvíst er hversu lengi Riley verður frá störfum.**

**Miami hefur ekki byrjað tímabilið vel og er ekki með sæti í úrslitakeppninni sem stendur.** - hbg



## > Robert Carlyle

Fæddist í Glasgow 14. apríl 1961 og ólst upp hjá föður sínum. Carlyle skaust jafnhratt til frægðar og hann fækkaði fötunum í myndinni The Full Monty, þar sem hann lék atvinnulausan mann sem brá á það ráð að gerast karlstrippari. Hann hafði áður vakið verðskuldaða athygli með hlutverki sínu í Trainspotting og hefur síðan leikið í fjölda mynda. Carlyle fer með hlutverk lögreglumanns í Skólafélögum, sem Sjónvarpið sýnir fyrri hlutann af í kvöld.



# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINI SIGURÐSSYNI ER ENN OG AFTUR BJARGAÐ AF BBC

## *Skrifstofuteiti og tímaflakk*

Áður hef ég lýst mig handgenginn fjölvarpinu og er orðinn enn staðfastari eftir hátíðarnar þar sem hver hörmungin á fætur annarri rak á dagskrá innlendu stöðvanna. Kvölddagskrá BBC Prime er oftar en ekki framúrskarandi þar sem þeir nota tækifærið til að endursýna gamanþætti úr sínum ranni, sem margir hverjir eru með því besta sem hefur sést á skjánum. Má þar nefna þætti á borð við Little Britain og League of Gentlemen. Í Sjónvarpinu var Hrafn Gunnlaugsson með sýnikennslu í peningasóun sem nefndist Myrkvahöfðinginn þegar ég tók á rás, ef svo má að orði komast. Og viti menn, á BBC Prime var verið að endursýna báða jólaþætti The Office, hreinræktað meistaraverk; fullkominn lokahnútur á fullkomna seríu. Mikil var gleði mín, eins og þið getið rétt ímyndað ykkur, og ekki var hún minni kvöldið eftir þegar ég rambaði á jólaútgáfu Blackadder, Back and Forth, sem ég hafði merkilegt nokk ekki séð áður. Blackadder blæs til veislu í tilefni aldamótanna þegar Baldrick fær einn eina af sínum alræmdu lúmsku hugmyndum til að hafa gestina að féþúfu; þeir félagar veðja að þeir geti ferðast um tíma, smíða tímavél og flakka fram og til baka um aldirnar og safna hinum og þessum dýrgripum því til sönnunar en átta sig ekki á að af litlum gárum verða stundum stórar öldur.

Á Sirkus virðast menn hafa blætiskenndan áhuga á endursýningum; hvað um að endursýna Blackadder eins og hann leggur sig?



ROWAN ATKINSON SEM BLACKADDER

## EKKI MISSA AF



**00.15** Bad Boys 2 STÖÐ 2



▶ **14.00** Hárið STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.45** NFL SÝN



**20.00** Þrumuskot SKJÁR SPORT



▶ **22.00** House SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.30 Ístölt Austurland 2006** Þáttur um mótið sem var haldið í blíðskaparveðri á Eiðavatni þann 25. febrúar í fyrra. Umsjón: Ásgrímur Ingi Arngrímsson. Dagskrárgerð: HS myndatökur. e.

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Stebbi strútur (7:13)** Finnskur teiknimyndaflokkur um strútinn Stebba og Emmu vinkonu hans.

**18.40 Skorað með drottningunni**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Lífsmörk (1:6)** (Vital Signs) Breskur myndaflokkur.

**21.05 Lithvörf (1:12)** Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Í fyrsta þættinum er sagt frá Gunnlaugi St. Gíslasyni.

**21.15 Sporlaust (5:24)** (Without a Trace IV) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Króníkan (22:22)** (Krøniken) Lokaþátturinn endursýndur.

**23.25 Skólafélagar (1:2)** (Class of '76) Bresk spennumynd í tveimur hlutum frá 2005. Lögreglumaðurinn Tom Monroe rannsakar röð dularfullra dauðsfalla og rekur slóðina aftur til gamalla skólafélaga sinna.

**0.35 Kastljós**

▶ **1.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Hair** (Hárið)

**8.05 Race to Space** (Kapp út í geim)

**10.00 Not Without My Daughter (e)** (Aldrei án dóttur minnar)

**12.00 Hackers** (Tölvuþrjótar)

▶ **14.00 Hair** (Hárið)

**16.05 Race to Space** (Kapp út í geim)

**18.00 Not Without My Daughter (e)** (Aldrei án dóttur minnar)

**20.00 Hackers** (Tölvuþrjótar)

**22.00 Hard Cash** (Illa fengið fé)

**0.00** From Dusk Till Dawn 2: Texas

**2.00 Dog Soldiers** (Hermenn og varúlfar) Stranglega bönnuð börnum.

**4.00 Hard Cash** (Illa fengið fé)

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**

**9.00 Bold and the Beautiful** (Glæstar vonir) Leyfð öllum aldurshópum.

**9.20 Í fínu formi 2005** (Í fínu formi 2005)

**9.35 Martha** („Best Of" Show) Nýir spjallþættir með fjölmiðla- og athafnakonunni vinsælu Mörthu Stewart. Í þættinum fær Martha til sín góða gesti, gefur húsráð og sýnir sniðugar lausnir í eldhúsinu.

**10.20 Ísland í bítið (e)**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.40 Neighbours** (Nágrannar) Þessi ástralska sápuópera hefur verið ein sú vinsælasta í heiminum í aldarfjórðung enda engin lognmolla hjá fjölskyldunum í Ramsay-götu.

**13.05 Valentína** (My Sweet Fat Valentina)

**13.50 Valentína** (My Sweet Fat Valentina)

**14.35 What Not To Wear (4:5)** (Druslur dressaðar upp)

**15.35 Two and a Half Men (13:24)** (Tveir og hálfur maður)

**15.55 Skrímslaspilið**

**16.18 Ofurhundurinn**

**16.38 Tasmanía** (Taz-Mania)

**17.03 Myrkfælnu draugarnir (29:90) (e)** (Three Little Ghosts)

**17.18 Doddi litli og Eyrnastór** (Noddy)

**17.28 Bold and the Beautiful** (Glæstar vonir)

**17.53 Neighbours** (Nágrannar)

**18.18 Íþróttir og veður**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 Búbbarnir (20:21)**

**20.05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**.

**21.10 Prime Supspect - the final act** (1:12)

**22.45 The Closer (7:15)** (Málalok)

**23.30 Grey´s Anatomy (27:36)** (Læknalíf)

▶ **0.15 Bad Boys II** (Pörupiltar 2)

**2.40 The Unit (3:13)**

**3.25 Two and a Half Men (13:24)**

**3.45 Ísland í bítið e**

**5.20 Fréttir og Ísland í dag**

**6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

**18.00 Insider (e)** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Seinfeld (6:24)** Á meðan Kramer kemur gömlu sviðsmyndinni úr spjallþáttum Mervs Griffin fyrir í íbúðinni sinni leggur Jerry á ráðin um að komast yfir gömul gull sem eru falin í fataskápnum hjá vinkonu hans.

**20.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist og tísku.

**20.30 Four Kings**

**21.00 The Player** 13 karlmenn berjast um hylli ofurskutlunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari. Stjórnandi keppendanna er Boston Rob sem eflaust margir muna eftir úr Amzing Race og Survivor.

**22.00 Chappelle´s Show 1**

**22.30 X-Files** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.

**23.15 Insider**

**23.40 Vanished (10:13) (e)** (Vanished)

**0.30 Seinfeld (6:24) (e)**

**0.55 Entertainment Tonight (e)**

**1.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**8.00 Rachael Ray (e)**

**8.55 Toppskífan (e)**

**14.50 Will & Grace (e)**

**15.20 Will & Grace (e)**

**15.50 Love, Inc. (e)**

**16.20 Beverly Hills 90210**

**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir.

**18.00 Will & Grace**

**18.30 Will & Grace**

**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**

**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóels-son fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 The Office**

**20.30 Venni Páer** Ný, íslensk gamansería þar sem ýmsir kostulegir karakterar koma við sögu. Venni Páer er einkaþjálfari sem hefur það takmark að koma hinni einu sönnu og réttu leið varðandi heilsurækt til skila. Honum til halds og traust er hans dyggi og eini kúnni, Bjössi.

**21.00 The King of Queens** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans.

**21.30 Still Standing** Bandarísk gamansería um hina skrautlegu Miller-fjölskyldu. Linda verður tíkarleg við kærastann eftir að kötturinn hennar deyr.

▶ **22.00 House - NÝTT** Læknadrama af bestu gerð um hinn skapstygga, fúla en jafnframt frábæra lækni Gregory House. Hann fer fyrir hópi ungra sérfræðinga sem rannsaka læknisfræðilegar ráðgátur.

**23.00 Everybody Loves Raymond**

**23.30 Jay Leno**

**0.20 America's Next Top Model VI (e)**

**1.20 Beverly Hills 90210 (e)**

## SKJÁR SPORT

**14.00 Man. City - Everton (frá 1. jan)**

**16.00 Portsmouth - Tottenham (frá 1. jan)**

**18.00 Newcastle - Man. Utd. (frá 1. jan) (e)**

▶ **20.00 Þrumuskot (e) 21.00 Liverpool - Bolton (frá 1. jan)**

**23.00 Reading - West Ham (frá 1. jan)**

**1.00 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

### Á STÖÐ 2 KL. 21.10

### Djöfull í mannsmynd – lokahluti



Fyrri hlutinn af tveimur í sjöundu röð og síðustu mynd sakamálamyndaraðarinnar Prime Suspect, sem hefur verið tilnefnd til Golden Globe-verðlauna, er afhent verða síðar í mánuðinum. Helen Mirren er í hlutverki umdeilda lögregluvarðstjórans Jane Tennison, sem fær aðeins til rannsóknar þau morðmál sem þykja hvað óhugnanlegust og flóknust til úrlausnar. Starfslokin nálgast hjá Tennison þegar hún fær til rannsóknar hrottafengið morð á fjórtán ára gamalli stúlku sem hafði áður verið týnd um allnokkuð skeið. Morðrannsóknin gengur hins vegar ekki sem skyldi, bæði vegna þess hve flókið málið virðist vera og vegna persónulegra vandamála Tennison en hún á við sívaxandi áfengisvandamál að stríða. Leikstjóri: Philip Martin.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ HOUSE SKJÁR EINN KL 22.00



Læknirinn geðvondi snýr loks aftur á skjáinn: önnur þáttaröðin um fautann House hefur göngu sína á Skjá einum í kvöld. Í síðasta þætti kom fyrrverandi sambýliskona House, Stacy, inn í myndina þegar House tók eiginmann hennar til meðferðar. Þættinum lauk á því að Stacy hóf störf á spítalanum, og verður samband þeirra House væntanlega í forgrunni í kvöld. Þættirnir um House eru margverðlaunaðir og hlaut Hugh Laurie meðal annars Golden Globe verðlaunin fyrir leik sinn í fyrra, en hann er aftur tilnefndur í ár.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Fjallkirkjan
**23.10** Hlaupanótan
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.00 FA Cup Season Preview Show 2007** (FA Cup Season Preview Show 2007) Upphitunarþáttur fyrir ensku bikarkeppnina sem er elsta knattspyrnukeppni í heiminum. Keppnin er nú að verða spennandi þar sem komið er fram í 3. umferð en þar bætast úrvalsdeildarliðin í hóp þeirra lægra skrifuðu.

**18.30 Presidents Cup 2007 - Official Film** (Inside the PGA Tour 2007) Inside the PGA tour er frábær þáttur þar sem golfáhugafólk færi tækifæri til þess að kynnast betur kylfingunum á bandarísku PGA-mótaröðinni. Fylgst er með gangi mála á mótaröðinni, viðtöl við kylfinga auk þess sem þeir gefa áhorfendum góð ráð.

**18.55 Pro bull riding** (Dallas, TX - Frito-Lay Invitational) Nautareið er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir.

**19.50 Bestu bikarmörkin**

**20.45 FA Cup - Preview Show**

**21.15 Football Icons** (Football Icons)

**22.10 Kraftasport** (Íslandsmót Hálandaleikar 2006)

▶**22.45 Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum, sem er vinsælasta sjónvarpsíþróttin í Bandaríkjunum.

**23.15 Bestu bikarmörkin** (Tottenham Hotspur Greatest Goals) Þáttur þar sem fallegustu mörk leikmanna Tottenham Hotspur í ensku bikarkeppninni.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Urt **12.20** Mik Schacks Hjemmeservice **12.50** Hvad er det værd **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Liga DK **16.00** Frikvarter **16.20** Candy Floss **16.35** Lovens vogtere **17.00** Fandango med Rebecca **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Rabatten **19.00** Uventet besøg **19.30** Desperate boligdrømme **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Gnavne gamle mænd **22.40** Waking the Dead **0.20** Ørnen

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Lunsjtrav **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Östfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Zombie hotell **15.00** Siste nytt **15.03** Nødlanding **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** V-cup **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Bosse **17.10** Gnottene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 80-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Ørnen **21.30** Norsk humor **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Urix **22.45** Presidenten **23.25** Casanova

## SVT 1

**11.05** Argument **13.55** Anslagstavlan **14.00** Mitt i naturen **14.30** Packat & klart **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.45** Sagoträdet **17.00** Max och Ruby **17.25** Stora maskiner **17.30** Expedition vildmark **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Landgång **19.30** Söderlund & Bie **20.00** Planeten **21.00** Oligarkernas uppgång **21.50** Rapport **22.00** Kulturnyheterna **22.10** Uppdrag Granskning **23.10** Entourage **23.40** Bingo Royale **0.25** Sändning från SVT24




HRÓSIÐ ...



...Stefán Eiríksson, nýskipaður lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, fyrir að gera löggæsluna sýnilegri með eftirlitsgöngu sinni um miðbæ Reykjavíkur.

# Hilmir Snær í ryskingum á Ölstofunni

Leikarinn Hilmir Snær Guðnason lenti í ryskingum á Ölstofu Kormáks og Skjaldar við dyravörð seint á föstudagskvöld. Hilmir Snær, sem er í hópi tryggra fastakúnna Ölstofunnar, kvaðst ekki mikið laskaður þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær, en staðfesti að dyravörður hefði átt hlut að máli. „Já, það var eitthvað svoleiðis,“ sagði Hilmir sem vildi ekki ræða málið frekar.

Samkvæmt bókun hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var óskað eftir aðstoð lögreglu vegna slagsmála á staðnum um hálf sex að morgni laugardags. Kormákur Geirharðsson, einn eigenda staðarins, kvaðst þó ekki kannast við það. „Nei, ekki heyrði ég söguna þannig,“ sagði hann. Hann staðfesti þó að til ryskinga hefði komið milli dyravarðar og Hilmis Snæs.

„Það var dyravörður sem við fengum að láni annars staðar frá og sem kemur aldrei nálægt okkur aftur,“ sagði Kormákur. „Hann heldur að dyravarðarstarfið sé lögreglustarf, eða hermannastarf eða eitthvað,“ sagði Kormákur. Hann sagði deiluna þó ekki hafa verið alvarlega. „Nei, nei. Hilmir Snær er vanur að koma þarna á staðinn og þessi maður þekkti hann ekki. Hann hélt að hann réði, dyravörðurinn, en við erum frekar þekktir fyrir að láta þá ekki stjórna staðnum heldur stjórnar staðurinn þeim,“ sagði Kormákur.

Að sögn Kormáks eru allir sáttir í dag. „Nema dyravörðurinn, hann má vera ósáttur úti í hinum stóra heimi og leika sína stríðsleiki þar,“ sagði hann. - sun



Í HEILU LAGI Hilmir Snær kvaðst ekki vera mikið laskaður þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær.

DYRAVERÐI VÍSAÐ Á DYR Kormákur Geirharðsson sagði dyravörðinn sem lenti í ryskingum við Hilmi Snæ aldrei koma nálægt Ölstofunni aftur.



LÁRÉTT **2** jurt **6** kusk **8** umfram **9** svelg **11** slá **12** hnappa **14** minnispunktur **16** nafnorð **17** lítill sopi **18** erlendis **20** í röð **21** sjúkdómur.
LÓÐRÉTT **1** skoðun **3** guð **4** nískupúki **5** hallandi **7** æðibunugangs **10** hár **13** stórt fiskinet **15** auma **16** nudda **19** ryk.

LAUSN
LÁRÉTT: 2 gras, 6 ló, 8 auk, 9 iðu, 11 rá, 12 talna, 14 glósa, 16 no, 17 tár, 18 úti, 20 lm, 21 asmi.
LÓÐRÉTT: 1 álit, 3 ra, 4 aurasál, 5 ská, 7 óðagots, 10 ull, 13 nót, 15 arma, 16 núa, 19 im.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Grand Rapids í Michigan.
2. Andri Freyr Viðarsson
3. Einar Hólmgeirsson.

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

KOSTNAÐUR VIÐ ÁRAMÓTASKAUP: TALINN NEMA FJÖRUTÍU MILLJÓNUM

# Skaupið er dýrt spaug

„Kostnaður við Skaupið er ekki gefinn upp enda viðskiptaleyndarmál og trúnaðarupplýsingar,“ svarar Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sjónvarpsins, aðspurður hvort hann gæti staðfest að nýliðið Skaup væri eitt það dýrasta í fjörutíu ára sögu Sjónvarpsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er kostnaðurinn við það talinn nema fjörutíu milljónum. Bjarni segir það einfaldlega rangt og áréttar að kostnaðurinn verði ekki gefinn upp.

„Hins vegar er ekkert leyndarmál og það er á flestra vitorði að leikið íslenskt efni er dýrt en um leið ákaflega þakklátt,“ bætir framkvæmdastjórinn við.

Samkvæmt frétt sem birtist fyrir ári á síðum DV var kostnaðurinn við Skaupið þá tuttugu milljónir en leikstjóri þess var Edda Björgvinsdóttir. Ef heimildir Fréttablaðsins reynast réttar þýðir það að kostnaðurinn hefur tvöfaldast á milli ára. Bjarni neitar hins vegar að gefa upp kostnaðinn.

Bjarni sagðist hafa fengið mjög góð viðbrögð við Skaupinu en eðlilega væru skiptar skoðanir um það. „Við fórum nýja leið að þessu sinni og reyndum að hafa Skaupið framsæknara en áður,“ segir Bjarni. Hann upplýsir að Skaupið verði endursýnt á þrettándanum á besta tíma, klukkan 19:40. Þetta mun einungis vera í annað sinn sem sá háttur er hafður á. Skaupið var einnig aðgengilegt á vef Ríkisútvarpsins í þrjá daga eftir frumsýningu.

Snorri Þórisson, eigandi Pegasus sem framleiddi Skaupið fyrir RÚV, segir að Ríkisútvarpið hafi keypt réttinn á Skaupinu og geti sýnt það hvenær sem er. Hann upplýsir að aldrei hafi fleiri leikarar tekið þátt í gerð Skaupsins en meðal leikara þykja það mikil uppgrip að komast í Skaupið. „Við vildum nýta þá sem mest enda mjög knappur tími til undirbúnings,“ segir Snorri sem kvaðst ánægður með störf lærisveinsins Reynis Lyngdal, leikstjóra Skaupsins. „Almennt sýnist mér þetta hafa heppnast vel, ég hef í það minnsta ekki fengið neina haturspósta,“ segir Snorri og hlær. Snorri vildi hins vegar ekki staðfesta að fjörutíu milljónir væri rétt tala og vísaði á framkvæmdastjóra Ríkissjónvarpsins.

freyrgigja@frettabladid.is



SKAUPIÐ Halla Vilhjálmsdóttir var ein þeirra sem léku í nýliðnu Skaupi.



BJARNI GUÐMUNDSSON Segir kostnaðinn við Skaupið ekki vera fjörutíu milljónir, upphæðin sé hins vegar trúnaðarmál.



SNORRI ÞÓRISSON Er ánægður með störf Reynis Lyngdal sem leikstýrði Skaupinu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Sigrún Ósk Kristjánsdóttir**, fyrrum sjónvarpskona og núverandi nemi á Bifröst, er farin til Indlands þar sem hún hyggst dveljast sem skiptinemi í hálft ár. Dvölin hófst ekki alveg eins og Sigrún hafði ráðgert því aldrei áður hafa skiptinemar komið í skólann hennar og tveir mánuðir eru liðnir af önninni. Erfiðlega hefur gengið að finna stað til að búa á, enda er heimavistin löngu full, og henni var gert að velja sér fög þegar hún kom fyrst í skólann, þrátt fyrir að hafa gert það að heiman fyrir löngu. Sigrún lætur þetta þó ekki buga sig og skrifar á heimasíðu vinkonuhóps síns að hún hafi fengið góðan mat og skellt sér í lúxusfótsnyrtingu auk þess sem hún hafi lesið góðar bætur. Betri tímar hljóta að vera í vændum.



Gríðarlegar hrókeringar eru nú innan fjölmiðlaheimsins og allt þar á fleygiferð. Þrálátur orðrómur er uppi um að **Sigurði G. Guðjónssyni** verði falin stjórn ljósvakahluta 365. Sigurður er í sérkennilegri stöðu verandi í hópi eigenda Blaðsins, og þar með í félagi með Árvakri og svo í samstarfi við Hjálm, sem er í eigu Baugs, um tímaritaútgáfuna Birting. Að auki mun Sigurður, í nafni hins íslenska útvarpsfélags, hafa selt 365 útvarpsstöðvarnar KissFm og X-Fm. Og til eru þeir sem halda því staðfastlega fram að í ónefndri skúffu liggi undirritaður samningur um kaup 365 á Skjá einum og verði hann dreginn fram um leið og RÚV-frumvarpið verður keyrt í gegnum þingið. Því fari svo að RÚV fái hér yfirburðastöðu í krafti þess frumvarps sé Samkeppnisstofnun ómögulegt að fetta fingur út í samruna sjónvarpsstöðva.



- hdm/jbg

# Árni rúllar grjótinu til Íslands

Martin Scorsese vinnur þessi dægrin að gerð heimildarmyndar um A Bigger Bang tónleikaferð bresku hljómsveitarinnar Rolling Stones sem lagði upp í þennan risatúr á síðasta ári. Eins og gengur og gerist með öll verk leikstjórans ríkir nú þegar mikil eftirvænting eftir myndinni sem hefur ekki einu sinni fengið nafn.

Bíókóngurinn Árni Samúelsson náði óvænt samningum um dreifingu myndarinnar á Íslandi fyrir jól. Hann er að vonum kampakátur enda bítast dreifingaraðilar úti um víða veröld um dreifingarréttinn en Árni mun sýna myndina í október á þessu ári.

„Þetta er funheitt verkefni og ég notaði kunningsskap og vesen til þess að loka þessum samningi,“ segir Árni sem tryggði sér sýningarréttinn þegar hann fór til Los Angeles í desember.

„Þeir voru nú ekkert farnir að huga að Íslandi en okkur tókst að komast inn í röðina og ná þessu.“ Steve Bing, milljarðamæringur og barnsfaðir leikkonunnar Elizabeth Hurley, framleiðir myndina en Árni segir hann mikinn Stones-aðdáanda og hann hafi því hvergi sparað við gerð myndarinnar.

„Stones eru stórmerkileg hljómsveit og það er merkilegt hversu mikllar velgegni hún nýtur enn þrátt fyrir háan aldur meðlima en ég held að þessi túr þeirra sé orðinn sá tekjuhæsti í tónlistarsögunni. Það hefur verið mikið rætt um að fá þá til Íslands en ég hallast að því að það muni ekki verða af því úr þessu þannig að það er gaman að því að geta í það minnsta flutt þá til landsins á filmu,“ segir Árni sem ætlar að spila Stones á fullum krafti í stafrænum hljómgæðum í kvikmyndasölum sínum síðar á árinu.“

Árni er mikill aðdáandi Scorsese sem eykur enn á ánægju hans með samninginn en hann spáir leikstjóranum Óskarsverðlaunum fyrir glæpamyndina The Departed. „Hann hlýtur að fá þetta núna. Gangi Akadamían fram hjá honum eina ferðina enn er tilefni til að grípa til aðgerða.“ - þþ



ÁRNI SAMÚELSSON Sneri vígriefur heim frá Los Angeles í desember með sýningarréttinn á næstu mynd Martins Scorsese.



MICK JAGGER Bíókóngurinn kann vel að meta Jagger og félaga hans í Stones og ætlar að skrúfa græjurnar í bíóhúsum sínum í botn þegar hann sýnir heimildarmyndina um þá í október.

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

## Stærsta útsala ársins!

Komdu í Outlet 10 og gerðu reifarakaup

SPARAÐU!

DÖMUFATNAÐUR
HERRAFATNAÐUR
BARNAFATNAÐUR

## Hreint ótrúleg verð

Buxur, peysur, skyrtur, bolir, blússur, dragtir, jakkaföt, pils, nærföt og sokkar

LEGO

Levi's
LEVI STRAUSS & CO.

DOCKERS
SAN FRANCISCO

DAY
BIRGER et MIKKELSEN

Verð frá
99 KR

ÖLL MERKIN
Á EINUM STAÐ

Faxafeni 10

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR

DR. GUNNA

# Ríkukallatyggjó

Þegar ég var á barnsaldri fór allur vasapeningurinn í svokallað fótboltatyggjó. Þetta voru þunnar og stökkar tyggjóplötur sem brotnuðu í marga mola uppi í manni. Tyggjóið sjálft skipti þó litlu heldur þrjú spjöld sem fylgdu hverjum pakka. Á hverju spjaldi var mynd af fótboltakarli úr ensku knattspyrnunni og aftan á spjaldinu voru upplýsingar um feril hans og afrek.

**ÞAÐ** var sama hvað ég eyddi í tyggjóið, aldrei fann ég það sem ég leitaði að. Alltaf komu sömu karlarnir upp úr pökkunum, eintómir imbar úr Ipswich eða lúðar hjá Leicester. Að lokum gafst ég upp, en ég hefði snarlega selt bæði ömmu mína og afa fyrir Kevin Keegan.

**EKKI** hef ég hugmynd um hvernig staðan á krakkatyggjótískunni er í dag. Líklega er ekkert svona í gangi. Ég er því með dúndurhugmynd fyrir orkumikil athafnaskáld á nýja árinu: Ríkukallatyggjó.

**EINS** og allir vita er ekkert merkilegra í dag en að vera ríkur kall. Við heyrum af ævintýrum ríku kallanna í fréttum; að ríku kallarnir hjá Fons hafi keypt ráðandi hlut í Spons og nú heiti DD group það ekki lengur heldur Dragsúgur. Merkilegast af öllu er hvaða ríkur kall á hvað og hvað hann græddi mikið á fyrsta ársfjórðungi ársins.

**EN** ríku kallarnir eru alltof mikið í móðu. Hverjir eru þeir, hvaðan koma þeir, hvert fara þeir? Hver er vinur hvers og hver á hvað? Með ríkukallatyggjóinu léttir móðunni. Á hverju spjaldi er mynd af brosandi vatnsgreiddum ríkum kalli í keppnisjakkafötunum sínum. Aftan á spjaldinu sést hvaða liði hann tilheyrir. Er hann í Fons eða Dragsúgi? Afrek hans og eignir eru tíunduð. Hvenær græddi hann mest á einu bretti? Hvaða tegund af Hummer á hann, á hann einkaþotu? Hver er flippaðasta fjárfestingin í góðgerðarsamsæti? Á hann fjölmiðil? Kvóta? Er hann nýríkur eða kolkrabbi?

**MEÐ** þessu læra börnin á auðveldan og skemmilegan hátt hvað er það eftirsóknarverðasta í lífinu. Þau geta byrja að halda með auðhringum og fá almennilegar fyrirmyndir, mun betri en drykkfellda fótboltamenn sem eru orðnir gagnslaus skör um fertugt.

**ÞRJÚ** ríkukallaspjöld koma saman í pakka. Og eins og í fótboltatyggjóbransanum verður erfiðast að fá Kevina Keegana fjármálageirans. Krakkarnir sitja uppi með alls konar minni fjárfesta og ekkert svo æðislega ríka kalla þar til þeir detta í lukkupottinn og fá Björgólf eða Jón Ásgeir.

**PÖKKUNUM** fylgir auðvitað tyggjó. Það verður ógeðslega súrt.


ADSL plús

Við förum hraðar á lægra verði

ADSL plús er ný leið til að fá meiri hraða og afkastagetu á netinu án þess að auka kostnað.

| Hraði | Gagnamagn | Verð | Hámark |
|---|---|---|---|
| 1 Mb/s | 1 GB | 2.990 kr. | 6.725 kr. |
| 6 Mb/s | 2 GB | 3.990 kr. | 6.480 kr. |
| 8 Mb/s | ótakmarkað | 4.990 kr. | 4.990 kr. |
| 12 Mb/s | ótakmarkað | 5.990 kr. | 5.990 kr. |

Greitt er fyrir umfram gagnamagn að verðþaki. Fylgstu með notkun þinni á **www.vodafone.is.**
Stofngjald er 6.000 kr. Ekkert stofngjald ef gerður er 12 mánaða samningur.
Hraði ADSL tengingar getur verið háður vegalengd frá næsta ADSL tengipunkti.

**Komdu í næstu Vodafone verslun, smelltu þér á www.vodafone.is eða hringdu í 1414 til að fá nánari upplýsingar.**

vodafone

ÓKEYPIS ÍSETNING

Pioneer – fyrsta flokks bíltæki



Pioneer **DEH-1800**
4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • **Verð 17.900.-**



*iPod tengi / DAB tengi*

Pioneer **DEHP-5800MP - Spilar MP3/WMA/WAV**
Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari • EEQ forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangar • Snúningstakki • **Verð 32.900.-**

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 Sími 530 2800
SMÁRALIND Sími 530 2900
KEFLAVÍK Sími 421 1535
AKUREYRI Sími 461 5000